


skoðun 18

**Tiger vill byrja upp á nýtt**

*Tiger Woods vill gifta sig að nýju og nú fyrrum hjákonu sinni.*

fólk 32



SÉRBLAÐ í Fréttablaðinu

Allt





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

4. ágúst 2010 — 180. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Pólitískt stúdentablað**

*Auður Alfífa, nýr ritstjóri Stúdentablaðsins, ætlar að gera pólitískt blað.*

fólk 42

**Kraftur í Dalvík**

*Fiskidagurinn mikli haldinn í tíunda sinn.*

tímamót 24



**Ótrúlegur sigurvegari**

*Tryggvi Guðmundsson hefur tekið þátt í 104 sigurleikjum síðustu níu tímabil á Íslandi.*

sport 36

**veðrið í dag**




**LÉTTIR TIL SUNNANLANDS** en norðan og austan til verður lítilsháttar úrkoma sem fer minnkandi þegar á daginn líður. Hiti verður á bilinu 10 til 20 stig.

VEÐUR 4

# Hveiti hækkar matvælaverð

**Mikil hækkun á heimsmarkaðsverði á hveiti mun fljótlega skila sér í íslensku matarkörfuna. Hækkunin er sú örasta í 37 ár og hefur áhrif á verð flestra matvæla. „Óheppilegt ofan í kreppuna," segir korninnflytjandi.**

**NEYTENDAMÁL** Heimsmarkaðsverð á hveiti hefur hækkað um fimmtíu prósent á rúmum mánuði vegna uppskerubrests í Evrópu og gríðarlegra þurrka og skógarelda í Rússlandi. Útlit er fyrir að hækkunarinnar muni sjá stað í matvælaverði hérlendis innan mánaðar.

Hækkunin á hveitiverðinu er sú örasta síðan í ágúst 1973, þegar Bandaríkjamenn seldu Rússum 440 milljónir skeppa af hveiti, en í rúmmálseiningunni skeppu eru tæp þrjátíu kíló af hveitikorni.

Helsta ástæða hækkunarinnar er miklir þurrkar og skógareldar í Rússlandi, sem er fjórði mesti hveitiútflytjandi veraldar á eftir Bandaríkjunum, Evrópusambandinu og Kanada. Yfirvöld höfðu búist við tólf prósenta samdrætti í framleiðslunni þar ytra frá síðasta ári, en nú stefnir í að samdrátturinn verði allt upp undir 30 prósent. Uppskeran er jafnframt í lakara lagi annars staðar í Evrópu vegna óhagstæðra skilyrða.

„Þetta er afskaplega óheppilegt ofan í kreppuna," segir Bergþóra Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Kornax og Líflands, helstu innflytjenda ómalaðs hveitis á Íslandi. Hækkunin orsakist af því að væntingarnar til uppskerunnar hafi verið mjög slæmar, en nú hefjist uppskerutíminn innan skamms og þá komi í ljós hversu alvarleg staðan er.

„Það eru allir búnir að gera sér grein fyrir því að það verður áfall en spurningin er bara hversu mikið áfall," segir hún. „Við erum að vona að markaðirnir hafi ofhitnað og eigi eitthvað eftir að jafna sig. En það er óhjákvæmilegt að verð á hveiti fari að hækka hérna seinni partinn í ágúst þegar þessir farmar fara að berast landinu." Bergþóra segist þegar hafa fengið bréf frá erlendum birgja þar sem boðaðar eru verðhækkanir um miðjan mánuðinn. „Þetta er bara að dembast í hausinn á okkur þessar vikurnar."

Bergþóra segir að verðhækkanir á hveiti og öðru korni valdi hækkunum á stórum hluta matvæla. Segja megi að korn sé grunnurinn í fæðukeðjunni enda séu mörg dýr að miklu leyti alin á korni. „Það er misjafnt hversu mikil áhrif þetta hefur á matvælaverð, en þetta kemur alls staðar niður og matarkarfan hækkar í verði. Það er bara þannig," segir hún.

Samkvæmt Hagstofunni flytja Íslendingar inn yfir 40 þúsund tonn af hveiti árlega. - sh



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**SÍÐUSTU FORVÖÐ** Síðasta strandveiðitímabil sumarsins hófst í gærmorgun og voru hundruð báta við veiðar. Í Hafnarfjarðarhöfn voru menn uppgefnir eftir annasaman dag á miðunum.

Fyrsti hjólreiðavangur Íslands:

## Skálafell verður hjólamiðstöð

**FERÐIR** Skref í þá átt að gera Skálafell að hjólreiðamiðstöð verður stigið um næstu helgi þegar þar verður opnuð þriggja kílómetra löng hjólreiðabraut á fyrsta hjólreiðavangi Íslands.



ORMUR ARNARSON

„Við byrjuðum að leggja brautina í síðustu viku og það gengur bara rosalega vel," segir Ormur Arnarson einn skipuleggjenda.

Ormur segir hjólreiðavanginn góða viðbót við ferðaþjónustu í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. „Allt í einu er kominn grundvöllur fyrir hjólaleigur eða hjólaferðir með leiðsögn eða að menn fari í fjallið og leiki sér þar."

- mmf / sjá Allt


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI




Skemmtilegur ferðafélagi


Umboðsmaður skuldara segir ráðherra hafa farið fram á afsögn hans:

## Ráðherra ósammála Runólfi

**STJÓRNSÝSLA** Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra upplifði samtal sitt við Runólf Ágústsson í gærmorgun ekki þannig að í því fælist ósk um að Runólfur viki úr starfi umboðsmanns skuldara. Þetta segir heimildarmaður Fréttablaðsins úr ráðuneytinu sem ekki vill láta nafns síns getið.

Samkvæmt því telur ráðherra sig einungis hafa lýst þeirri skoðun í samtalinu að ef eitthvað í þeim upplýsingum sem óskað var eftir um fjármál Runólfs þyldi ekki dagsljósið þyrfti hann að víkja úr starfi.

Runólfur lýsti því yfir í gær að hann væri hættur með þeim orðum að það væri að ósk ráðherrans.

Ekki náðist í Árna Pál í gærkvöldi og Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður hans, sagði að hann vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu.

„Við erum bara upptekin við að bregðast við þeim afleiðingum sem afsögn hans hefur og tryggja að stofnunin verði opin í fyrramálið," sagði Anna Sigrún í gærkvöldi.

Að hennar sögn var verið að leita að manneskju til að stýra stofnuninni tímabundið. Síðan þyrfti að leggjast yfir það hvort eðlilegt væri að auglýsa starfið á nýjan leik, ráða þá manneskju sem metin var næsthæfust eða boða umsækjendur aftur í viðtal. - sh / sjá síðu 4








BROSANDI ALLAN HRINGINN




1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar
4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir
10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður
13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

## SPURNING DAGSINS



*Davíð, hvað segja pabbi og mamma og afi og amma?*

„Mamma er best og amma er toppurinn.“

Davíð Arngrímsson símsmiður starfar iðulega í fjarskiptamöstrum sem ná fleiri hundruð metra hæð.“

Orkusalar hækka raforkuverð um þrjú til átta prósent:

# Allir hækka verð á rafmagni

**ORKUMÁL** Raforkuverð hefur verið hækkað hjá öllum orkusölum landsins.

Landsvirkjun hækkaði raforkuverðið um 8,3 prósent þann 1. júlí og fylgdu aðrir í kjölfarið 1. ágúst. Þá hækkaði HS Orka verðið um 5,3 prósent, Fallorka 8,3 prósent og Orkubú Vestfjarða um 3 prósent. Þetta kemur fram á vef Orkuvaktarinnar. Aðeins er birt verð á almennum orkugjaldskrám.

Sé hækkun á almennum gjaldskrám hjá helstu orkusölum landsins skoðuð frá upphafi ársins kemur í ljós að Fallorka hefur hækkað verðið um 8,2 prósent, HS Orka um 7,6 prósent, Orkubú Vestfjarða um 3 prósent, Orkusalan um 8,3 prósent og Orkuveita Reykjavíkur um 5,3 prósent. Samkvæmt því er Orkubú Vestfjarða með hagstæðasta verðið.

Orkuvaktin segir líklegt að aðrar gjaldskrár hækki álíka mikið og hinar almennu. Þá vekur fyrirtækið athygli á því að líklegt sé að Orkuveita Reykjavíkur muni hækka verð á næstunni. - þeb



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Raforkuverð hefur hækkað um þrjú til rúmlega átta prósent á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Innbrot í Reykjanesbæ:

# Stolið úr húsi meðan fólk svaf

**LÖGREGLUMÁL Innbrot var framið í hús í Reykjanesbæ aðfaranótt mánudags á meðan heimilisfólk svaf.**

**Tölvu og stórum flatskjá var stolið úr húsinu, auk þess sem síma var stolið úr svefnherbergi. Í herberginu svaf kona ásamt tveimur börnum sínum. Lögregla telur að brotist hafi verið inn milli klukkan eitt og sjö um morguninn. Málið er óupplýst og er fólk sem hefur upplýsingar um málið beðið að hafa samband við lögregluna í Keflavík.** - þeb

Banaði manni í Reykjanesbæ:

# Ákærður fyrir manndráp

**DÓMSMÁL** Ákæra hefur verið gefin út á hendur rúmlega þrítugum manni sem játaði fyrr í sumar að hafa orðið karlmanni að bana í Reykjanesbæ í maí síðastliðnum.

Karlmaður á sextugsaldri fannst látinn við Bjarnarvelli í Reykjanesbæ að morgni 8. maí. Flótlega beindist grunur að manninum sem nú hefur verið ákærður og var hann hnepptur í varðhald. Nokkru síðar játaði hann að hafa orðið manninum að bana. Hann sætir enn varðhaldi.

Manninum hefur verið kynnt efni ákærunnar en hún hefur ekki verið birt honum. Þingfestingardagur hefur ekki verið ákveðinn, enda eru dómstólar í fríi um þessar mundir. - sh



**Í ELLIÐAÁNUM** Veiðin er komin í 880 laxa.

Gott sumar í Elliðaánum:

# Meiri veiði en í allt fyrrasumar

**STANGVEIÐI Laxveiði í Elliðaánum er þegar orðin meiri en í allt fyrrasumar.**

**Þetta kemur fram á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur þar sem segir að í hádeginu á mánudag hafi veiddir laxar verið orðnir 880 talsins. Þá segir að í gegnum teljara hafi gengið 2.027 laxar og 68 silungar. Segir ennfremur að gera megi því skóna, ef allt sé eðlilegt og ekki tekið tillit til mögulegra affalla, að 2.283 laxar sé gengnir í Elliðaárnar nú þegar. Veiðin stendur út ágúst.** - gar

# Akurnesingar afnema launalækkun að hluta

**Mun betri afkoma Akraneskaupstaðar í fyrra og á þessu ári en áætlað var leiðir til þess að launaskerðing á bæjarstarfsmenn minnkar 1. september í 40 prósent þess sem hún átti að vera. Nýráðinn bæjarstjóri fær hærri laun en forverinn.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Akraness hefur samþykkt að minnka kjaraskerðingu bæjarstarfsmanna niður í 40 prósent af því sem ákveðið hafði verið. Breytingin gildir frá næstu mánaðamótum.

Ennfremur var ákveðið að fela fjölskylduráði bæjarins að gera tillögur um endurskoðun á launaskerðingu í grunn- og leikskólum með aukningu á þjónustu og starfsemi viðkomandi stofnana í huga. Ástæða breytinganna er bætt afkoma bæjarsjóðs.

„Fyrst og fremst hafa útsvarstekjur verið meiri en við höfðum áætlað,“ segir Guðmundur Páll Jónsson, formaður bæjarráðs, sem kveður þetta góðs vita þótt hann ítreki að tíðindin merki ekki að kreppan sé yfirstaðin á Akranesi. Það hangi meðal annars á gengi stóriðjufyrirtækjanna á Grundartanga enda sé um helmingur starfsmanna þar búsettur á Akranesi.

Launaskerðingin hafði að sögn Guðmundar verið misjöfn hjá starfsmönnum bæjarins. Laun undir 300 þúsund krónum hafi ekki verið skert en sumir tekið á sig um 15 prósent launaskerðingu. Sú skerðing minnki nú niður í um 6 prósent.

Í greinargerð Jóns Pálma Pálssonar, framkvæmdastjóra framkvæmdadeildar, kemur fram að afkoma Akraneskaupstaðar var mun betri í fyrra og það sem af er þessu ári en áætlanir gerðu ráð fyrir. Samtals í fyrra og fyrstu sex mánuði þessa árs er bærinn gerður upp með um 270 milljóna króna afgangi í stað rúmlega 180 milljóna króna halla eins og reiknað hafði verið með. Er þar þannig um að ræða 450 milljóna króna sveiflu til hins betra á átján mánuðum.



**AKRANES** Bæjarstarfsmenn á Akranesi fá hluta launa sinn til baka um næstu mánaðamót. Formaður bæjarráðs þakkar það fyrst og fremst hærri útsvarstekjum en menn héldu að myndu skila sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GUÐMUNDUR PÁLL JÓNSSON**

Bæði reksturinn sjálfur og fjármagnsliðir hafa verið hagstæðari en ráð var fyrir gert. Samtals hefur reksturinn skilað um 360 milljóna króna afgangi á þessu tímabili í staðinn fyrir 106 milljóna króna afgangi. Og í staðinn fyrir að fjármagnsliðir þýddu 311 milljóna króna mínus þá varð mínusinn tæplega 90 milljónir.

Þess má geta að bæjarstjórn Akraness samþykkti í gær ráðningarsamning við nýjan bæjarstjóra, Árna Múla Jónasson. Hann mun fá 850 þúsund krónur í mánaðarlaun auk akstursgreiðslu. Launin eru að sögn Guðmundar hærri en hjá fyrrverandi bæjarstjóra. „Bæjarstjórastarfið á Akranesi var sennilega orðið lægsta launaða bæjarstjórastarf á landinu,“ segir Guðmundur.

gar@frettabladid.is



**ÁFENGI** Hver viðskiptavinur ÁTVR í vikunni fyrir verslunarmannahelgi keypti að meðaltali um það bil sex lítra af áfengi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Samdráttur í sölu á áfengi:

# Seldu 743 þúsund lítra á viku

**NEYTENDUR** Samtals seldust um 743 þúsund lítrar af áfengi í vínbúðum ÁTVR í síðustu viku, vikuna fyrir verslunarmannahelgi. Þetta er um 0,9 prósenta samdráttur frá vikunni fyrir verslunarmannahelgina í fyrra, þegar um 750 þúsund lítrar seldust, að því er fram kemur á vef ÁTVR.

Viðskiptavinum fækkaði einnig milli ára. Um 124 þúsund komu í verslanirnar í síðustu viku saman borið við 125 þúsund í sömu viku á síðasta ári. Föstudagurinn fyrir verslunarmannahelgi er enn söluhæsti dagurinn, þann dag komu um 43 þúsund manns í vínbúðirnar, ríflega þriðjungur þeirra sem keyptu áfengi í vikunni. - bj

**FORSÆTISRÁÐUNEYTI**

### Jóhanna fundar í Manitoba

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra átti í gær fund með Greg Selinger, forsætisráðherra Manitoba í Kanada. Manitoba hefur stutt samstarf tengt íslenskri arfleifð á svæðinu. Jóhanna er í opinberri heimsókn.

**SNÆFELLSNES**

### Fá umhverfisvottun

Bæjarfélögin á Snæfellsnesi, sem árið 2008 fengu fyrst allra á heimsvísu sameiginlega Green Globe-umhverfisvottun, hafa nú formlega hlotið endurnýjaða umhverfisvottun samfélaga. Á vef Stykkishólms kemur fram að vottunin sé að þessu sinni undir merkjum Earth Check.






Fjármálaeftirlitið og embætti sérstaks saksóknara ráða til sín fólk:

# Ráða 28 í ný rannsóknarstörf

**STJÓRNSÝSLA** Embætti sérstaks saksóknara hefur ráðið tuttugu og tvo nýja starfsmenn til að rannsaka brot tengd bankahruninu og stefnt er að því að ráða tíu til tuttugu til viðbótar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið ráðið sex starfsmenn og hyggst ráða aðra sex til viðbótar.

Fjármálaeftirlitið auglýsti eftir starfsmönnum fyrr í sumar og bárust 175 umsóknir, þar af voru tuttugu lögfræðingar og 155 með viðskipta- og hagfræðimenntun. Sex voru ráðnir og eru þeir allir með viðskipta- eða hagfræðipróf. Á næstunni verða síðan sex ráðnir til viðbótar.

Þegar ráðningum nýrra starfsmanna verður lokið, áður en þetta ár er úti, er gert ráð fyrir að starfsmenn FME verði um eitt hundrað en þeir voru sextíu og fimm þegar bankakerfið hrundi í október 2008.

Embætti sérstaks saksóknara auglýsti einnig eftir nýjum starfsmönnum fyrr í sumar og hvorki fleiri né færri en 470 umsóknir bárust, en flestir umsækjenda voru viðskipta- eða hagfræðingar. Tuttugu og tveir hafa nú verið ráðnir. Þar af eru níu lögfræðingar, sex með menntun á sviði viðskipta- og hagfræði og sjö lögreglumenn.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í dag að embættið stefndi að því að bæta við sig tíu til tuttugu starfsmönnum til viðbótar í samræmi við það sem stefnt var að, en embættið gerði ráð fyrir að bæta við sig þrjátíu til fjörutíu nýjum starfsmönnum í heildina.

Starfsmenn sérstaks saksóknara verða á bilinu sjötíu til áttatíu þegar ráðningum nýrra starfsmanna lýkur. Áður hefur verið greint frá því að stefnt sé að því að öllum málum verði lokið hjá embætti sérstaks saksóknara fyrir árslok árið 2014. - þþ



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON** Embætti sérstaks saksóknara hefur gengið frá ráðningu 22 nýrra starfsmanna.




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is / 528 8000

## GENGIÐ 03.08.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,26 | 118,82 |
| Sterlingspund | 188,64 | 189,56 |
| Evra | 156,62 | 157,50 |
| Dönsk króna | 21,019 | 21,141 |
| Norsk króna | 19,853 | 19,969 |
| Sænsk króna | 16,739 | 16,837 |
| Japanskt jen | 1,3764 | 1,3844 |
| SDR | 181,25 | 182,33 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

211,3234

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Runólfur Ágústsson er farinn á bleikjuveiðar og segir félagsmálaráðherra hafa valdið sér vonbrigðum:

# Umboðsmaður skuldara hætti á fyrsta starfsdegi

**STJÓRNSÝSLA** Runólfur Ágústsson sagði í gær af sér sem umboðsmaður skuldara eftir einn dag í starfi. Hann segir Árna Pál Árnason félagsmálaráðherra hafa hringt í sig í gærmorgun og beðið sig að hætta. Hann tilkynnti ráðherra um afsögn sína bréfleiðis síðar um daginn.



RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON

Styr hefur staðið um skipan Runólfs eftir að DV greindi frá því að félag sem hann stofnaði væri í dag eignalaust og skuldaði Sparisjóði Keflavíkur yfir hálfan milljarð króna sem yrðu afskrifaðar. Ásta Sigrún Helgadóttir, sem stýrt hefur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og var metin næsthæfasti umsækjandinn, hefur sagst ætla að skoða réttarstöðu sína. Hún sagðist í gær þurfa að endurskoða afstöðu sína í ljósi tíðindanna.

Runólfur vildi ekki tjá sig um málið í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. „Það liggur alveg ljóst fyrir hver skoðun mín er á málinu. Ég held að þjóni engu að ég fari eitthvað pirrast við ráðherra um þessi mál. Ég er að fara norður á Mývatn að veiða bleikju í net. Þú mátt hafa það eftir mér,“ sagði hann. Málinu væri lokið af hans hálfu.

Að öðru leyti vísaði hann á afsagnarbréf sitt til ráðherra, sem hann sendi fjölmiðlum. Þar kveður hann ráðherra hafa valdið sér vonbrigðum með því að óska eftir afsögn hans, því þannig taki hann undir þau sjónarmið að það valdi vanhæfi í opinberu starfi að hafa tekið þátt í viðskiptum. Í Kastljósi í gær sagði hann að honum þætti ekki mikill mannsbragur að ósk ráðherrans.

Að sögn Runólfs átti símtalið sér stað áður en Árni Páll sendi honum bréf þar sem óskað var eftir frekari skýringum á fjármálum hans. Runólfur sagðist í gær myndu svara því erindi á næstunni. **- sh**

Heildarvelta hlutabréfa í júlí:

## Helmingi lægri heldur en í júní

**VIÐSKIPTI** Heildarvelta hlutabréfaviðskipta á landinu í júlí nam rúmri 661 milljón og er það um helmingi minna heldur en í júní, þegar veltan var 1.221 milljón.

Mest voru viðskipti í júlí með bréf Marels, 456 milljónir, og með bréf Össurar, 153 milljónir.

Úrvalsvísitalan hækkaði um 3,9 prósent á milli mánaða og vísitala orkuvinnslu hækkaði mest af atvinnugreinavísitölum, um 10 prósent. Íslandsbanki var með hæstu hlutdeild af kauphallaraðilum á skuldabréfamarkaði, eða 27,7 prósent. **- sv**

Felldi átta í Connecticut:

## Hóf skothríð eftir uppsögn

**CONNECTICUT, AP** **Maður hóf skothríð í bjórverksmiðju í Connecticut í Bandaríkjunum á þriðjudagsmorgun og varð átta manns að bana. Hann skaut síðan sjálfan sig.**

**Talið er að hann hafi framið morðin í kjölfar þess að vera sagt upp frá verksmiðjunni, en hann vann þar sem bílstjóri.**

**Um 70 manns voru á staðnum þegar maðurinn hóf skothríðina klukkan sjö um morguninn. Um leið kviknaði í vöruskemmu fyrirtækisins um 15 mílum frá. Ekki er vitað hvort skotárásirnar og bruninn tengdust.** **- sv**

**KÓPAVOGUR**

### Fá búnað en ekki veislu

Vegna þátttöku Breiðabliks í forkeppni Meistaradeildar kvenna í knattspyrnu og keppni í Evrópudeild karla styrkir Kópavogsbær félagið um 100 þúsund krónur. Ósk um að bærinn borgi málsverð fyrir um þrjátíu manns í tilefni af forkeppni kvennanna og annan málsverð að loknu mótinu var hafnað.



**ÁTAKIÐ KYNNT** Gissur Pétursson, Árni Páll Árnason og Guðlaug Pétursdóttir tóku til máls við kynningu átaksins. Þau lögðu öll áherslu á að úrræðin verði sveigjanleg og einstaklingsmiðuð.

# Kynna nýtt átak gegn langtímaatvinnuleysi

**Átakinu ÞOR - Þekking og reynsla var hrundið af stað í gær. Virkja á þá einstaklinga sem verið hafa atvinnulausir í eitt ár eða lengur.**

**VINNUMARKAÐUR** Vinnumálastofnun kynnti í gær átakið ÞOR – Þekking og reynsla, en því er beint gegn afleiðingum langtímaatvinnuleysis. Markmið átaksins er að virkja þá einstaklinga sem verið hafa án atvinnu í tólf mánuði eða lengur.

„Við setjum okkur það metnaðarfulla verkefni að ná til alls þess fjölda sem verið hefur atvinnulaus í eitt ár eða lengur fyrir 1. nóvember næstkomandi. Við viljum bjóða þeim úrræði við hæfi í samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök,“ sagði Árni Páll Árnason, félagsmálaráðherra, á blaðamannafundi sem haldinn var af þessu tilefni. Árni Páll sagði það þekkt að eftir langan tíma án vinnu drægi úr virkni fólks. Erfitt gæti verið að brjóta slíkan vítahring og því væri mikilvægt að tryggja daglega virkni þegar atvinnuástandið væri eins og nú.

Um 4.000 manns hafa verið án atvinnu í tólf mánuði eða lengur og verða allir þessir einstaklingar kallaðir til ráðgjafarfundar á vegum Vinnumálastofnunar á næstunni. Á fundinum verða tækifærin og skyldurnar sem í átakinu felast kynnt fyrir þeim.

Átakið kemur í kjölfar átaksins Ungt fólk til athafna sem beindist að atvinnuleitendum á aldrinum 16 til 29 ára. Vel þótti takast að virkja þetta fólk í atvinnuleit sinni og verður reynsla og skipulag verkefnisins nýtt nú þegar horft er til langtímaatvinnulausra.

„Við byrjuðum á ungum því það er kannski sá hópur sem er í mestri hættu þegar kemur að áhrifum langtímaatvinnuleysis. Núna ætlum við að setja kraftinn í þann hóp sem eftir situr, fullorðið fólk sem margt hefur unnið lengi og við sníðum vinnumarkaðsúrræðin að þeirra þörfum,“ sagði Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, á blaðamannafundinum í gær.

Guðlaug Pétursdóttir, deildarstjóri ráðgjafadeildar Vinnumálastofnunar á höfuðborgarsvæðinu, verður verkefnisstjóri átaksins. Hún sagði að byrjað yrði á þeim hópi sem er ófaglærður og að fólk á aldrinum 60 til 69 ára verði sérstaklega tekið fyrir. Hópnum verður skipt í fimm flokka eftir námsferli, aldri og einnig eftir upprunalandi, sé íslenskukunnátta einstaklinganna lítil.

Spurð um hvers konar úrræði verði að ræða sagði Guðlaug að nefna mætti ýmiss konar starfsmenntunarnámskeið, sjálfboðastarf, starfsþjálfunarúrræði og átaksverkefni. Lögð væri áhersla á að allir gætu fundið eitthvað sem vekti áhuga þeirra.

**magnusl@frettabladid.is**

Ráðið hjá Landspítalanum:

## Sex sóttu um stöðu forstjóra

**STJÓRNSÝSLA** **Alls sóttu sex um stöðu forstjóra Landspítalans, en umsóknarfrestur rann út 30. júlí. Heilbrigðisráðherra skipar í stöðuna til fimm ára. Hulda Gunnlaugsdóttir, sem var ráðin í stöðuna 1. september 2008, fékk ársleyfi frá störfum 1. október 2009 af persónulegum ástæðum. Hún hefur nú sagt starfinu lausu. Björn Zoëga bæklunarskurðlæknir, sem verið hefur starfandi forstjóri í fjarveru Huldu, sækir nú um stöðuna.**

**Aðrir sem sóttu um eru: Birgir Jónsson MBA, Guðmundur Björnsson, orku- og endurhæfingarlæknir, Jan Triebel, orku- og endurhæfingarlæknir og yfirlæknir Heilsustofnunar NLFÍ, Stefán E. Matthíasson æðaskurðlæknir og Þorsteinn Örn Guðmundsson, verkfræðingur og ráðgjafi.** **- kóp**

Nýr landnemi til vandræða:

## Flundra sögð éta laxaseiði

**UMHVERFISMÁL** Veiðimálastofnun segir rannsóknum á flundru í Andakílsá í Borgarfirði nú í júní hafa leitt í ljós að flundruseiði éti laxaseiði. Flundran sem nýlega hefur numið land í mörgum ferskvatnsvistkerfum hérlendis hrygnir í sjó en vaxtarskeið fisksins fer að sögn Veiðimálastofnunar fram á ósasvæðum og í ferskvatni. Hafnar eru rannsóknir á flundru víða um land til að afla grunnupplýsinga um lífshætti og fæðuval flundrunnar. „Hugsanlegt er að hún sé í samkeppni við laxfiskana um búsvæði og fæðu og einnig virðist flundra geta verið afræningi á laxfiskaseiðum,“ segir á veidimal.is. **- gar**




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Það lítur út fyrir að það skiptist á skin og skúrir á landinu næstu daga og á það við í öllum landshlutum. Vindur verður tiltölulega hægur og veður milt þannig að almennt séð verður veður nokkuð gott.




**Á MORGUN**
Hægur eða fremur hægur vindur.

**FÖSTUDAGUR**
Strekkingur allra vestast annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 20° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 32° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 20° |
| París | 25° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




ENNEMM / SIA / NM43031

# FRJÁLSAR Á FULLRI FERÐ

VALITOR óskar frjálsíþróttakonunum Ásdísi Hjálmsdóttur og Helgu Margréti Þorsteinsdóttur til hamingju með frábæran árangur á EM og HM unglinga í frjálsum í sumar og fagnar góðu gengi Íslands í frjálsum íþróttum um þessar mundir. Sjö íslenskir frjálsíþróttamenn náðu lágmörkum á EM og því virðist bjart framundan í frjálsum íþróttum.

**VALITOR er styrktaraðili Helgu Margrétar og Ásdísar, sem og Frjálsíþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands.**

VALITOR

VISA

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú farið á útihátíð?*

| | |
|---|---|
| Já | 70% |
| Nei | 30% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að skera ætti niður rekstrarkostnað Orkuveitunnar?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Verslanir á höfuðborgarsvæðinu sinna ekki ítrekuðum tilmælum Neytendastofu:

# Þriðjungur rangt verðmerktur hjá Húsasmiðjunni

**NEYTENDUR** Níu verslanir á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki sinnt ítrekuðum tilmælum Neytendastofu um réttar verðmerkingar á vörum. Húsasmiðjan við Helluhraun er með hæst hlutfall, eða 32 prósent.

Neytendastofa kannaði verðmerkingar í þrjátíu verslunum á höfðuborgarsvæðinu í lok maí þessa árs. Fimmtán verslanir fengu athugasemdir varðandi rangar merkingar. Áframhaldandi könnun var svo gerð í byrjun júlí.

„Þetta verður að laga til að forðast sektir," segir Matthildur Sveinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendastofu, sem segir reglurnar sem verslanir eigi að fylgja vera mjög einfaldar og skýrar. Hlutfall þeirra verslana sem merkja vitlaust sé hátt miðað við seinni heimsókn.

„Við gerðum margar athugasemdir að þessu sinni og við höfum nýverið byrjað að sekta matvöruverslanir fyrir vitlausar merkingar á vörum. Við sektuðum bæði Krónuna og Hagkaup í vor," segir Matthildur.

Fimm af þeim níu verslunum sem sinntu ekki tilmælum Neytendastofu í maí voru með hlutfall athugasemda yfir 20 prósentum nú í júlí. Þær verslanir voru Elko í Skeifunni, Rúmfatalagerinn við Smáratorg og í Skeifunni, Múrbúðin Kletthálsi og Húsasmiðjan Skútuvogi. **- sv**



**VERÐMERKINGAR** 50 prósent þeirra verslana sem neytendastofa kannaði í maí fengu athugasemdir vegna verðmerkinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA






# Magma segir áskanir Bjarkar vera fráleitar

**Kanadíska orkufyrirtækið Magma Energy stefnir að því að eignast allar orkuauðlindir á Íslandi, segir Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður. Algerlega fráleitt og úr lausu lofti gripið segir framkvæmdastjóri Magma Energy á Íslandi.**

**ORKUMÁL** Framkvæmdastjóri Magma Energy á Íslandi hafnar alfarið ásökunum Bjarkar Guðmundsdóttur tónlistarmanns þess efnis að fyrirtækið vilji eignast allar orkuauðlindir á Íslandi. Ummælin lét Björk falla í viðtali við AFP fréttaveituna í Helsinki í Finnlandi í gær.

„Þetta er algerlega fráleitt og úr lausu lofti gripið," segir Ásgeir Margeirsson, framkvæmdastjóri Magma Energy á Íslandi. Hann segir að kaup Magma á HS Orku hafi verið markmið fyrirtækisins, aldrei hafi komið til tals að eignast önnur íslensk orkufyrirtæki.

„Þeir [Magma Energy] hafa þegar íhugað að kaupa í það minnsta fimm önnur orkufyrirtæki á Íslandi," sagði Björk í samtali við AFP.

„Þetta eru bara skröksögur," segir Ásgeir. Hann segir ýmsar sögur hafa komist á flot í umræðunni sem ekki eigi við rök að styðjast, og þetta sé angi af því.

„Einhverjir eru enn að halda því fram að það séu í raun Íslendingar á bak við Magma, það er algerlega rangt líka," segir Ásgeir. Hann segir sögusagnir um að Hannes Smárason eða aðrir svonefndir útrásarvíkingar komi að félaginu rangar. Magma Energy er fyrirtæki á markaði, og hverjum sem er frjálst að kaupa hlut í félaginu, segir Ásgeir. Staðfest hafi verið síðast þann 19. júlí að engir Íslendingar séu meðal hluthafa.

Efnahags- og viðskiptaráðherra sendi Magma Energy bréf í síðustu viku þar sem fram kemur að rannsaka eigi lögmæti kaupa dótturfélags Magma í Svíþjóð á HS Orku. Þar kom einnig fram að ríkisstjórnin ætli sér að vinda ofan af einkavæðingu innan orkugeirans.

Ásgeir segir fyrirtækið ekki hafa svarað bréfi ráðherrans, en lýst yfir vilja til samstarfs við stjórnvöld við rannsóknina.

Erfitt er að sjá hvernig stjórnvöld ætla að koma í veg fyrir kaup dótturfélags Magma í Svíþjóð á HS Orku, segir Ásgeir. Hann segir enn þrjá möguleika í stöðunni; ljúka kaupunum, fresta þeim eða hætta alfarið við þau. Þessa möguleika verði að skoða í því ljósi að Magma hafi í raun skuldbundið sig til að klára kaupin.

Spurður hvað gerist komi stjórnvöld með einhverjum hætti í veg fyrir fjárfestingu Magma í HS Orku segir Ásgeir að augljóslega séu stjórnendur Magma Energy farnir að velta fyrir sér lagalegum úrræðum. Hann segir þó allt of snemmt að ræða mögulega skaðabótakröfu nái kaupin ekki fram að ganga.

**brjann@frettabladid.is**



**HS ORKA** Stjórnendur Magma Energy hafa þegar kannað lagaleg úrræði stöðvi stjórnvöld kaup dótturfélags Magma í Svíþjóð á HS Orku, segir framkvæmdastjóri Magma á Íslandi. Hann segir of snemmt að ræða mögulega bótakröfu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI











Forsætisráðherra skipar nefnd sem kanna á lögmæti kaupa Magma á HS Orku:

# Kanna forsendur fyrir inngripi

**ORKUMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra skipaði í gær fimm manna nefnd sem ætlað er að meta lögmæti kaupa Magma Energy á HS Orku í gegnum sænskt dótturfélag, og mögulegar forsendur fyrir inngripi stjórnvalda í viðskiptin.

Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, verður formaður nefndarinnar, að því er fram kemur í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu.

Auk hennar verða í nefndinni Bjarnveig Eiríksdóttir héraðsdómslögmaður og sérfræðingur í Evrópurétti og alþjóðaviðskiptarétti, Sveinn Margeirsson iðnaðarverkfræðingur, Ólafur Páll Jónsson, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands, og Aagot Óskarsdóttir lögfræðingur.

Nefndin á að gefa rökstutt álit á því hvort kaup dótturfélags kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy á HS Orku standist lög um auðlindir og orkunýtingu. Nefndin mun einnig kanna hvort þau standist ákvæði EES-samningsins. Þá er nefndinni ætlað að láta í ljós álit sitt á því hvort forsendur séu fyrir stjórnvöld að leita leiða til að grípa inn í viðskiptin og hvaða leiðir séu færar í þeim efnum, segir í tilkynningunni.

Í framhaldinu er nefndinni ætlað að fjalla um einkavæðingu innan orkugeirans almennt og starfsumhverfi hans. **- bj**



**LEIÐIR NEFND** Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, mun leiða nefnd stjórnvalda sem fjalla mun um kaup Magma Energy á HS Orku.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.OL




**Chiro Collection heilsurúm**

25% afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm svæðaskipt gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.

**Tempur Spring heilsurúm**

25% afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

**Stillanleg heilsurúm**

25% afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Eitt landsins mesta úrval af botnum og mismunandi heilsudýnum sem henta hverjum og einum. Settu þig í stellingar !

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver eru meðallaun starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur?*
2. *Hvenær á að halda hér alþjóðlegt sundíþróttamót samkynhneigðra?*
3. *Hvað er talið að margir hafi sótt Þjóðhátíð í Eyjum í ár?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Flóttamenn endursendir til Grikklands þrátt fyrir aðvaranir Sameinuðu þjóðanna:

# Tilmæli Flóttamannastofnunar SÞ ekki virt

**SAMFÉLAGSMÁL** Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið hefur úrskurðað í sex kærumálum sem vörðuðu umsóknir flóttamanna um hæli hér á landi á þessu ári. Tveimur málum var vísað aftur til Útlendingastofnunar, í einu máli var synjun á hæli og dvalarleyfi staðfest og málum þriggja einstaklinga lauk með endursendingu til annars Evrópulands.

Einn maður var endursendur til Grikklands, en aðbúnaður hælisleitenda þar í landi hefur sætt mikilli gagnrýni. Maðurinn, sem er frá Íran, kærði úrskurð Útlendingastofnunar varðandi vísun hans til Grikklands, en ráðuneytið staðfesti brottflutninginn. Rauði krossinn hefur ítrekað biðlað til stjórnvalda að láta af þessum endursendingum síðan Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna beindi tilmælum til ríkja sem taka þátt í Dyflinnar-samstarfinu að senda flóttamenn ekki til Grikklands.

Sautján einstaklingar hafa leitað hælis hér á landi í ár. Allir hælisleitendur eru flóttamenn og koma frá tólf ríkjum. Fimmtán umsóknir voru enn til meðferðar hjá Útlendingastofnun nú í júní. Útlendingastofnun viðurkenndi á fyrri hluta ársins stöðu þriggja hælisleitenda sem flóttamanna og veitti einum einstaklingi að auki stöðu sem aðstandanda flóttamanns. Kemur þetta fram í skýrslu Rauða kross Íslands varðandi fjölda hælisleitenda á fyrstu sex mánuðum þessa árs.

**- sv**



**DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ** Ráðuneytið hefur úrskurðað í sex kærumálum á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KÓPAVOGUR** Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda hvetur til framkvæmda.

Séu með í hvatningarátaki:

## Gefi eftir gjöld af gatnagerð

**SVEITARSTJÓRNIR Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í bæjarráði Kópavogs leggja til að gatnagerðargjöld vegna stækkunar á eldra húsnæði verði felld niður tímabundið.**

**Vísa þeir til hvatningarátaks í þágu innlendrar atvinnustarfsemi, meðal annars með hækkaðri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við eigið íbúðarhúsnæði og sumarhús og til sérstakra framkvæmdalána sem sumar fjármálastofnanir bjóði almenningi á hagstæðum kjörum.**

**„Sveitarfélög geta lagt sitt af mörkum í þessum efnum og liggur beinast við að fella niður opinber gjöld vegna framkvæmda á eldra húsnæði," segir í tillögunni. Afgreiðslu hennar var frestað á síðasta fundi.**

**- gar**



**GARÐLUMMA** Sveppurinn eitraði er nokkuð útbreiddur hér á landi.

Garðlumma á Akureyri:

## Eitursveppur á leikskólalóð

**UMHVERFISMÁL** Eitraður sveppur fannst á leikskólalóð á Akureyri nú á dögunum. Á vef Umhverfisstofnunar segir að ábending frá Náttúrufræðistofnun Íslands hafi borist stofnuninni.

Sveppurinn heitir Garðlumma (Proxillus involutus) og er nokkuð útbreiddur hér á landi og finnst í birkikjarri, trjágörðum og á grasflötum í þéttbýli. Hann er eitraður hvort sem hann er borðaður hrár eða soðinn. Eiturefnin í sveppinum ráðast á meltingarfærin og valda magakvölum, uppköstum og niðurgangi. Einnig geta einkennin verið snarlækkaður blóðþrýstingur, veikur og hraður púls, svimi, sjóntruflanir og meðvitundarleysi.

Umhverfisstofnun bendir starfsfólki á leikskólum landsins á að tína sveppina jafnharðan og þeir vaxa svo ekki sé hætta á að börn borði þá.

Búið er að fjarlægja sveppinn af lóð leikskólans á Akureyri.

# Heimafæðingum fjölgar ört

**Breskt læknatímarit dregur val kvenna um heimafæðingar í efa. Hvar konur fæða börnin sín er spurning um uppýst val, segja ljósmæður hér á landi. 40 prósenta aukning fæðinga í heimahúsum á milli ára.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Breska læknatímaritið Lancet birti leiðara í síðustu viku þar sem fram kemur að niðurstöður fjölþjóðlegrar magnrannsóknar, birtra í bandaríska læknatímaritinu American Journal og Obstetrics & Gynecology, sýni fram á að heimafæðingar auki líkur á ungbarnadauða um helming.

„Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á að fyrirfram ætlaðar heimafæðingar hjá heilbrigðum konum utan áhættuhópa miðað við fyrirfram ætlaðar spítalafæðingar sama hóps kvenna auki hættu á ungbarnadauða um helming (0,2 prósent á móti 0,09 prósent)," segir í grein Lancet. „Konur hafa rétt á því að velja hvort og hvernig þær fæði, en þær hafa ekki rétt á því að stofna börnunum sínum í hættu."

„Mér finnst verið að taka af konum sjálfræðið með þessari fullyrðingu," segir Áslaug Hauksdóttir ljósmóðir. „Allar mæður hugsa mest um barnið sitt. Allar." Áslaug hefur sinnt heimafæðingum í þrettán ár og segir langflest tilvik ganga vel. Hún segir að svo framarlega sem konan sé hraust og meðganga hafi gengið vel, þá sé ekkert því til fyrirstöðu að fæða barnið heima.

„En ef eitthvað bregður útaf; hiti móður, hjartsláttartruflanir barns, fæðingin orðin langdregin eða eitthvað annað, þá færist fæðingin upp á spítala."



**ÁSLAUG HAUKSDÓTTIR**

Áslaug segir niðurstöður rannsóknarinnar í Lancet segja litla sögu. „Við vitum ekkert hvaðan þessar tölur koma. Einn þriðji af heimafæðingum í Bandaríkjunum er til dæmis án ljósmóður eða heilbrigðisstarfsmanns," segir hún. „Sú tölfræði sem Bretar eru farnir að reiða sig á er á góðri leið með að verða jafn slæm og tölfræði Bandaríkjamanna." Áslaug segir flestar ljósmæður velja að fæða heima hjá sér og ánægðust mæðurnar séu þær sem eignist börnin sín heima.

Hildur Kristjánsdóttir, ljósmóðir hjá Landlæknisembættinu, segir heimafæðingar teljast öruggar að uppfylltum vissum skilyrðum.

„Það er algjört skilyrði að ljósmóðir geti aðstoðað við fæðingu. Ef konan er frísk, utan áhættuhóps og ekkert óeðlilegt við meðgönguna, hefur ekki verið talið neitt á móti heimafæðingum. Þetta er upplýst val kvenna."

Heimafæðingar hér á landi hafa aukist á síðustu árum og um 40 prósenta aukning er á milli síðustu tveggja ára.

sunna@frettabladid.is



**MÓÐIR OG BARN** Heimafæðingar hafa aukist mikið hér á landi á síðustu árum. NORDICPHOTOS/GETTTY

**Hlutfall heimafæðinga frá 1980 til 2009**

**Heimafæðingum hefur fjölgað hér á landi á síðustu árum. Um 40 prósenta aukning varð á síðasta ári frá 2008 og segja ljósmæður að þeim mæðrum sem vilji fæða börn sín heima fari enn fjölgandi hér á landi.**




Tugir þorpa á kafi í vatni vegna flóðanna í Pakistan:

# Erfitt að koma aðstoð til fólks á flóðasvæðinu

**PAKISTAN, AP** Flóðin í Pakistan hafa orðið að minnsta kosti 1.500 manns að bana auk þess sem hundrað þúsund manns eiga á hættu að fá alvarlegar sýkingar.

Ekkert lát var á úrkomu norðvestan til á flóðasvæðinu sem veldur hættu á því að vatn flæði yfir stóra stíflu. Erfitt hefur reynst að koma 3,2 milljónum manna til aðstoðar vegna þess að vegir eru gegnsósa, brýr hafa brotnað og símasamband liggur niðri.Tugir þorpa í Punjabhéraði eru á kafi. Sums staðar í sýslunum Kot Addu og Layyah stendur vatnið svo hátt að einungis trjátoppar og hæstu byggingar standa upp úr. „Við bara hlupum burt með börnin okkar, en skildum allt eftir. Allar eigur okkar eru komnar á kaf í vatn. Við eigum ekkert," segir Fateh Muhammed, fjölskyldufaðir sem segir flóðið hafa komið svo skyndilega að ekki hefði verið hægt að verjast.

Punjab er stærsta hérað landsins og þar er landbúnaður í mestum blóma. Ónýt uppskera veldur því að Sameinuðu þjóðirnar telja að 1,8 milljónir manna þurfi á matvælaaðstoð að halda.

**- gb**

**RKÍ sendir hjálp**

Rauði kross Íslands hefur ákveðið að senda 3,5 milljónir króna í neyðarsjóðum sínum til hjálparstarfs vegna flóðanna í Pakistan. Þá hefur hann opnað fyrir söfnunarsíma sinn, 904 1500, fyrir þá sem vilja láta fé af hendi rakna. Þegar hringt er í númerið bætast 1.500 krónur við næsta símreikning viðkomandi.



**BJARGAR EIGUM SÍNUM** Maður teygir sig niður í leðjuna eftir eigum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

SUZUKI

Way of Life!

# SUZUKI

## Skynsemi, sparneytni - ánægja!




**Kizashi er algjörlega nýr fjórhjóladrfifinn fólksbíll í millistærðarflokki frá Suzuki.**
**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!**
2,4L vél. Verð 6.540 þús.
Meðaleyðsla 8,3L/100km

FULL FRAME 4x4




**Söluhæsti jeppinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI GRAND VITARA**
Verð frá kr. 4.520 þús. , bensin/beinskiptur
Meðaleyðsla 7,0L/100km, diesel,
8,8L/100 km, bensin



**Söluhæsti fólksbílinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI SWIFT**
**Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4**
1,3L eða 1,5L vélar. Verð frá 2.690 þús.
Meðaleyðsla frá 6,2L/100km




**Nýr SX4 Sportjepplingur. Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.**
Með 1,6L vél. Verð kr. 3.740 þús.
Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur

FULL FRAME 4x4



**Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny.**
**Handskiptur, sjálfskiptur**
Verð frá kr. 2.990 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.




**Sparaðu með visthæfum Suzuki Splash**
Verð kr. 2.490 þús.
Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskiptur.




**Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!**
Hagstætt verð, ódýr í rekstri. Verð kr. 2.190 þús.
beinskiptur. Meðaleyðsla 4,4L/100km.

## Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf, Maí 2010



**LAGÐI SIG Í HITANUM** Maður þessi lagði sig í skjóli regnhlífar í hitabylgjunni í Moskvu undir turnum Kremlar. NORDICPHOTOS/AFP



**HORFIÐ HEIMILI** Elsta kona Japans var skráð hér til heimilis, en húsið hefur verið rifið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lítið vitað um elstu Japanana:

## Elsta konan finnst hvergi

**JAPAN, AP** Fusa Furuya er talin vera elsta kona Japans. Hún er fædd árið 1897 og er því 113 ára. Hún finnst hins vegar hvergi. Hún er skráð til heimilis í höfuðborginni Tókíó, en húsið hefur verið rifið og ekkert vitað um dvalarstað hennar.

79 ára gömul dóttir hennar segir hana aldrei hafa búið þar, og hún viti ekki hvar hún sé niðurkomin. Hún sagðist þó telja hana búa rétt fyrir utan borgina.

Aðeins fáeinir dagar eru síðan karlmaður, sem talinn var sá elsti í landinu, fannst látinn á heimili sínu og hafði augljóslega legið þar látinn í rúmi sínu í tuttugu ár. - gb

**SKAGASTRÖND**

### Skemmtilegir fá aðgang

Íbúar á Skagaströnd undirbúa nú hátíðina Kántrýdaga sem verður haldin 13. til 15. ágúst. Á heimasíðu sveitarfélagsins kemur fram að eingöngu skemmtilegt fólk fái aðgang að Kántrýdögum sem verða formlega opnaðir með fallbyssuskoti.

**DJÚPIVOGUR**

### Vatnið aftur drekkandi

„Neysluvatnið á Djúpavogi uppfyllir nú aftur þær gæðakröfur sem gerðar eru og því þarf ekki lengur að sjóða það," segir í tilkynningu sveitarstjóra Djúpavogs.

Ný rannsókn sýnir að heilinn á mikið undir heilbrigðu hjarta:

# Veiklað hjarta veikir heilann

**VÍSINDI** Svo virðist sem beinni tengsl séu milli heilbrigðis hjarta og heila en vísindamenn hafa hingað til gert sér grein fyrir. Samkvæmt nýrri rannsókn eldist heilinn hraðar ef hjartað er veiklað, jafnvel þótt eiginlegir hjartasjúkdómar hafi ekki látið á sér kræla.

Vísindamenn við Boston-háskóla í Bandaríkjunum hafa birt skýrslu um þessa rannsókn. Hún var gerð á um 1500 manns á aldursbilinu 34 til 84 ára.

Vísindamennirnir mældu styrkleika hjarta og öldrunareinkenni heila. Þá kom í ljós að því kraftmeira sem hjartað er því minni öldrunareinkenni sjást á heilanum.

Þessi tengsl milli hjarta og heila mátti sjá bæði hjá fólki á fertugsaldri og öldungum komnum yfir áttrætt.

Frá þessu er skýrt meðal annars á vefsíðum BBC og þýska tímaritsins Spiegel.

„Þátttakendurnir eru ekki sjúklingar," hefur BBC eftir Angelu Jefferson, sem stjórnaði rannsókninni. „Mjög fáir þeirra eru með hjartasjúkdóma." - gb



**HJARTASTYRKJANDI ÆFINGAR** Kínverskir öldungar í leikfimi. NORDICPHOTOS/AFP

Nýr dómari við Hæstarétt:

## Skipaði í starfið í mánuðinum

**DÓMSMÁL** Stefnt er að því að skipa nýjan hæstaréttardómara áður en Hæstiréttur tekur til starfa að nýju um næstu mánaðamót. Hjördís Björk Hákonardóttir hæstaréttardómari lét af störfum um helgina og matsnefnd metur nú hæfni þeirra fjögurra umsækjenda sem sóttu um stöðu hennar.

Ása Ólafsdóttir, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, segir að nefndin hafi sex vikur til þess að ljúka störfum en að vonast sé til þess að málið verði klárað í þessum mánuði. - jhh

# Fimm féllu í bardaga eftir að Ísraelar fjarlægðu tré

**Ísraelskir og líbanskir hermenn skiptust á skotum á landamærum ríkjanna í gær með þeim afleiðingum að fimm létust. Deilt er um hvort ísraelskir hermenn farið yfir landamærin og ögrað þannig Líbönum.**

**LÍBANON, AP** Til skotbardaga kom milli ísraelskra og líbanskra hermanna á landamærum Ísraels og Líbanons í gær. Þetta eru alvarlegustu átökin sem orðið hafa frá heiftarlegum stríðsátökum þar fyrir fjórum árum.

Þrír líbanskir hermenn, einn yfirmaður í ísraelska hernum og einn blaðamaður létu lífið. Fréttum ber þó ekki saman um hvert var tilefni átakanna. Ekkert bendir til þess að líbönsku samtökin Hezbollah hafi átt hlut að máli.

Líbanonsher segir átökin hafa byrjað eftir að ísraelskir hermenn reyndu að fjarlægja tré sem var innan landamæra Líbanons en byrgði Ísraelsmönnum sýn. Líbanar segjast hafa skotið viðvörunarskotum, en ísraelski herinn hafi svarað með stórskotahríð.

Á ljósmynd frá AP-fréttastofunni, sem fylgir þessari frétt, má sjá ísraelskan hermann standa í körfu á krana sem beint er yfir landamæragirðinguna, þannig að hermaðurinn er Líbanonsmegin girðingarinnar meðan félagar hans fylgjast með á ísraelskri grund.

Ísraelski herinn neitar því að menn hans hafi verið komnir yfir landamærin, því öryggisgirðingin sé reist á ísraelsku landsvæði en landamæralínan sjálf liggi sums staðar nokkru handan girðingarinnar.

Saeed Hariri, forsætisráðherra Líbanons, sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann segir Ísraela hafa gerst brotlega gegn fullveldi Líbanons. Ísraelsmenn hóta hins vegar frekari aðgerðum ef átökin halda áfram.



**FARIÐ YFIR LANDAMÆRAGIRÐINGUNA** Líbanonsher segir tilefni átakanna hafa verið þegar ísraelskur hermaður fór yfir landamæragirðinguna, en Ísraelsher segir girðinguna á ísraelsku landsvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sameinuðu þjóðirnar hvetja bæði ríkin til að halda aftur af sér vegna þessa atviks svo átökin magnist ekki upp.

Fyrir fjórum árum gerðu Ísraelar innrás í Líbanon sem kostaði tólf hundruð Líbana og 160 Ísraela lífið. Eftir þau átök sendu Sameinuðu þjóðirnar tólf þúsund manna friðargæslulið á svæðið.

Andrea Tenenti, talsmaður friðargæsluliðsins, segir óljóst hvort Ísraelar hafi verið komnir yfir landamærin. Kanna þurfi hvað hæft sé í því.

Spenna hefur magnast við landamærin á síðustu mánuðum.

Mikil tortryggni virðist ríkja meðal Líbana gagnvart friðargæsluliðinu. „Eruð þið hér til að vernda okkur eða eruð þið hér til þess eins að flýja?" hrópuðu íbúar að friðargæslumönnum.

guðsteinn@frettabladid.is





Sparidagar Ormsson í 10 ár
Kaupið á óbreyttum 2001 verðum!
SPARI DAGAR 2·0·1·0
ENN BETRI VERÐ!
ENN BETRI TILBOÐ!
AEG • ÞVOTTAVÉL: 79.900,- kr.*
OLYMPUS • MYNDAVÉL: 15.900,- kr.
(HELMINGUR AF 2001 VERÐI)
AEG • BRAUÐRIST: 4.490,- kr.
AEG • KAFFIVÉL: 4.990,- kr.
PIONEER • DVD-SPILARI: 14.450,- kr.
(HELMINGUR AF 2001 VERÐI)
AUGLÝSING FRÁ BRÆÐRUNUM ORMSSON Í MORGUNBLAÐINU 23/8 2001
*Gildir 4. 5. 6. & 7. ágúst, eða að hámarki 50 þvottavélar
Sparidagar
Verðlækkun
AEG
á hinni fullkomnu Lavamat 74639
kr. 79.900
ORMSSON
20% afsláttur
af AEG þvottatækjum, kæliskápum, ofnum, helluborðum, gufugleypum og ryksugum
Brauðbox
Ruslafötur
20% afsláttur
brabantia
Tefal
Margar stærðir og gerðir
20% afsláttur
POTTAR OG PÖNNUR
OBH NORDICA
20% afsláttur
PIZZAOFN
SPARIDAGA VERÐ: 17.990,-
POPPVÉL
SPARIDAGA VERÐ: 9.990,-
DRAUMARYKSUGAN ER FRÁ
AEG
ÞÆR GERAST EKKI BETRI!
NÝ SENDING
FJÖLBREYTT ÚRVAL
20% afsláttur
AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
3 TÆKI Í PAKKA
· AEG OFN [B-3051-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [HK634000 XB]
· AEG VEGGHÁFUR [DK 3160-M]
LISTAVERÐ: 270.700,-
SPARIDAGAVERÐ: 189.900,-
AEG
AEG LAVAMAT 62840
AEG þvottavél
1200 snúninga · Tekur 6 kg af þvotti
Öll hugsanleg þvottakerfi
LISTAVERÐ: 119.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 89.900,-
SCOTT
DMX25HBK
Scott DVD spilari
LISTAVERÐ: 18.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 15.900,-
RX19
Scott útvarp
LISTAVERÐ: 11.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 8.900,-
Nintendo
STÓRKOSTLEGT LEIKJAÚRVAL
DS Lite
DS Lite leikjatölva
LISTAVERÐ: 29.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 24.900,-
AEG
LAVATHERM-T55460
AEG þurrkari
Barkalaus með rakaskynjara · Taumagn: 6 kg
LISTAVERÐ: 119.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 89.900,-
Verbatim
VE47540
Sjónvarpsflakkari
með upptöku 1TB
LISTAVERÐ: 69.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 39.900,-
SAMSUNG
C455
32" LCD SJÓNVARP
HD Ready · 1366x768 · High Contrast · 50Hz
SPARIDAGAVERÐ: 129.900,-
SHARP
SHARP-LC40LE600
40" LED SJÓNVARP
FULL HD · 1920x1080 WXGA upplausn (16:9) · 4 ms svartími · DVB-T móttakari
LISTAVERÐ: 40": 339.900,- kr.
á Sparidögum: 229.900,-
LC40LE700 LISTAVERÐ: 40": 389.900,- kr.
á Sparidögum: 259.900,-
AEG
FAVORIT 45001-W
AEG uppþvottavél
Hljóðlát vél aðeins 47db TURBO-þurrkun þurrkar með heitum blæstri · Taumagn: 12 manna stell
LISTAVERÐ: 134.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 99.900,-
CASIO
EX-Z35
Stafræn myndavél
12.1 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(35,5-106,5mm)
SPARIDAGA VERÐ: 18.900,-
SAMSUNG
P-191
DVD SPILARI
LISTAVERÐ: 16.900,- kr.
SPARIDAGAVERÐ: 14.900,-
SHARP
Skólareiknivélar
25% afsláttur
GÆÐI OG GOTT VERÐ FARA ALLTAF SAMAN HJÁ
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON SELFOSSI SÍMI 4801160
ORMSSON
Sparidagar Ormsson í 10 ár
Umboðsmenn um land allt!
LÁGMÚLA 8 Heimilistæki · SÍÐUMÚLA 9 Hljómtæki · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS



**ÍS OG ÁVEXTIR** Starfsfólk dýragarðsins í Jerúsalem gaf þessum apa ísklump með ávöxtum að gæða sér á í hitanum. NORDICPHOTOS/AFP

Icelandair eykur flugtíðni:

## Fjölgar ferðum vestur um haf

**FERÐAMÁL** Icelandair mun á næsta sumri fljúga tvisvar á dag til New York, Boston og Parísar. Þessi fjölgun verður á tímabilinu 1. júní til 12. september.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá Icelandair verður flugfélagið á þessu tímabili það flugfélag sem oftast flýgur milli New York og Norðurlanda. Þegar er það eina flugfélagið sem flýgur á milli Norðurlandanna og Boston og eitt af sex flugfélögum í heiminum sem flýgur oftar en einu sinni á dag milli Evrópu og Boston yfir sumarið.

Haft er eftir Birki Hólm Guðnasyni, forstjóra Icelandair, að félagið sjái tækifæri til að þétta áætlanir til að styrkja sig á markaði. **- sh**

# Velta smásöluverslunar dregst saman milli ára

Smásöluverslun dróst saman um ellefu prósent á síðasta ári. Innfluttar vörur hafa hækkað um rúman helming frá árinu 2006 en neysla hefur dregist saman. Smávöruverslun veltir tæpum 300 milljörðum.




**SMÁRALIND** Smávöruverslun hefur dregist saman milli ára. Veltan var ellefu prósentum minni 2009 en 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**VERSLUN** Velta smásöluverslunar á Íslandi dróst saman um ellefu prósent að raunvirði árið 2009, en frá árinu 2007 hefur veltan dregist saman um 15,5 prósent. Þetta kemur fram í Árbók verslunarinnar, sem Rannsóknasetur verslunarinnar gefur út í samstarfi við Kaupmannasamtök Íslands.

Velta smávöruverslunar var 294,5 milljarðar á síðasta ári. Það er þriggja prósenta vöxtur frá árinu 2008 á breytilegu verðlagi. Í skýrslunni segir að lengi vel hafi mátt rekja aukna veltu til vaxandi neyslu – en frá árinu 2007 hefur orsökin að mestu leyti verið vegna hækkandi verðlags. Magn neyslunnar hefur því dregist saman.

Frá árinu 2006 hafa innfluttar vörur hækkað um rúman helming að jafnaði. Innflutt matvara hefur hækkað mest, um 65 prósent. Aðrar innfluttar vörur hafa hækkað um rúm 45 prósent. Hlutur verslunar var 10,5 prósent af landsframleiðslu í fyrra, sem er svipað og síðustu ár. Dagvara er veltuhæsti flokkurinn í smásölu, og veltan í þeim flokki óx um tæp fimmtán prósent á árinu 2009. Fyrst og fremst er vöxturinn í stórmörkuðum, en velta smærri dagvöruverslana minnkar. Verslun með járn- og byggingarvörur kemur á eftir dagvöru og verulegur samdráttur er í þeirri verslun, um 28,6 prósent frá fyrra ári.

Verslun með áfengi og tóbak velti rúmum 25 milljörðum króna á síðasta ári, tæpum 19 prósentum meira en árið 2008. Þá hækkun má að öllu leyti rekja til verðhækkana, en ekki aukinnar neyslu, að því er fram kemur í skýrslunni. Verslun með húsgögn dróst saman um fimm prósent að nafnvirði, en ef tekið er tillit til hækkandi verðlags er í raun fjörutíu prósenta samdráttur. Svipaða sögu er að segja af raftækjaverslun sem dróst saman um tæp tíu prósent að nafnvirði en 32 prósent að raunvirði.

Fyrirtækin sem reka flestar verslanir á íslenskum smásölumarkaði eru Hagar, Kaupás, Samkaup og ÁTVR. Þar á eftir koma Lyf og heilsa, Lyfja, NTC og Penninn. Hagar reka til að mynda 61 dagvöruverslun og 22 fata- og sportvöruverslanir. Kaupás starfrækir 31 verslun undir merkjum Krónunnar, Nóatúns, 11-11 og Kjarvals. Samkaup rekur 48 verslanir, meðal annars undir nöfnum Nettó og Samkaupa. ÁTVR heldur úti 49 verslunum.

21.200 manns störfuðu við verslun á Íslandi í fyrra, 12.600 karlar og 8.600 konur. Það eru tæp 12,6 prósent heildarvinnuafls þjóðarinnar. Heildarlaun afgreiðslufólks í sérvöru- og matvöruverslunum voru 238 þúsund að miðgildi.

thorunn@frettabladid.is

ENNEMM / SÍA / NM42850



Þróunarsjóðir EFTA:

## Ísland mun miðla reynslu

**EVRÓPUMÁL** Ísland samdi við Evrópusambandið í vikunni um áframhald Þróunarsjóðs EFTA og Þróunarsjóðs Noregs. Sjóðirnir hafa 280 milljarða króna til umráða og er ætlað að veita styrki til verkefna sem styðja við félagslega og efnahagslega uppbyggingu fimmtán ríkja í Suður- og Austur-Evrópu.

Til ársins 2014 verður lögð áhersla á styrki til verkefna sem tengjast náttúruvernd og endurnýjanlegri orku. Íslensk sveitarfélög eru talin geta miðlað þekkingu og reynslu á þessum sviðum. **- sv**

Aukning í innflutningi á fyrri hluta árs hefur ekki mælst síðan árið 2006:

# Botninum náð og hagkerfið tekið að vaxa

**EFNAHAGSMÁL** Tölur um innflutning benda til þess að hagkerfið hafi fundið botninn og sé nú tekið að vaxa á ný á ýmsum sviðum eftir undangengna gjaldeyris- og bankakreppu. Þetta segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka. Hagstofan birti innflutningstölur fyrir helgi. Innflutningur jókst á fyrri hluta þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra.

„Aukningin í magni mæld var lítil eða 0,8 prósent en um er að ræða viðsnúning engu að síður frá því sem hefur verið í undangenginni kreppu,“ segir í umfjöllun Íslandsbanka, en á sama tíma í fyrra var 43 prósenta samdráttur. „Ekki hefur mælst aukning í innflutningi á fyrri hluta árs í magni talið frá árinu 2006.“

Fram kemur að tæplega fjögurra prósenta vöxtur hafi verið í innflutningi neysluvara. „Fyrir ári var 49 prósenta samdráttur í sömu stærð. Viðsnúningurinn þar er því verulegur á milli ára og til merkis um að neyslan sé nú farin að vaxa á ný.“ Bent er á að innflutningur á flestum sviðum hafi tekið við sér, svo sem á fatnaði og heimilistækjum.

„Lítilsháttar samdráttur mælist enn í innflutningi á bifreiðum en á móti hefur innflutningur á varahlutum í ökutæki aukist til muna eða um 10 prósent á milli ára en bifreiðaflotinn hefur elst nokkuð í kreppunni.“ **- óká**



**VERKSTÆÐI** Samdráttur er enn í bílainnflutningi, en varahlutasala hefur aukist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pólverjar eru fjölmennastir:

## Telja útlenda í Skagafirði

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Í Skagafirði býr fólk frá 25 þjóðlöndum auk Íslendinga. Alls eru 117 erlendir ríkisborgarar skráðir, flestir þeirra pólskir eða 34, samkvæmt tölum á vef Skagafjarðar.

Þeir sem koma lengst að eru frá Nepal, Taílandi, Brasilíu, Ástralíu og Suður-Afríku.

Verkefni sem unnið er að í Húsi frítímans gengur út á að hafa samband við íbúa með erlent ríkisfang og kynna þeim tómstundir og afþreyingu sem boðið er upp á í sveitarfélaginu. **- óká**

**REYKJAVÍK**

### Sundhöllin lokuð

Sundhöllin í Reykjavík verður lokuð til 7. ágúst vegna viðhalds. Á vef Reykjavíkurborgar eru gestir beðnir afsökunar á óþægindunum.

Umferð um verslunarmannahelgina jókst um þrú prósent milli ára:

# Helgarumferð töluvert meiri en í fyrra

**SAMGÖNGUMÁL** Umferð um verslunarmannahelgina var rúmlega þremur prósentum meiri í ár en í fyrra. Þó var verslunarmannahelgin ekki mesta umferðarhelgi sumarsins þar sem meiri umferð mældist á sex talningarstöðum Vegagerðarinnar helgina 16. til 18. júlí.

Vegagerðin skipti helginni upp í tvö samanburðartímabil svo hægt sé að bera hana saman við aðrar helgar sumarsins. Annars vegar er venjuleg helgi, frá föstudegi til sunnudags, borin saman við aðrar helgar og svo hins vegar frá föstudegi til mánudags.

6,8 prósenta aukning varð á umferð milli verslunarmannahelgarinnar og helgarinnar þar á undan. Þá var umferðin 3,1 prósenti meiri nú en um verslunarmannahelgi í fyrra. Sé helgin skoðuð frá föstudegi til mánudags varð aukningin milli ára 2,4 prósent.

Þrátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir aukinni umferð um Suðurlandsveg vegna Landeyjahafnar dróst umferð um veginn saman. Umferð um Vesturlandsveg jókst hins vegar mikið og telur Vegagerðin að það megi rekja fyrst og fremst til landsmóts UMFÍ sem var haldið í Borgarnesi. Margir hafi líklega nýtt sér nálægð Borgarness við höfuðborgarsvæðið og keyrt fram og til baka alla dagana í stað þess að gista í Borgarnesi. **- þeb**



**VESTURLANDSVEGUR** Umferð um veginn var talsvert meiri en um verslunarmannahelgina í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA





Netlykill á 0 kr.

Þú getur fengið 3G netlykil á 0 kr. gegn sex mánaða bindingu. Netlykilinn geturðu notað í sumarbústaðnum, fellihýsinu eða bara á þjóðveginum, enda veitir hann aðgang að stærsta 3G dreifikerfi landsins.

**Kynntu þér hagstæðar áskriftarleiðir Símans.**

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn**

Kynntu þér ævintýralegar haust– og vetrarferðir

**og bókaðu beint á heimsferdir.is**



# Haust- og vetrarævintýri

# Heimsferða

**Glæsilegar ferðir á frábærum kjörum!**

Tryggðu þér flugsæti og gistingu á þeim tíma sem hentar þér best og bókaðu lægsta verðið á www.heimsferdir.is.

Heimsferðir bjóða glæsilegar ferðir í haust og vetur til fjölda áfangastaða. Auk okkar sívinsælu ferða til Kanarí og Tenerife í allan vetur kynnum við nú glæsilegar ferðir til Antalya í Tyrklandi í haust og skíðaveislu í Austurríki, til skíðaparadísanna Flachau og Lungau.

Í haust eru jafnframt í boði ótrúlega fjölbreyttar borgarferðir til margra spennandi borga í Evrópu auk ferðar til Montreal í Kanada. Ennþá eru sæti laus í frábærar borgarferðir – tryggðu þér sæti strax!

## Antalya Tyrklandi

frá 189.980 kr.

– einstök perla í haust

**Beint leiguflug með Icelandair**

### Ótrúlegt verð

**Fame Residence Lara & Spa *******
**189.980 kr. – allt innifalið**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið.
26. október í 9 nætur. 10 nátta ferð 16. okt. 199.980 kr.

**Limak Lara *******
**216.780 kr. – allt innifalið**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið.
26. október í 9 nætur. 10 nátta ferð 16. okt. 232.880 kr.

Fleiri gististaðir í boði – sjá www.heimsferðir.is



## Skíðaveisla í Austurríki

Flachau og Lungau

frá 114.040 kr.



**Beint leiguflug með Icelandair**

### Ótrúlegt verð

**Skihotel Speiereck *** – Lungau**
**114.040 kr. – hálft fæði**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára í herbergi með hálfu fæði. Vikuferð 22. janúar. Verð m.v. gistingu í tvíbýli 129.880 kr.
Brottfarir 29. janúar og í febrúar 3.000 kr. aukalega.

Fleiri gististaðir í boði – sjá www.heimsferðir.is

ENNEMM / SIA • NM43022 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Borgarveisla í haust

frá 79.900 kr.

**Barcelona** frá 108.180 kr. – flug og gisting
14. okt. í 4 nætur – Örfá sæti laus

**Prag** frá 79.900 kr. – flug og gisting
30. sept. í 3 nætur – Nokkur sæti laus

**Búdapest** frá 79.900 kr. – flug og gisting
30. sept. í 4 nætur
7. okt. í 4 nætur – Uppselt
21. okt. í 4 nætur

**Róm** frá 109.900 kr. – flug og gisting
28. okt. – 4 nætur – Örfá sæti laus

**Madrid** frá 104.900 kr. – flug og gisting
28. okt. – 4 nætur

**Montreal** frá 99.900 kr. – flug og gisting
7. okt. – 4 nætur

**Ljubljana** frá 109.900 kr. – flug og gisting
21. okt. – 4 nætur – Nokkur sæti laus







# Tenerife

í haust og vetur

frá 116.640 kr. – allt innifalið í 9 nætur

Beint leiguflug með Icelandair

## Ótrúlegt verð

**Hotel Iberostar Las Dalias ****
116.640 kr. – allt innifalið**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára í fjölskylduherbergi, allt innifalið.
7. október í 9 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli. 134.680 kr.

**Parque Santiago ***
148.980 kr. - 14 nátta ferð**
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíóíbúð í 14 nætur, 27. nóvember.

Fleiri gististaðir í boði – sjá www.heimsferðir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlí› 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Stækkuð lyfjaverksmiðja Actavis opnuð um áramót:

# Framleiðslan getur aukist um helming

**HEILBRIGÐISMÁL** Stækkun lyfjaverksmiðju Actavis í Hafnarfirði gengur samkvæmt áætlun og er gert ráð fyrir því að hefja framleiðslu í nýja hlutanum um áramót.

Framleiðslugeta fyrirtækisins á Íslandi eykst um helming við stækkun verksmiðjunnar, og verður um einn og hálfur milljarður taflna á ári. Stækkunin er mjög mikilvæg fyrir starfsemina á Íslandi, að sögn Jóns Gunnars Jónssonar framkvæmdastjóra. Bæði verði hægt að sinna betur eftirspurn eftir vörum frá fyrirtækinu og styrkja stöðu fyrirtækisins með möguleika á að sinna enn fjölbreyttari framleiðslu.

Um 15 til 25 iðnaðarmenn hafa unnið að stækkuninni að staðaldri og fimm arkitekta- og verkfræðistofur koma að hönnun hússins. Þá hefur verið gengið frá kaupum á öllum tækjabúnaði, en gert er ráð fyrir að uppsetning á honum taki um tvo til þrjá mánuði.



**ACTAVIS** Unnt verður að framleiða um einn og hálfan milljarð lyfjataflna eftir stækkun.

Actavis ráðgerir að fjölga starfsfólki á næstu mánuðum, meðal annars í tengslum við stækkunina.

- þeb









**FRÉTTASKÝRING:** Hvernig eru reglur um erfðabreytt matvæli?



**VÍÐA UMDEILD** Erfðabreytt matvæli hafa víða verið á milli tannanna á fólki en margir óttast áhrif þeirra á heilsu fólks og umhverfið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Erfðabreytt matvæli ekki merkt sérstaklega á Íslandi

**Ísland er eina landið á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem erfðabreytt matvæli og fóður eru ekki merkt sérstaklega. Ýmsir segja brýna þörf á löggjöf um slíkt en landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið hyggst bíða eftir því að löggjöf ESB um málið verði tengd EES-samningnum.**

Hávær umræða hefur undanfarið geisað um hvort merkja skuli erfðabreytt matvæli og fóður sérstaklega. Neytendasamtökin hafa til að mynda lengi krafist slíkra merkinga og fært fyrir þeim þau rök að þær tryggi valfrelsi neytenda. Í apríl síðastliðnum sendu samtökin fyrirspurn til Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um málið. Í svari sem barst frá ráðuneytinu í lok júní kemur fram að ástæða þess að löggjöf ESB um erfðabreytt matvæli hafi ekki verið tekin upp hér á landi sé sú að Norðmenn hafi átt í samningaviðræðum við framkvæmdastjórn ESB um ákveðnar aðlaganir frá löggjöfinni og því falli hún enn ekki undir EES-samninginn. Þar kemur enn fremur fram að torvelt gæti reynst að taka framangreinda löggjöf upp án samstarfs við ESB og því sé ráðlegra að bíða.

Neytendasamtökin voru ekki ánægð með þetta svar ráðuneytisins. Í pistli á vefsíðu þeirra segjast þau ekki skilja fullyrðingar ráðuneytisins í ljósi þess að einungis sé farið fram á að sömu reglur gildi hér og innan ESB og einnig í ljósi þess að hin EFTA-löndin; Noregur, Sviss og Liechtenstein, hafa öll sett reglur um merkingar á erfðabreyttum matvörum. Þá hafa Neytendasamtökin bent á skoðanakönnun frá árinu 2005 þar sem 91 prósent aðspurðra taldi mjög eða frekar þarft að merkja erfðabreytt matvæli.



**HÖFUÐSTÖÐVAR ESB** Evrópusambandið hefur verið í fararbroddi í að láta merkja erfðabreytt matvæli. Aðildarlönd sambandsins þurfa að láta sérmerkja öll erfðabreytt matvæli. Slíkar reglur er til dæmis hvorki að finna í Bandaríkjunum né Kanada.

## Hvað eru erfðabreytt matvæli?

Matvæli sem framleidd eru úr lífverum sem breytt hefur verið með utanaðkomandi erfðaefni teljast erfðabreytt matvæli. Stærstur hluti þeirra eru nytjaplöntur og afurðir þeirra og er erfðabreytingunum oftast ætlað að láta plönturnar gefa meira af sér eða gera þær ónæmar fyrir skordýraeitri.

Margir óttast að erfðabreytt matvæli geti haft slæm áhrif á heilsu fólks og raskað jafnvægi í náttúrunni. Flestar rannsóknir benda til þess að þau hafi ekki slæm áhrif á heilsu fólks en þrátt fyrir það er ekki hægt að útiloka skaðsemi þeirra til lengri tíma. Að sama skapi ríkir óvissa um hvaða áhrif þau geti haft á umhverfið.

ESB hefur verið í fararbroddi þeirra sem merkja erfðabreytt matvæli. Innan ESB þarf að merkja öll erfðabreytt matvæli sérstaklega en sambærilegar reglur eru meðal annars í Rússlandi, Kína, Japan, Brasilíu, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Í Bandaríkjunum og Kanada eru hins vegar engar reglur um merkingar erfðabreyttra matvæla.

Í þeim löndum sem sett hafa reglur um merkingar erfðabreyttra matvæla hefur það yfirleitt verið rökstutt með því að reglurnar veiti neytendum sjálfsagt val. Þeir sem lagst hafa gegn slíkum merkingum segja aftur á móti engan mun vera á erfðabreyttum og matvælum sem ekki eru erfðabreytt og því sé engin þörf á sérstökum merkimiðum sem þjóni ekki öðru hlutverki en að hræða neytendur.

Ef marka má svar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við fyrirspurn Neytendasamtakanna er einungis tímaspursmál hvenær reglur verða settar hér á landi um merkingar erfðabreyttra matvæla en ljóst er að margir eru orðnir heldur óþolinmóðir eftir því.




**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

# -5kr.

## DÆLULYKILL

# Atlantsolíudagur

Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna afslátt** fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.



**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is**

ATLANTSOLIA

**Atlantsolía - Lónsbraut 2, 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is**

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 49320 02/10

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Meðvitaðir neytendur krefjast haldgóðra merkinga á vörum.

# Hvað, hvaðan og hvernig?

Áhugi neytenda á því hvaðan matvæli eru upprunnin, hvernig vinnslu þeirra var háttað, hvaða efni þau innihalda og jafnvel hvernig viðskiptahættir voru viðhafðir milli framleiðanda og dreifingaraðila færist stöðugt í vöxt.

Krafa nútímaneytanda er að geta valið vörur og einnig að geta hafnað þeim ekki bara eftir verði þeirra, sem vissulega skiptir miklu máli, heldur einnig á forsendum þekkingar á vörunni. Þessi krafa kallar á haldgóðar merkingar á matvælum og raunar öðrum vörum einnig.

Upplýsingarnar sem kallað er eftir eru margvíslegar. Beðið er um upprunaland framleiðslu. Við viljum geta valið íslenskt og gerum kröfu um það að til dæmis grænmeti sé vel merkt. Íslenskir grænmetisbændur hafa komið vel til móts við þennan áhuga neytenda og eru farnir að merkja vörur sínar þannig að í mörgum tilvikum eru upplýsingar um það frá hvaða garðyrkjubýli varningurinn kemur. Þetta er gott dæmi um það hvernig framleiðendur sem eru stoltir af vöru sinni koma til móts við vaxandi kröfur neytenda um upplýsingar.

SKOÐUN



**Steinunn Stefánsdóttir**

steinunn@frettabladid.is

Margir neytendur vilja einnig fá upplýsingar um það hvort um er að ræða lífræna ræktun eða ekki. Þessar upplýsingar skila sér alla jafna vel enda er framleiðendum lífrænnar vöru í mun að koma upplýsingunum áleiðis.

Vörum sem eru Fair Trade merktar hefur fjölgað talsvert í hillunum en með slíkri merkingu er það staðfest að ræktandi hráefnis hafi fengið sanngjarnt verð fyrir vöru sína. Upprunalandið skiptir einnig máli. Margir kjósa að kaupa vörur frá tilteknum löndum, eða sniðganga af ýmsum ástæðum.

Aðrar upplýsingar eru ekki jafnvinsælar. Þetta á til dæmis við um aukefni í matvælum og upplýsingar um það hvort á ferðinni eru erfðabreytt matvæli. Þá koma til reglur sem eiga að tryggja að neytandinn fái þessar upplýsingar. Slíkar reglur gilda um aukefnainnihald og í öllum Evrópulöndum nema á Íslandi eru einnig reglur um merkingu á erfðabreyttum matvælum enda er það ekki nema sjálfsögð krafa að eiga þess kost að velja hvort erfðabreyttra matvæla sé neytt eða eða ekki. Þetta gat verður að stoppa í strax.

Það ætti ekki að vera flókið að koma til móts við sjálfsagðar óskir meðvitaðra neytenda sem snúast um að á umbúðum matvæla megi finna upplýsingar um hvaðeina er varðar uppruna þeirra; upprunaland og jafnvel nánari staðsetningu, upplýsingar um það hvort um er að ræða lífræna ræktun eða kannski erfðabreytta eða hvort maturinn innihaldi msg.

Einboðið er að þeir framleiðendur sem eru stoltir af sinni vöru, sem allir framleiðendur sem skila vandaðri vöru á markað hljóta að vera, fagni því tækifæri að koma sem mestum upplýsingum um vöru sína á pakkningarnar sér og neytendum til hagsbóta.

Skortur á merkingum hlýtur því að benda til þess að framleiðandi eða dreifingaraðili hafi eitthvað að fela. Er það svo að framleiðendur erfðabreyttra matvæla vilji ekki gangast við þeim og ef svo er, hvers vegna ekki?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvað gerðist?

Tíðindi urðu nokkur í gær þegar Runólfur Ágústsson sagði af sér sem umboðsmaður skuldara í beinni útsendingu í Kastljósinu. Aðdragandann þekkja allir, en þeir sem horfðu á félagsmálaráðherrann fullyrða við fréttamenn fyrr um morguninn að kannski hefði verið rétt að kanna skuldastöðu Runólfs og fjármálaviðskipti aftur í tímann og sjá hvað úr yrði, urðu hissa þegar hann sagði að ráðherra hefði beðið hann að stíga til hliðar síðar sama dag. Annað hvort hefur Árni Páll síðar um daginn fengið upplýsingar sem gjörbreyttu stöðunni, eða hann hefur ákveðið að upplýsa fréttamenn ekki um raunverulegan gang mála.



### Stýrði umræðan?

Kannski hefði mátt koma í veg fyrir allt þetta havarí ef fortíð Runólfs hefði verið könnuð í þaula áður en hann var ráðinn. Ef allt er í himnalagi hefði mátt svara gagnrýninni strax í stað þess að bíða í eina og hálfa viku. Eða ætluðu menn að sjá hvað umræðan í samfélaginu ræki þá til að gera?



### Klingende klart

Nú berast fregnir af því að Norðmenn vilji ekki taka upp viðræður um Smugudeiluna á ný. Það rifjar upp ummæli forstjóra Samherja, Þorsteins Más Baldvinssonar, á tíunda áratug síðustu aldar þegar deilan stóð hvað hæst. Hann gaf Norðmönnum ekki háa einkunn og sagði: „Det er klingende klart, at vi ser Nordmen som vores uven!“ Kannski Þorsteinn hressi upp á norsk kjarnyrði fyrir næstu deilu.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Sjálfstæðisflokkur geri upp

Frjálshyggja



**Svavar Gestsson**

fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins

Ingvi Hrafn Jónsson rekur skemmtilega sjónvarpsstöð; í þeim skilningi að þar er sitt hvað fyndið. Eitt af því eru samansúrraðir blótpistlar um allt milli himins og jarðar nema Sjálfstæðisflokkinn; hverju guð forði. Stundum hefur hann í kringum sig menn sem hneigja sig og brosa við honum í annars fátæklegri upptökunni. Undirritaður viðurkennir að hann horfir næstum aldrei á þessa þætti; tekur annað fram yfir á sólardögunum við Breiðafjörð um þessar mundir.

Undirritaður sá hins vegar í þátt sem Ingvi stjórnaði á dögunum þar sem þrír svartklæddir menn sátu og dáðust að honum. Í þættinum veittist Ingvi harkalega að ríkisstjórninni, einkum vinstri grænum, og tókst meira að segja í leiðinni að ávarpa vesaling minn. Átta ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa verið í Alþýðubandalaginu! Úff. Ég hef reyndar lengi haldið því fram að Alþýðubandalagið hafi verið besti flokkur síðustu aldar og staðfestist það með þessu mannvali á ráðherrastólum eins og kunnugt er. En tilefni þessara skrifa er ekki þetta heldur hitt að aftur og aftur kölluðu þeir sem komu fram í þættinum sig frjálshyggjumenn. Ég hélt satt að segja að það væri skammaryrði nú til dags. Og það er reyndar tilefni þessa pistils: Er frjálshyggja ekki skammaryrði á Íslandi? Er í lagi að styðja frjálshyggjuna sem lagði Ísland í rúst fyrir aðeins örfáum misserum? Eins þarf Sjálfstæðisflokkurinn að gera upp við frjálshyggjuna. Í nefndum hrafnaþætti voru tveir alþingismenn; þeir mótmæltu því ekki að Sjálfstæðisflokkurinn byggði enn á frjálshyggjunni. Það leiðir hugann að nauðsyn þess að flokkurinn geri upp við frjálshyggjuna. Það er háskalegt að leiða Sjálfstæðisflokkinn aftur til valda ef frjálshyggjan er enn þá trúarsetning þar á bæ. Er það svo? Enn er það svo að Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkur landsins í mörgum skoðanakönnunum. Fyrir skömmu birtist enn ein könnunin þar sem flokkurinn hefur lykilstöðu. Samkvæmt henni gæti hann myndað ríkisstjórn með tveimur flokkum án stuðnings þess þriðja. Mikill fjöldi traustra og heiðarlegra einstaklinga er meðal flokksmanna í Sjálfstæðisflokknum og jafnvel í forystu. Þetta fólk vill ekki vera frjálshyggjufólk. Það telur að frjálshyggjan hafi leitt hræðilegan ófarnað yfir þjóðina. Það veit sem er að það var hugmyndafræði ofurfrelsisins sem kom Íslandi á hnén.

Þökk sé Ingva Hrafni Jónssyni fyrir að vekja athygli á þessi alvarlega vandamáli. Kannski að hann stýri uppgjörinu?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Allt sem nöfnum tjáir að nefna

Skipulagsmál

Ingólfur Steinsson

Ritstjóri og tónlistarmaður



Ef einhver skyldi halda að maður þyrfti að fara í bíó eða á vídeóleigu til að ná sér í hrollvekju þá vil ég benda hinum sama á að kveikja bara á fréttunum. Þar eru allar þær hrollvekjur sem maður þarf og meira til. Um daginn heyrði ég t.d. að nú stæði til að byggja þrjú eða fjögur glæsihótel í Reykjavík og bæta þar með við fleiri hundruð herbergjum. Reyndar var tekið fram í fréttinni að töluvert vantaði upp á að þau herbergi sem þegar eru í boði séu fullnýtt. Ég fékk léttan hroll og sá fyrir mér glerhallirnar rísa eina af annarri. Verst þótti mér þó að heyra að ein þessara bygginga ætti að rísa í gamla slippnum í Reykjavík. Í „góðærinu“ fóru menn langt með að eyðileggja slippinn og nú skal rísa þar hótel, í sönnum 2007 stíl ef ég þekki arkitekta og byggingaverktaka þessa lands rétt.

Ég hef komið í gömlu verbúðirnar við hliðina á slippnum nokkrum sinnum í sumar. Búið er að glæða þær lífi á einfaldan og skemmtilegan hátt sem minnir helst á eitthvað sem maður hefur til þessa aðeins séð í útlöndum en er greinilega líka hægt að gera hér á landi. Það þarf kannski ekki endilega að reisa glerhöll með skútulægi og þyrlupalli. Enda virðast þessi þrjú gömlu verbúðarhús draga að sér einkar fjölbreytt mannlíf.

Sem ég sat þarna og drakk frábært kaffið á Kaffi Haítí fékk ég hugmynd sem mig langar að gauka að borgarstjórnarfólki. Af því að nú á allt að vera svo fyndið og frábært og lífið svo fallegt og skemmtilegt, hvernig væri þá að slaufa þessari hótelhugmynd. Reisa í staðinn svona fimm til tíu verbúðir í stíl við þær þrjár sem eru þarna fyrir. Láta þær teygja sig áfram inn á það svæði í slippnum sem laust er. Leigja svo út plássið á viðráðanlegu verði til listafólks, listiðnaðar, handverkstæða af ýmsu tagi, smábúða, kaffihúsa, matstaða. Allt sem nöfnum tjáir að nefna gæti fengið þar inni svo fremi það hafi aðdráttarafl og fullnægi kröfunni um skemmtilegheit. Ég er klár á því að slíku framtaki mundi fylgja iðandi mannlíf allt árið um kring og auðvitað sérstaklega á sumrin. Erlendir sem innlendir ferðamenn mundu hópast þangað og borgarbúar sömuleiðis. Þetta hefði líka þann augljósa kost að forða okkur frá þeim grimmu örlögum að fá yfir okkur enn eina glerhöllina og það á einum viðkvæmasta stað borgarinnar. Þetta er svæði sem ber að vernda og þar á að lofa andblæ og stíl liðins tíma að njóta sín.

Ég skora á besta fólkið og félaga að skoða þessa hugmynd í fullri alvöru. Eitt af því sem það talaði um fyrir kosningarnar var að það þyrfti að gera hlutina öðru vísi.

# Magmahringekjan

Magmamálið

Franz Árnason

Formaður Samorku



Samorka, sem eru samtök orku- og veitufyrirtækja, hafa til þessa setið hjá í þeim dansi sem stiginn hefur verið á hinum pólitíska vettvangi að undanförnu varðandi kaup hins kanadíska fyrirtækis Magma á hlut í HS-orku, í gegnum sænskt dótturfélag. HS-orka, Orkuveita Reykjavíkur og önnur þau orkufyrirtæki sem eru aðilar að Magmaumræðunni eru öll aðilar að Samorku og því eðlilegt að Samorka láti sig málið varða. Starfssemi Samorku felst meðal annars í því að tryggja að félagar innan samtakanna starfi samkvæmt þeim lögum og reglum og því starfsumhverfi sem fyrirtækjunum er búið á hverjum tíma. Stjórnvöld og Samorka hafa átt farsælt samstarf í áranna rás varðandi umbætur á rekstrarumhverfi þessa mikilvæga málaflokks innan samfélags okkar. Því skal fullyrt að aðildarfélagar samtakanna hafa lagt metnað sinn í að starfa samkvæmt þeim lögum sem í gildi hafa verið á hverjum tíma og ekki stundað nokkur undanskot hvað það varðar.

### Farið að lögum

Því er það mjög óþægilegt, svo ekki sé fastar kveðið að orði, að verða vitni að því hvernig rætt er um orkufyrirtækin sem koma að Magmamálinu og þeim núið um nasir lögbrotum og óeðlilegum starfsháttum. Innan samtakanna sjá menn ekki annað en að við sölu á hlutum í HS Orku hf. hafi verið farið eftir þeim lögum sem gilda um mál af þessu tagi. Ef lögin eru gölluð eða samrýmast ekki þjóðarvilja þá er það löggjafans að breyta lögunum. Þó skal haft í huga að slíkar lagabreytingar má ekki gera eftir dagspöntunum þegar einstökum þegnum eða þingmönnum finnast lögin ósanngjörn og umræða um afturvirk lög á aldrei rétt á sér.

Í Magmamálinu hafa allar staðreyndir legið fyrir í marga mánuði og lagaramminn hefur verið fyrir hendi. Aðdragandinn er líka það langur og ferlið allt á þann veg að stjórnvöld hafa haft fulla vitneskju um málsatvik og því oft haft tækifæri til að koma þar að, annað hvort sem kaupendur eða með því að breyta lögum í tæka tíð.

### Auðlindin áfram í opinberri eigu

Margsinnis hefur komið fram að hér er ekki verið að selja auðlind. Hér er um að ræða að leigja aðgang til nýtingar á auðlind um ákveðinn tíma. Auðlindin verður áfram í eigu opinberra aðila sem njóta munu afraksturs af þeirri eign auk þess sem nýtingin er undir ströngu eftirliti Orkustofnunar. Einu gildir í raun í þessu sambandi hvort orkuframleiðandinn er í opinberri eigu, innlendur eða erlendur. Ríkið setur lagarammann og ríkið stýrir nýtingunni í raun, til dæmis í gegnum virkjunarleyfisskilmála hverju sinni.

Bent hefur verið á að æskilegt hefði verið að innlendir aðilar hefðu keypt hluti í HS-orku og hafa lífeyrissjóðir landsmanna verið nefndir. Víst er um að lífeyrissjóðirnir skoðuðu málið vandlega en féllu frá hugmyndinni. Við getum velt fyrir okkur ástæðunum, en skyldi ástæðan vera sú að arðurinn af rekstri orkufyrirtækja sé ekki slík auðsuppspretta sem stundum er látið í veðri vaka?

Eitt er víst að ef ætlunin er að nýta orkuauðlindirnar til framfara fyrir borgara þessa lands, þá þarf að virkja þær. Orkulind skapar ekki arð og atvinnu nema hún sé virkjuð. Til að virkja orkuauðlindir þarf fjármagn sem tæpast er tiltækt hjá ríkissjóði eða öðrum innlendum aðilum og því er erlent fjármagn nauðsynlegt. Nú hefur erlendur aðili, sem sérhæfir sig á þessu sviði, gefið sig fram og er tilbúinn til að taka þátt í uppbyggingunni, samkvæmt íslenskum lögum, og taka áhættuna sem því fylgir. Þeim mun undarlegra er að þegar svo er komið skulu nokkrir alþingismenn og jafnvel ráðherrar gera því skóna að æskilegt og jafnvel nauðsynlegt sé að stöðva þetta ferli.

> Innan samtakanna sjá menn ekki annað en að við sölu á hlutum í HS Orku hf. hafi verið farið eftir þeim lögum sem gilda um mál af þessu tagi.

### Áhrif á orðspor Íslands

Það er ef til vill ekki í verkahring samtaka á borð við Samorku að segja stjórnvöldum fyrir verkum en með hliðsjón af því góða samstarfi sem ávallt hefur ríkt milli þessara aðila, þá er ekki óeðlilegt að samtökin vari við afleiðingunum þess að grípa til óyndisúrræða. Síkur gjörningur hefur ekki bara áhrif á þetta ákveðna kanadíska fyrirtæki, heldur mun þetta hafa áhrif á orðspor okkar sem ekki er of gott fyrir. Aðrir erlendir aðilar sem kunna að vera tilbúnir til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi í framtíðinni munu hugsa sinn gang ef farið verður offari af hálfu stjórnvalda í þessu máli.

Hreint loft með cleanaer



nýtt

Tea Tree ilmur

Sótthreinsandi virkni sem drepur 99.9% af bakteríum og vírusum meðal annars svínaflensu H1N1 vírusinn.

VORTILBOÐ 9.995

FULLT VERÐ 12.995

Tea Tree hylki fylgir frítt með!




- Hreinsar loft með sérstakri jónatækni
- Minnkar ryk og lykt í andrúmsloftinu
- Minnkar frjókorna- og dýraofnæmi
- Vottað af bresku ofnæmissamtökunum
- Hreinsar allt að 56m3 rými

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

Útsalan er hafin!

Vönduð húsgögn fyrir pallinn, svalirnar eða sólstofuna.

Allt að 50% afsláttur!




Pisa sett: Borð 170x100 m/gráu gleri, 4 stólar m/gráu áklæði verð áður kr. 139.500,- verð nú kr. 83.700,- m/40% afsl.



Knut sófi, hliðarborð fylgir Verð áður kr. 198,500,- nú kr. 139,000,- m/30% afsl.



Hyatt sólbekkur, sterk álgrind m/svörtu textilene áklæði, stillanlegt bak. verð áður kr. 55.350,- verð nú kr. 27.675,- m/50% afsl.

Signature ••• húsgögn

Opið: Má. - Fö. 12 - 18 Lau. 11 - 15

Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 250.000 KRÓNA AFSLÆTTI**
**KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI**
**HÁRBLÁSARAR OG SLÉTTUJÁRN - VERÐ FRÁ KR. 995**
**POTTAR OG PÖNNUR MEÐ ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI**
**PHILIPS LOFTHREINSITÆKI MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI**

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP BÍLTÆKI FERÐATÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**20 LÍTRA KENWOOD STÁL ÖRBYLGJUOFN AÐEINS 11.995 KR.**
**PHILIPS HÁRVÖRUR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI**
**HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI**
**PHILIPS HLJÓMTÆKI - VERÐ ÁÐUR KR. 69.995**
**- NÚ KR. 39.995 - AFSL. KR. 30.000 EÐA 43%**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**Opið laugardaga**
**kl. 10 – 16**

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

ide line · Melissa · TecnoWind · Bauknecht · elna · exido · VESTFROST · INDESIT · DeLonghi · Whirlpool

# Hlutfallslegur stöðugleiki

Evrópumál

Jón Steindór Valdimarsson
Lögfræðingur



Fiskveiðistefna ESB er til endurskoðunar. Hún er langt frá því að vera fullkomin og skilar ekki þeim árangri sem henni er ætlað. Þess vegna er hún til endurskoðunar og þar takast á margvíslegir hagsmunir innan einstakra aðildarríkja og einnig á milli þeirra. Hér koma að borði 27 ríki, sum með verulega hagsmuni af fiskveiðum, önnur alls enga. Öllum er ljóst að grípa þarf til róttækra ráðstafana til þess að byggja upp fiskistofna og gera útgerð og fiskvinnslu að arðbærum atvinnugreinum.

Stjórn fiskveiða á Íslandi og úthlutun aflaheimilda hefur verið sífellt þrætuepli frá því að byrjað var að stjórna veiðum hér við land með markvissum hætti. Engin sátt ríkir um kerfið og sitja Íslendingar þó einir að sínum fiskimiðum og þurfa ekkert tillit að taka til annarra þjóða þegar rætt er nýtingu þeirra. Þetta er ágætt að hafa í huga þegar rætt er um sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og erfiðleika við endurskoðun hennar.

### Grænbók leggur grunn að umræðu

Framkvæmdastjórn ESB gaf út svokallaða Grænbók um endurskoðun fiskveiðistefnu sinnar í apríl 2009 (Green Paper: Reform of the Common Fisheries Policy). Í Grænbókinni er núverandi ástandi lýst, bent á marga galla kerfisins og reifaðar margvíslegar mögulegar leiðir til úrbóta og loks varpað fram spurningum.

Í Grænbókinni segir að tilgangur hennar sé að hleypa af stað og ýta undir opinbera umræðu jafnframt því að draga fram sem flest sjónarmið um framtíðarskipan sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Öllum sem vilja er gefinn kostur á að tjá sig og senda inn athugasemdir og tillögur. Allt það efni er aðgengilegt á vef framkvæmdastjórnarinnar og er býsna fróðlegt að glugga í margt af því sem þar er sett fram af einstaklingum, hagsmunasamtökum, þjóðþingum og ríkisstjórnum, meðal annars utan ESB t.d. Íslands. Ætlunin er að leggja fram tillögur að endurskoðaðri stefnu á næsta ári.

### Hagsmunir Íslands miklir

Ísland á í samningaviðræðum um aðild að ESB. Sjávarútvegsmál eru mikilvægur þáttur í þeim viðræðum og er markmið íslenskra stjórnvalda að tryggja raunverulegt yfirráð Íslands yfir nýtingu fiskimiða við strendur landsins. Af þessum sökum skiptir endurskoðun sjávarútvegsstefnu ESB Íslendinga miklu máli. Eitt af því sem hefur verið bent á að verði Íslendingum til framdráttar er að kerfi ESB byggi á hefðarrétti aðildarríkjanna til veiða, þ.e. að hlutfallslegum stöðugleika skuli haldið með vísan til veiðireynslu í fortíð. Í þessu ljósi er mikilvægt að átta sig á því hvort líkur séu á því að þessi regla verði áfram einn af meginþáttum fiskveiðistefnu ESB eða hvort henni verði kastað fyrir róða.

### Reglan um hlutfallslegan stöðugleika

Með hlutfallslegum stöðugleika er vísað til reglu sem hefur verið einn af hornsteinum sjávarútvegsstefnunnar frá árinu 1983. Í reglunni felst að hverju aðildarríki er úthlutað ákveðnu föstu hlutfalli af heildarkvóta tiltekinnar fiskitegundar. Hlutfall hvers ríkis er byggt á veiðireynslu þess. Með þessu móti er haldið jafnvægi milli ríkjanna við veiðar úr lögsögum aðildarríkja sem eru eðli máls samkvæmt samhangandi og fiskistofnar í mörgum tilfellum á ferð milli þeirra. Í þessu samhengi er gott að hafa í huga að íslenska 200 mílna efnahagslögsagan stendur sjálfstætt og á ekki landamæri nema við grænlensku og færeysku lögsöguna en þar gildir miðlína. Undanfarna áratugi hafa engir nema Íslendingar aflað sér veiðireynslu á þessu svæði.

### Hvað segir í Grænbókinni?

Í Grænbókinni er fjallað um regluna í kafla 5.3. Þar segir m.a.:

„Hlutfallslegur stöðugleiki hefur haft þann kost að skipta möguleikum til veiða milli aðildarríkjanna. Hún hefur hins vegar jafnframt leitt til mjög flókinnar háttsemi, s.s. kvótaskipta milli aðildarríkja eða útflöggunar útgerða. Til viðbótar hafa markmið um stjórnun veiðigetu gert heildarmyndina enn óskýrari. Að liðnum 25 árum með þessari reglu og breytingum á veiðimynstri er nú orðið verulegt misvægi milli kvótans sem er úthlutað til aðildarríkjanna og raunverulegrar þarfar og nýtingar flota þeirra. Því er óhætt að segja að reglan um hlutfallslegan stöðugleika tryggi ekki lengur að veiðiréttur inn haldist hjá viðkomandi veiðisamfélagi. Til viðbótar takmarkar reglan sveigjanleika við útfærslu fiskveiðistefnunnar með a.m.k. þrennum hætti:

- hún dregur úr möguleikum sjávarútvegsins til að nýta eigin getu sem best og að taka upp nýjar aðferðir og tækni við veiðar;
- hún er ein af meginástæðum þess að stjórnvöld í aðildarríkjunum hafa einbeitt sér að því að auka heildarkvóta (TAC) og þar með eigin hlutdeild á kostnað annarra mikilvægra langtímasjónarmiða. Í mörgum tilvikum veldur þetta óeðlilegum þrýstingi á aukningu heildarkvótans vegna þess að ríki sem vill meiri kvóta í sinn hlut á engan annan kost en að beita sér fyrir því að heildarkvótinn innan ESB verði aukinn;
- hún stuðlar að brottkasti vegna þess að hún leiðir oft til margra landskvóta, sem hver um sig setur þrýsting á brottkast; floti eins lands hefur e.t.v. ekki fullnýtt kvóta sinn fyrir tiltekna tegund á sama tíma og annar floti hefur fullnýtt sinn, eða á alls engan kvóta, og er því neyddur til brottkasts.

Vegna þeirra ástæðna sem nefndar eru hér að framan er nauðsynlegt að ræða framhald reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika í núverandi búningi. Einn kostur væri að taka upp í staðinn sveigjanlegra kerfi s.s. að úthluta veiðiréttindum. Annar kostur væri að halda í meginregluna, en taka upp meiri sveigjanleika til að taka á núverandi göllum og laga landskvótana að raunverulegum þörfum flota hvers ríkis."

Síðan eru lesendur Grænbókarinnar spurðir:

„Hvernig er unnt að móta regluna um hlutfallslegan stöðugleika þannig að hún stuðli betur að markmiðum sameiginlegu fiskveiðistefnunnar? Á að hverfa frá reglunni. Ef ekki, ætti hún að verða sveigjanlegri, og ef svo, hvernig þá? Hvernig væri hægt að haga slíkri útfærslu?"

### Er vilji til að kasta reglunni?

Rétt er að ítreka að Grænbókin fjallar um fjölmörg atriði og er reglan um hlutfallslegan stöðugleika aðeins lítill hluti hennar. Grænbókin bendir vissulega á alvarlega galla og að tíminn og þróunin hafi leitt í ljós að reglan og útfærsla hennar fullægi ekki sem skyldi markmiðum sínum. Grænbókin kallar því eftir hugmyndum um úrbætur en þar er alls ekki lagt til að hún verði lögð til hliðar.

Framkvæmdastjórnin gaf út í apríl 2010 samantekt á athugasemdum 350 aðila sem brugðust við Grænbókinni. Í kafla 3.3 segir meðal annars um athugasemdir við regluna um hlutfallslegan stöðugleika:

„Mikill meirihluti umsagnaraðila (þ.m.t. flest aðildarríki) styður að halda reglunni um hlutfallslegan stöðugleika og telur hana hornstein sjávarútvegsstefnunnar sem tryggi stöðugleika og öryggi. Takmarkaður fjöldi umsagnaraðila er reiðubúinn að endurskoða regluna og færa kerfið meira í átt að markaðskerfi með veiðiheimildir….það er mikill stuðningur við að endurskoða úthlutunarlykla og færa þá nær raunveruleikanum, sérstaklega með hliðsjón af árlegum kvótaskiptum."

### Reglan blívur

Niðurstaðan af því sem að framan er rakið er sú að ekkert gefur til kynna að reglan verði ekki áfram hornstein sjávarútvegsstefnu ESB. Líklegt er að gerðar verði breytingar á útfærslu hennar svo hún þjóni betur settum markmiðum. Þetta má ráða m.a. af umsögn Evrópuþingsins frá 25. febrúar 2010 og nú síðast af sameiginlegri yfirlýsingu Póllands, Þýskalands og Frakklands um hlutfallslegan stöðugleika frá 29. júní 2010.

Flest bendir til þess að þróunin verði sú að draga úr miðstýringu og fela aðildarríkjum, strandsvæðum og hagsmunaaðilum mun meiri völd og áhrif á stjórnun fiskveiða en nú er. Það er þróun sem ætti að vera Íslendingum að skapi.

> Hlutfallslegur stöðugleiki hefur haft þann kost að skipta möguleikum til veiða milli aðildarríkjanna.

# Umsóknarferlið býður upp á tækifæri

Evrópumál

Anna Margrét Guðjónsdóttir
Fyrsti varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi



Nú er hafið svokallað aðlögunartímabil Íslands gagnvart Evrópusambandinu sem mun vara þar til þjóðin tekur afstöðu til væntanlegs aðildarsamnings. Á þessu tímabili munum við Íslendingar eiga kost á að fá ýmiss konar aðstoð frá sambandinu og aðildarríkjum þess – aðstoð sem sumir andstæðingar ESB aðildar hafa viljað kalla þróunaraðstoð en aðrir líta á sem kærkomið tækifæri fyrir okkur til að læra af öðrum Evrópuþjóðum.

Aðlögunartímabil umsóknarríkis er sniðið að aðstæðum og óskum í hverju ríki fyrir sig. Af því leiðir að aðstoð við okkur Íslendinga verður með öðru sniði en aðstoð við Austur-Evrópuríki enda staða okkar mjög frábrugðin stöðu þeirra við upphaf aðildarviðræðna. Ekki hefur verið endanlega ákveðið með hvaða hætti stuðningi við Ísland verður háttað en fjölmargir aðilar bæði innanlands og hjá framkvæmdastjórn ESB vinna nú að gerð sérstakrar áætlunar þar um. Gengið er út frá því að aðstoðin muni skiptast í þrennt, þ.e. faglega ráðgjöf, fjárhagslega aðstoð og stuðning við þátttöku í samstarfsverkefnum. Meðal þeirra sem leggja hönd á plóg við gerð áætlunarinnar hér á landi eru ráðuneyti, sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðarins, hagsmunasamtök o.fl.

Fagleg ráðgjöf mun einkum beinast að því að aðstoða við að skipuleggja þátttöku í þeim tvö dæmi valin af handahófi en möguleikarnir eru fjölmargir og veltur það mikið á frumkvæði hagsmunaaðila hvar verður borið niður.

Fagleg ráðgjöf á aðlögunartímabilinu mun líka snúast um það að veita íslenskum stjórnvöldum aðstoð við að undirbúa stofnanir hins opinbera til þátttöku í starfi Evrópusambandsins. Til að geta tekið þátt í uppbyggingarsjóðum ESB (e. Structural funds) þurfa aðildarríkin að gera vandaðar áætlanir til margra ára um helstu málefni, t.d. atvinnu- og svæðaþróun, samgöngur, eflingu mannauðs og menntunar o.s.frv. Þau þurfa að sýna fram á að áætlunum sé framfylgt, samræmi og samþætting sé milli þeirra og að viðhöfð sé vönduð stjórnsýsla. Áætlanagerð og staðfesta við að framfylgja þeim hefur staðið okkur fyrir þrifum og því er kærkomið að fá ráð sérfræðinga í þessum efnum. Grunnur að samþættri áætlanagerð hefur verið lagður með Sóknaráætlun 20/20 og hver sem niðurstaðan verður um aðild væri ákjósanlegt að fá sérfræðiaðstoð við að ljúka gerð hennar og þjálfun í áætlanagerð af þessum toga.

Gera má ráð fyrir fjárhagslegum stuðningi við þróunarverkefni á sviði atvinnu-, endurmenntunar- og byggðamála. Þá verður veittur ýmiss konar stuðningur til þátttöku í stórum og smáum samstarfsverkefnum með öðrum Evrópuþjóðum. Verkefnin stuðla m.a. að því að kynna Íslendingum áætlanagerð, sbr. hér að ofan og hvernig nýta megi samkeppnissjóði til að ná tilteknum markmiðum stjórnvalda.

Við Íslendingar eigum að líta á væntanlegt aðlögunartímabil sem kærkomið tækifæri til að læra og endurskipuleggja vinnubrögð okkar og byggja upp þekkingu á fjölmörgum sviðum. Þeir fjármunir sem við komum til með að fá á tímabilinu munu væntanlega koma sér vel á næstu misserum og við munum tryggja að þeim verði skynsamlega varið. Annað er ekki í boði. Ekki er að sjá að um sérstök útgjöld ríkisins verði að ræða í þessu sambandi vegna svokallaðra mótframlaga því hægt er í slíkum tilvikum að líta á framlag Evrópusambandsins sem viðbót við verkefni, sem eru á fjárlögum eða þegar fjármögnuð með öðrum hætti.

Sú þekking, reynsla og sambönd sem við komum til með að öðlast verða ekki frá okkur tekin þótt þjóðin hafni aðild að Evrópusambandinu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Samþykki þjóðin hins vegar aðildina komum við sterk til samstarfs við aðrar Evrópuþjóðir þar sem við munum bæði gefa og þiggja.

stjórnmálaflokkum sem standa utan við EES samstarfið, t.d. sjávarútvegi, landbúnaði, samgöngum, byggðamálum og svæðaþróun og umhverfisvernd. Ráðgjöfin mun fara fram hér á landi og einnig munu Íslendingar fara í læri til annarra Evrópuríkja. Fulltrúar bænda, landshlutasamtaka sveitarfélaga, stéttarfélaga, endurmenntunarmiðstöðva og atvinnuþróunarfélaga munu, svo dæmi sé tekið, hafa möguleika á að fara saman t.d. til Finnlands eða Írlands og kynna sér með hvaða hætti þarlend stjórnvöld hafa innleitt dreifbýlisstefnu Evrópusambandsins, en hún miðar að því að styrkja búsetu, efla atvinnulíf og auka menntun í dreifðum byggðum. Þá munu sveitarstjórnarmenn og aðrir hagsmunaaðilar á helsta þéttbýlissvæði landsins geta fengið að kynna sér með hvaða hætti ýmis aðildarríki hafa, með aðstoð Evrópusambandsins, stofnað þróunarsjóði um borgarsvæði og áhrifasvæði þeirra. Hér eru

> Sú þekking, reynsla og sambönd sem við komum til með að öðlast verða ekki frá okkkur tekin þótt þjóðin hafni aðild að Evrópusambandinu í þjóðaratkvæðagreiðslu.

## AF NETINU

### Einkavæðing auðlinda: Rök með og á móti

Hver er reynsla okkar Íslendinga af samningum ríkisins við einkaaðila? Nú hefur loksins verið upplýst að Landsvirkjun hefur árum saman selt erlendum álrisum orku á verði sem hefur verið um 20% undir meðalverði á heimsmarkaði. Flestum er í dag ljóst að miklar brotalamir voru á söluferlinu þegar FBA, Landsbankinn og Búnaðarbankinn voru einkavæddir fyrir áratug, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Og ekki skánar það þegar horft er lengra aftur í tímann (Skýrr, Kögun, Síldarverksmiðjur Ríkisins, o.s.frv.). Er nema von að stór hluti þjóðarinnar sé andsnúinn einkavæðingu eftir það sem á undan er gengið? Því miður hafa Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn nánast eyðilagt einkavæðingu sem hagstjórnartæki á Íslandi.

pressan.is/pressupennar/Jon_Steinsson

Jón Steinsson

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**FJÖLSKYLDUFERÐ** verður farin í Þórsmörk á vegum Ferðafélags Íslands um helgina. Boðið er upp á gönguferðir, ratleiki og grillveislu, varðeld og kvöldvöku. www.fi.is




Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447









;ALLT HEILSA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447




Erla ásamt barnabörnum sínum þeim Kristrósu Erlu Baldursdóttur, Guðrúnu Erlu Bragadóttur, Hlöðveri Smára Oddssyni og Helenu Helgu Baldursdóttur.

# Upplifun með ömmu

**Erla Guðbjörnsdóttir fór í ógleymanlega ferð í Playmobil Fun Park í Nuremberg í Þýskalandi með fjórum barnabörnum sínum fyrr í sumar. Þó þau séu öll komin vel á legg skemmtu þau sér sem aldrei fyrr.**

Erla Guðbjörnsdóttir, skrifstofustjóri Ölduselsskóla, datt í lukkupottinn þegar hún tók þátt í leik í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin síðan Playmobil-leikföngin komu fyrst til Íslands. Hún vann ferð fyrir fjóra í Playmobil Fun Park í Nürnberg í Þýskalandi og bauð barnabörnum sínum með. „Ég tek aldrei þátt í svona leikjum og hélt satt að segja að það væri verið að gera at í mér þegar mér var tilkynnt að ég hefði unnið,“ segir Erla. Hún hafði keypt Playmobil lögreglubíl til að hafa heima fyrir barnabörnin og skráði strikamerkið á kassanum í leikinn án þess að leiða hugann að því frekar.

Þegar Erla hafði meðtekið tíðindin lenti hún hins vegar í stökustu vandræðum enda barnabörnin tólf og hún bara með fjóra miða. „Það var því ekki um annað að ræða en að beita útilokunaraðferðinni. Elstu barnabörnin eru á aldrinum 17 til 20 ára og voru of gömul en þau yngstu á aldrinum 2ja til 6 ára og þóttu of lítil fyrir svona langa ferð. Þá voru fjögur á aldrinum 11 til 13 ára eftir og ég gat ómögulega gert upp á milli þeirra. Ég keypti því auka miða fyrir mig og skildi afann eftir heima.“

Erla og barnabörnin fjögur flugu til Frankfurt hinn 18. júní og tóku þaðan lest til Nürnberg. „Við byrjuðum á því að fara á hótelið sem er við inngang garðsins og fengum úthlutað fjölskylduherbergi sem var alsett playmo-myndum. Næstu tvo daga skemmtum við okkur svo konunglega í garðinum en þar er bæði aðstaða úti og inni sem hentar allt frá litlum börnum og upp í þann aldur sem ég var með,“ segir Erla. Í garðinum mátti sjá eftirlíkingar af ýmsum fígúrum og húsum sem börnin könnuðust við, rennibrautir, klifurvegg, hengibrýr, skógarkofa, sjóræningjaskip, fleka sem þau gátu siglt á og margt fleira. Erla segir börnin hafa haft nokkrar áhyggjur af því að þau væru vaxin upp úr playmobil áður en þau lögðu í hann en að annað hafi komið á daginn. „Þau skemmtu sér konunglega allan tímann og voru það hamingjusamir ferðalangar sem sneru heim.“

Erla er sannfærð um að börnin búi að ömmuferðinni vel og lengi en ekki síður amman sjálf. Svo er spurning hvort yngri barnabörnin fari fram á sams konar ferð þegar fram líða stundir. *vera@frettabladid.is*




**FIMMVÖRÐUHÁLS** er vinsæl gönguleið. Búið er að merkja nýja gönguleið í gegnum eldstöðvarnar. www.utivist.is.




Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

ÚTSALAN ER HAFIN

10-50% afsláttur
Útsalan er einnig í vefverslun
www.lindesign.is
Lín DESIGN
Lín Design - gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 - Sími 533 2220 - www.lindesign.is

3000 kr.
DAGUR Í FLASH
- Kjólar
- Gallakvartbuxur
- Gallabuxur
- Mussur
- Toppar
- Skyrtur
- Og margt fleira


FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




Hönnuður brautarinnar, Magne Kvam, stýrir gerð brautarinnar í Skálafelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lygilega stór hjólahópur

**Skref í þá átt að gera Skálafell að hjólreiðamiðstöð verður stigið um næstu helgi þegar þar verður opnuð þriggja kílómetra fjallahjólreiðabraut á fyrsta hjólreiðavangi Íslands. Brautarlagningin hófst í síðustu viku.**

„Við byrjuðum að leggja brautina á mánudaginn í síðustu viku og það gengur bara rosalega vel," segir Ormur Arnarson sem undirbýr opnun fyrsta fjallahjólreiðavangs Íslands á skíðasvæðinu í Skálafelli. Hjólreiðavangurinn verður formlega opnaður á sunnudaginn.

„Þetta er tilraunaverkefni af hálfu ÍTR og borgarinnar en ef þetta gengur vel geri ég ráð fyrir að það verði haldið áfram að bæta við aðstöðuna," segir Ormur en ein braut hefur verið gerð sem er hátt í þrír kílómetrar að lengd með 350 metra fallhæð.



Ormur segir hugmyndina þá að gera Skálafell að hjólamiðstöð.

„Hugmyndin er að gera Skálafellið að hjólamiðstöð," segir Ormur og bætir við að lagfæra eigi gamla stíga og leiðir sem þegar séu til á svæðinu í kring. „Opnun brunbrautarinnar er fyrsti liðurinn í þessu verkefni. Við reynum að hafa brautina þannig að hún henti sem flestum. Við gerum ráð fyrir að menn með mismunandi hæfileika eða tækni geti farið þarna niður og þar sem eru erfiðari staðir verður alls staðar hægt að sveigja fram hjá þeim."



Ormur segir allt í einu kominn grundvöll fyrir hjólaleigur og hjólaferðir með leiðsögn í nágrenni Reykjavíkur.

Að sögn Orms er töluvert um svokallaða hjólreiðavanga erlendis. „Þetta eru hjólreiðavangar sem eru sérhannaðir fyrir fjallahjól. Oft er þetta á skíðasvæðunum því skíðalyfturnar standa óhreyfðar yfir sumartímann. Hugmyndin er að nota þennan útbúnað og fara með hjólreiðamenn upp á topp og leyfa þeim svo að renna sér niður fjallið á þar til gerðum brautum."

Eru margir sem munu nýta sér þessa braut? „Ég held að það sé alveg lygilega stór hópur sem er í fjallahjólreiðum. Hjólreiðar eru alltaf að aukast," útskýrir Ormur og heldur áfram: „Og þegar aðstaða er til staðar þá fer fólk af stað til að nýta sér hana. Góð aðstaða hvetur til hjólreiða."

Ormur segir hjólreiðavanginn góða viðbót við ferðaþjónustu í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. „Allt í einu er kominn grundvöllur fyrir hjólaleigur og hjólaferðir með leiðsögn eða að menn bara fari í fjallið og leiki sér þar."

Dagspassi í lyfturnar mun vera á svipuðu verði og í skíðalyftur yfir vetrartímann. Nánari upplýsingar má finna á www.tinyurl.com/skalafell. *martaf@frettabladid.is*

# Listaverk í skúmaskotum

**Sara Riel myndlistarmaður mun annað kvöld svipta hulunni af huldum listaverkum í borginni í göngu sem helguð er „urban art" eða götulist.**

Í skúmaskotum borgarinnar leynast listaverk af ýmsum toga. Myndlistarmaðurinn Sara Riel, sem hefur verið áberandi fulltrúi götulistar í Reykjavík, leiðir annað kvöld göngu sem helguð er götulistinni.

Sara mun segja gestum frá þróun listgreinarinnar og þeim áhrifum sem hún hefur haft meðal annars á menningu ungs fólks og grafíska hönnun.

Sara býr og starfar í Reykjavík. Hún útskrifaðist úr Kunsthochschule Berlin-Weissensee árið 2006. Hún hefur verið virk í sýningarhaldi, bæði í hvítum kössum sem og á götum ýmissa borga víða um heim. Verk Söru eiga sér rætur í og vísa til götulistar, popplistar, teiknimyndahefðar, hugmynda-og minimalisma auk (grafískrar) hönnunar.

Gangan hefst klukkan 20 á morgun við Hjartatorg milli Hverfisgötu, Klapparstígs og Laugavegar og



Götulistin getur oft verið áhrifamikil og dramatísk.

tekur um klukkustund. Ef tími vinnst til verður kíkt inn á klúbba og bari, þangað sem götulistin hefur teygt anga sína.


ALLT TÍSKA Fimmtudaga
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

**BARACK OBAMA ER 49 ÁRA Í DAG.**



*„Ég er ekki á móti öllum stríðum. Það sem ég er á móti eru heimskuleg stríð og það sem ég er á móti eru vanhugsuð stríð.“*

***Barack Obama er 44. forseti Bandaríkjanna. Obama tók við embættinu 20. janúar 2009 og fékk friðarverðlaun Nóbels seinni hluta síðasta árs.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. ÁGÚST 1928

## Fyrsta konan syndir Viðeyjarsund



Ásta Jóhannesdóttir var fyrsta konan sem synti Viðeyjarsund á þessum degi fyrir 82 árum. Talið er að Ásta hafi verið eina klukkustund og 56 mínútur á leiðinni.

Með Viðeyjarsundi er átt við sundleiðina frá Viðey, oftast frá Viðeyjarbryggju og inn í Reykjavíkurhöfn, við gamla slippinn. Sundleiðin er um 4,3 kílómetrar í beinni loftlínu.

Viðeyjarsundið á sér langa sögu. Fyrsta sundið var synt af Benedikt G. Waage en hann fór frá Viðey að Völundarbryggju í Reykjavík þann 6. september 1914. Var þetta þá talið lengsta sund sem synt hafði verið hér við land á síðustu öldum. Benedikt var þekktur fyrir sundíþrótt sína og tókst vel upp með sundið enda var logn og spegilsléttur sjór meðan á því stóð. Líkt og Ástu tók sundið Benedikt eina klukkustund og 56 mínútur. Síðan Benedikt fór Viðeyjarsundið hafa 35 manns þreytt það.

Þriðja konan til að synda milli eyjar og lands var Þórdís Hrönn Pálsdóttir, sem fór það á miðvikudag í síðustu viku. Í millitíðinni hafði Helga Haraldsdóttir synt þarna á milli árið 1959.

### MERKISATBURÐIR

1796 Hannes Finnsson Skálholtsbiskup andast. Hann var einn menntaðasti Íslendingur sinnar tíðar. Af ritum hans má nefna Um mannfækkun af hallærum á Íslandi.

1907 Ungmennafélag Íslands stofnað en þriggja daga sambandsþingi lýkur þennan dag. Sjö ungmennafélög ganga í UMFÍ og fyrsti formaður þess er Jóhannes Jósefsson.

1984 Efri-Volta tekur upp nafnið Búrkína Fasó.

1993 Alríkisdómari dæmir tvo lögreglumenn frá Los Angeles í þrjátíu mánaða fangelsi fyrir að hafa brotið á réttindum Rodneys King.



†

*Elskulegi faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðni Hans Bjarnason,**

múrari,

frá Þorkelsgerði II í Selvogi, Árn. Miðtúni 20, lést að kvöldi laugardagsins 31. júlí á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigmar Þór Óttarsson**
**Helga Konráðsdóttir**
**Guðrún Sóley Guðnadóttir**
**Helgi Harðarson**
**Garðar Guðnason**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Friðrik Guðnason**
**Elísa Sigrún Ragnarsdóttir**
**Ásgeir Ævar Guðnason**
**Guðbjörg Björnsdóttir,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma okkar,*

**Sigurrós Margrét Sigurjónsdóttir,**

Gullsmára 9, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum laugardaginn 31. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jónas Gunnar Guðmundsson**
**Sigurbjörn Rúnar Jónasson**
**Reynir Jónasson**
**Hrafnhildur Rós Valdimarsdóttir**
**Daníel Björn Sigurbjörnsson**
**Matthías Sigurbjörnsson**
**Þórunn Sigurrós Sigurbjörnsdóttir**
**Bergdís Heiða Reynisdóttir**
**Friðbjörn Víðir Reynisson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Berg Bergsteinsson,**

Grandavegi 47, Reykjavík,

andaðist á Elliheimilinu Grund, föstudaginn 30. júlí.

**Steinunn Stefánsdóttir**
**Sigurbergur M. Ólafsson**
**Ragnhildur Bergþórsdóttir**
**Sigríður V. Ólafsdóttir**
**Hafþór Halldórsson**
**Kristján G. Ólafsson**
**Stefán Oddsson**
**barnabörn.**

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**KRAFTUR Á DALVÍK** Júlíus Júlíusson segir upphaflegu hugmyndina á bak við Fiskidaginn hafa verið að halda lítið götugrill fyrir heimamenn.

MYND/FINNBOGI MARINÓSSON

FISKIDAGURINN MIKLI: HALDINN Í TÍUNDA SINN

## Bjóða landsmönnum í mat

„Upphaflega hugmyndin var að halda lítið götugrill fyrir heimamenn,“ segir Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla á Dalvík, sem hefst í dag og er haldinn í tíunda skipti. „Það var Þorsteinn Már Aðalsteinsson sem var búinn að ganga með þessa hugmynd í maganum áður en hann ræddi við fiskverkendur um að skella út fiski og svo kæmu heimamenn með grillið niður á bryggju.“

Júlíus segir að hugmyndin hafi síðan stækkað og ákveðið hafi verið að bjóða öllum landsmönnum í mat. „Fyrsta árið komu 5.800 manns í mat þannig að frá upphafi hefur þetta verið sett þannig upp. Markmiðið er að allt sé frítt og menn komi saman, skemmti sér og borði fisk. Við það markmið höfum við staðið alla tíð,“ segir Júlíus en rúmlega 36.000 manns sóttu Dalvík heim á Fiskideginum mikla í fyrra.

Mikið hefur breyst að sögn Júlíusar á þeim tíu árum frá því Fiskidagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur. „Fyrst var þetta bara einn dagur milli klukkan ellefu og fimm,“ upplýsir Júlíus og segir laugardaginn, sjálfan Fiskidaginn mikla, vera enn með sama sniði. Þá er í boði fjöldi fiskrétta og skemmtidagskrá. Fyrstu þrjú árin var dagskráin bara á laugardeginum. „Síðan hefur teygst úr þessu með svokölluðu fiskisúpukvöldi þar sem íbúar bjóða heim til sín á föstudagskvöldinu á undan Fiskideginum. Við erum með ýmsa dagskrá orðið alla vikuna.“

Inntur eftir því hvað gert verði í tilefni afmælisins segir Júlíus: „Það er meiri dagskrá alla vikuna. Svo setjum við nýjungar inn á matseðilinn. Við erum með stærstu pitsu á Íslandi sem er fimm fermetrar eða 120 tommur og stærsta súpupott landsins sem tekur tólf hundruð lítra.“

Á laugardagskvöld verður dagskrá í boði Samherja. Þar verður bryggjusöngur, Karlakór Dalvíkur ásamt rokkhljómsveit með Beatles- og Queen-tónlist og svo kemur Eyþór Ingi Gunnlaugsson fram. „Dagskráin endar með allsvakalegri flugeldasýningu í tilefni afmælisins. Hún er í boði tveggja brottfluttra Dalvíkinga sem voru hér í fyrra þegar flugeldasýningin fór fram og þeir urðu svo hrifnir og voru tilbúnir til að gera enn betur í tilefni af tíu ára afmælinu.“

En veistu um einhverja aðra en heimamenn sem hafa komið í öll skiptin í tíu? „Við vorum einmitt að finna út úr því til þess að minnast á það á hátíðarsviðinu á laugardaginn. Það eru nokkrir sem hafa komið öll árin og mjög margir eru búnir að koma í átta ár.“

Júlíus segir suma þeirra sem komið hafa í átta ár nú þegar mætta til Dalvíkur og taka þátt í undirbúningnum. „Þeir eru að pakka fiski og eru komnir með ýmis verkefni. Fólk sem hafði enga tengingu hingað en hreifst bara af þessum krafti, fékk verkefni og tekur bara þátt. Það er mjög skemmtilegt.“

**martaf@frettabladid.is**

## Handverkshátíð í Eyjafjarðarsveit

Handverkshátíð verður haldin í Hrafnagilsskóla um helgina og er nú haldin í átjánda sinn.

Á annað hundrað sýnendur undirbúa komu sína norður en ásamt þeim verður fjöldi af hópum og félögum á svæðinu. Verksvæði handverksmanna verður litríkt, með tískusýningum, krambúð, sirkushópi, blöðrulist og andlitsmálun fyrir börnin.

Á útisvæði verður komið upp söguþorpi en það eru Gásahópur og Handraðinn/Laufáshópur sem taka höndum saman við að glæða fallegt útisvæði lífi. Ætlunin er að sýna eins konar tímavél þar sem tímabil landnáms allt til dagsins í dag er spannað í handverki. Baðstofa og miðaldatjöld þar sem tilheyrandi verk verða viðhöfð í þessu spennandi söguþorpi. Birgir Arason í Gullbrekku mun sýna rúning hátíðardagana, ullin verður spunnin og unnin í söguþorpinu.

Félag landnámshænsna verður með sýningu og fegurðarsamkeppni. Kajaksmíði og vélasýning setja svo punktinn yfir i-ið.

Hátíðin stendur frá föstudegi til mánudags og er opið frá 12 til 19 alla dagana.



**RÚNINGUR** Sýndur verður rúningur á handverkshátíðinni í Hrafnagilsskóla um helgina.

# Þriggja metra afmælisterta

Fjölskylduhátíð verður haldin að Hlöðum í Hvalfjarðarsveit á laugardaginn í tilefni af 30 ára afmæli félagsheimilisins Hlaða.

Hátíðin verður haldin milli klukkan 14 og 16 og í boði verða leikir, trampolín, andlitsmálning og sápurennibraut. Björgvin Franz og Jóhann úr Stundinni okkar koma og sprella og töframaður sýnir töfrabrögð. Boðið verður upp á þriggja metra langa afmælistertu, kaffi og pylsur. Þá verða veitt Umhverfisverðlaun Hvalfjarðarsveitar og frítt verður í sund frá klukkan 13 til 17.



**GLEÐI** Fjölskylduhátíðin að Hlöðum í Hvalfjarðarsveit fer fram á laugardaginn milli 14 og 16.

---



†

*Ástkær móðir okkar, tendgamóðir, amma og langamma ,*

**Sigurbjörg Bjarnadóttir,**
Lindargötu 61, Reykjavík,

lést föstudaginn 30. júlí. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 6. ágúst, kl.15:00

**Harald G. Haraldsson**
**Sólveig Haraldsdóttir Hart** **Neil Hart**
**Sigríður Haraldsdóttir** **Sigurjón Sigurðsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Helgadóttir,**
Kirkjusandi 3 í Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund aðfaranótt 2. ágúst sl. Fyrir hönd fjölskyldunnar

**Helga Erlendsdóttir og Sigurður Árnason**
**Edda Erlendsdóttir og Olivier Manoury**
**Einar Erlendsson og Ásta Halldórsdóttir**

---



†

*Okkar ástkæri*

**Kristján Hrafn Hrafnkelsson,**
Lækjarbergi 27, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 25. júlí.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 5. ágúst kl. 13.00.

**Hrafnkell Óskarsson** **Þórhildur Sigtryggsdóttir**
**Hrafnhildur Dóra Hrafnkelsdóttir og fjölskylda**
**Anna Kristín Karlsdóttir**
**Hanna Margrét Hrafnkelsdóttir og fjölskylda**
**Sigtryggur Óskar Hrafnkelsson**
**Sigtryggur Helgason**

---



†

*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi Ottó Carlsen,**
Heiðarholti 24, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 5. ágúst kl.13.00.

**Frímann Ottósson Carlsen** **Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Svava Helga Carlsen** **Paul Dias**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þór Jakobsson,**
Framnesvegi 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 28. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 5. ágúst kl. 13.00.

**Ásta Þórsdóttir** **Knútur Benediktsson**
**Guðný Þórsdóttir** **Tryggvi Már Valdimarsson**
**Þóra Margrét Þórsdóttir** **Jón Eiríkur Rafnsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valborg Sigurbergsdóttir,**
Hábæ 36, Reykjavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut mánudaginn 2. ágúst. Jarðarför auglýst síðar.

**Páll Bergmann Reynisson** **Guðrún Eiðsdóttir**
**Grétar Reynisson** **Lilja Ruth Michelsen**
**Sóley Reynisdóttir** **Sigurður Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Þökkum samúð og vinarhug við andlát eiginmanns míns, föður, afa og langafa,*

**Sigurðar Hákonar Arnórssonar,**
Sléttuvegi 21.

**Ingibjörg Betúelsdóttir**
**Kristinn Sigurðsson** **Friðsemd Helgadóttir**
**Sigrún Gerður Sigurðardóttir** **Pétur Jónsson**
**Sigurður Ásgeir Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskaður eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ingólfur Hjartarson**
hæstaréttarlögmaður, Ólafsgeisla 16, Reykjavík,

sem lést að morgni fimmtudags 29. júlí, verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju í Grafarholti föstudaginn 6. ágúst kl. 11.

**Lára Björnsdóttir**
**Jón Ingólfsson** **Fjóla Ósk Gunnarsdóttir,**
**Halldór Rúnar Jónsson, Iðunn Andrésdóttir, Elísabet Jónsdóttir**
**Hildur Björg Ingólfsdóttir**
**Rebekka Lára Rósantsdóttir**
**Björn Freyr Ingólfsson** **Birna Hlín Káradóttir**
**Húni Ingólfur Björnsson** **Birnir Kári Björnsson**

---



†

*Elskuleg móðir mín og systir*

**Stella Meyvantsdóttir,**
Selvogsgrunni 22, Reykjavík,

lést mánudaginn 26. júlí. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 6. ágúst kl. 13.00.

**Sigurður Þórarinsson**
**Anna Meyvantsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Ástkær eiginkona, móðir, dóttir, systir og tengdadóttir*

**Regina Viktorsdóttir**
leikskólakennari, Hverafold 118,

lést laugardaginn 31. júlí.

**Ólafur Ólafsson**
**Ólafur Einar Ólafsson**
**Tatjana Lavrenova**
**Vladislav Lavrenov** **Ellina Baykova**
**Ólafur E. Ólafsson** **Sólveig Grímsdóttir**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svava G. Sigmundsdóttir,**
Hlíðarhjalla 57, Kópavogi,
síðast til heimilis að Grund,

lést sunnudaginn 1. ágúst og verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 6. ágúst kl. 15.00.

**Jóhann M. Kristjánsson** **Unnur Arnardóttir**
**Margrét Kristjánsdóttir**
**Borghildur J. Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Scheving Kristjánsson**
bóndi, Götu Hrunamannahreppi,

lést mánudaginn 2. ágúst á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Útförin verður auglýst síðar.

**Ágústa Sigurdórsdóttir**
**Katrín Stefánsdóttir** **Anton Viggósson**
**Sigríður Stefánsdóttir** **Ragnar Óskarsson**
**Sigurdór Már Stefánsson** **Guðbjörg Fríða Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Sveindís María Halldórsdóttir**

var jarðsett í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýjar kveðjur vegna andláts hennar. Þökkum starfsfólki Sjálfsbjargarheimilisins 5. hæð fyrir góða umönnunn undanfarin ár.

**Halldór G. Bjarnason** **Prakob Prawan**
**Kristinn Jón Arnarson** **Ekaterina Ivanova**
**Margrét Marín Arnardóttir** **Einar S. Karlsson**
**og barnabörn.**




# „Hollywood"

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um stjörnurnar í Hollywood, vini þeirra, gæludýr og samkvæmislíf – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð.
**Vísir er með það.**

visir.is
...ég sá það á Vísi





# Allra meina bót

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Til eru mörg athyglisverð úrræði fyrir þá sem búa við hvers konar kvilla á líkama og sál í Granadahéraði á Suður-Spáni.

**TIL** dæmis býr kynlegur kvistur í borginni Baza sem kallaður er Santon og segist hann geta, með aðstoð Maríu meyjar, komið hvaða kvilla sem er fyrir kattarnef. Heimamenn hafa þó ekki mikla trú á honum og gera að honum gys. Hins vegar kemur fólk víðs vegar að af Spáni og losar sig við vanda og veikindi. Hann segir þjónustu sína vera fría en fólk lætur þó eitthvað af hendi rakna. Allavega hefur hann haft efni á því að reisa bænahús mikið við heimili sitt.



**EN ÞÓTT** bænahúsið sé veglegt getur honum þó orðið á í messunni því einhverju sinni fór hann fylktu liði upp á hæð eina þar sem María átti að birtast. Bað hann hópinn að horfa til sólar þar sem fólkið og gerði og varð vitanlega meint af. María mætti hins vegar ekki til þessa meinlega fundar sem endaði á bráðamóttökunni.

**Í ÞORPINU** Zújar, þar sem ég hef alið manninn, býr gömul kona sem losar menn undan álögum augans illa. Þetta illa auga er þekkt víða um Miðjarðarhafið en það virkar eins og illur andi sem leggst á menn þegar einhver öfundar þá af einhverjum sökum. Kona þessi leggur þá fingur sína í ólívuolíu og gerir krossmark á enni þess sjúka og verður hann þá eins og nýsleginn túskildingur.

**ÓÞARFT** er að segja frá kalþólsku prestunum sem veita mönnum syndaaflausn á einu augabragði. Ég hef átt nokkurt erindi við prestinn í Zújar og varð þá stundum vitni að því að konur, bognar af syndum og samviskubiti, króuðu guðsmanninn af úti í horni og sögu raunir sínar í stuttu máli. Hefur hann þá uppi fá orð en gerir krossmark við þá þjáðu. Koma þær síðan út úr kirkju beinar í baki og tilbúnar til að hlaða herðar sínar syndum á nýjan leik.

**ENGAR** sannanir hef ég fyrir því að svona brögð beri árangur. Hins vegar finnst mér þau öll krydda tilveruna og þar með hafa þau unnið fyrir tilverurétti sínum í mínum huga. Ef guð er þarna að verki þá er hann líklega að beita gamansemi sinni: sterkari lækningamáttur er varla til.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Panasonic**
ideas for life



## Kynnum nýja Panasonic þvottavél með 3D Sensor þvottatækni



Með 3D Sensor þvottatækni og 10° halla á tromlu skynjar vélin hvernig þvotturinn hreyfist og stillir mismunandi hraða og snúning til að skila hreinni og betri þvotti ásamt minni vatnsnotkun.

**Panasonic NA147VB2**
- 1400 snúningar / 7 Kg
- Stór LED skjár
- Tromla og belgur úr ryðfríu stáli

**KYNNINGARTILBOÐ**
**AÐEINS KR. 129.990**

INVERTER

Inverter tæknin og kolalaus mótor gera vélina mjög hljóðláta og tryggja betri orkunotkun. Í boði eru 16 mismunandi þvottakerfi þar af 15 mínútna hraðkerfi.

EVERYTHING MATTERS.



eco ideas · energy saving recommended · aquaprotection system

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

**!** **8. ágúst klukkan 16.00**
*Næstkomandi sunnudag munu Signý Sæmundsdóttir og Þórarinn Sigurbergsson flytja sonnettur eftir Shakespeare við lög Olivers Kentish og ljóð eftir Jónas Hallgrímsson við lög Atla Heimis Sveinssonar í húsi skáldsins – Gljúfrasteini í Mosfellsbæ. Tónleikar þessir eru hluti af stofutónleikum Gljúfrasteins sem haldnir eru á sunnudögum í sumar. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og eru allir velkomnir.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *BSÍ sýningarstaður á artFart*

Dagana 15.-22. ágúst næstkomandi mun sviðslistahátíðin artFart fara fram í Reykjavík. Hátíðin hefur aldrei verið stærri en í ár og er því óhætt að segja að hátíðin sé viðamesta sviðslistahátíðin á Íslandi í dag.

Í ár er þema hátíðarinnar óhefðbundin rými og mun hún fara fram um alla Reykjavík, til dæmis á BSÍ, í Norðurpólnum, Útgerðinni, Elliðaárdalnum, galleríum og kjöllurum.

Hápunktur ársins í ár er ókeypis vinnustofa með breska listamanninum Richard DeDomenici, sem hefur meðal annars verið sýnd í Tate Modern, sýning norska leikhópsins Stella Polaris á Menningarnótt, sýning sem var frumsýnd á Ólympíuleikunum í Lillehammer, auk fjölda nýrra innlendra og erlendra frumsýninga.

Í tilefni af þema hátíðarinnar mun fara fram í fyrsta skipti í Reykjavík Public Space Programme, sem er nýr hluti á artFart sem snýr að list í almenningsrými. Í þeim hluta eru vinnustofur, fyrirlestrar og þriggja vikna gestasvalir þar sem tveimur listamönnum og einum listahópi verður veitt aðstoð við að þróa ný verk í almenningsrými. Árni Kristjánsson, Inga Maren Rúnarsdóttir og hópurinn Kviss Búmm Bang munu njóta aðstoðar við þróun sína. - ls



### > Ekki missa af

Listamaður mánaðarins í ágúst hjá SÍM er Heidi Strand. Hún mun sýna átta textílmyndverk í Hafnarstræti 16 út mánuðinn. Verkin á sýningunni eru flest unnin úr þæfðri ull ásamt ásaum og málun. Myndefnið er sótt í hálendi Íslands en listakonan hefur verið búsett hér á landi síðan 1980.

# Amiina sér um Pönk á Patró um helgina

Næstkomandi laugardag, 7. ágúst, verður Pönk á Patró haldið í Sjóræningjahúsinu á Patreksfirði, í annað sinn í sumar. Dagskráin er glæsileg en það er hljómsveitin Amiina sem fetar í fótspor hljómsveitarinnar Pollapönk sem gerði góða ferð á Patreksfjörð 26. júní síðastliðinn. Þá sló tónlistarsmiðjan í gegn og Pollapönk samdi glænýtt lag með krökkunum sem var svo frumflutt um kvöldið þegar foreldrar mættu á kvöldtónleikana. Amiina mun gera slíkt hið sama og stjórna tónlistarsmiðju en auk þess flytur hljómsveitin frumsamda tónlist sína við sígildar hreyfiklippimyndir Lotte Reiniger um þau Þyrnirós, Öskubusku og Aladdín. Kvikmyndunum verður varpað á tjald og hljómsveitin leikur síðan undir. Heiðurinn að þessu verki eiga þær Sólrún Sumarliðadóttir, María Huld Markan Sigfúsdóttir og Edda Rún Ólafsdóttir. Á eftir Amiinu mun hinn ísfirski 7oi spila en hann hefur gert það gott með frumlegu raftónlistarpoppi og gefið út nokkrar afbragðsgóðar plötur ásamt því að hafa til dæmis selt tónlist sína til Japans.

Frítt er inn á dagskrá og tónleika dagsins en 1.000 krónur kostar fyrir fullorðna á kvöldtónleikana. - ls



**PÖNK Á PATRÓ** Nú á laugardaginn fer Pönk á Patró fram í annað sinn. Það verður hljómsveitin Amiina sem mun sjá um skemmtunina í þetta sinn.



**SIGURÐUR FANNAR** Gefur út skáldsögu í raunsönnum búningi.

# Gefur út skáldsögu byggða á sönnum atburðum

**Sigurður Fannar Guðmundsson gaf nýlega út sína fyrstu skáldsögu sem ber heitir Trúður – metsölubók. Sigurður segir að rithöfundur hafi blundað í sér frá barnæsku en hann hafi svo strengt það áramótaheit að gefa út bók.**

„Í mér eins og svo mörgum Íslendingum hefur blundað rithöfundur frá því að ég var lítið barn. Síðan gerist það um síðastliðin áramót að rithöfundurinn brýst fram. Þegar maður er búinn að vera svona lengi á leiðinni að skrifa eitthvað þá kemur efnið til manns og þetta var það sem kom til mín,“ segir Sigurður Fannar Guðmundsson.

Sigurður Fannar gaf nýlega út sína fyrstu skáldsögu sem ber heitið Trúður – metsölubók. Bókin fjallar um verðandi metsöluhöfundinn Guðmund Þór sem rifjar upp ævi sína og nálgast með því tilgang lífsins. Guðmundur Þór er nokkuð beiskur maður og nokkuð gegnsósa af áfengi en það er í raun rauði þráðurinn í bókinni.

„Þeir aðilar sem koma fram í bókinni hafa allir spilað ákveðið hlutverk með einum eða öðrum hætti. Bókin er skáldsaga í raunsönnum búningi, í raun er þetta lífið sjálft sett upp í skáldsögu,“ segir Siggi Fannar. Bók þessi er að stórum hluta byggð á raunverulegum atvikum og því hefur verið þó nokkur spenna í kringum útgáfu hennar. „Við getum orðað það þannig að bókin hefur vakið mikla forvitni og margir verið spenntir að sjá hvort þeir hafi hlutverk í bókinni. Þeir sem koma fram eru allir sáttir og því eru engin leiðindi,“ segir Siggi Fannar.

Sigurður gefur út bók sína sjálfur og eins og er sér hann einn um söluna á henni. Hann heldur úti vefverslun á síðunni www.metsolubok.is þar sem einungis einn hlutur er til sölu, bókin sjálf.
linda@frettabladid.is


**BRÚÐUHEIMAR**
Opið í Borgarnesi alla daga frá 10:00 til 22:00



LEIKSÝNING
á sunnudaginn kl 14:00

Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000

BRÚÐUHEIMAR
Center for Puppetry Arts


### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 04. ágúst 2010**

**➜ Tónleikar**

**12.00** Tónleikar í Selinu á Stokkalæk, Rangárþingi ytra, þar sem þær Freyja Gunnlaugsdóttir og Daniela Hlinkova spila á píanó og klarinettu. Tónleikarnir hefjast kl. 12.00.

**12.00** Orgelandakt verður í Kristskirkju í Landakoti kl. 12.00, en þar mun Sólveig Einarsdóttir spila á orgel. Aðgangur er ókeypis og öllum frjáls.

**20.30** Fiskidagurinn Mikli á Dalvík hefst í dag. Að því tilefni verða tónleikar með tónlist úr ýmsum áttum í Menningarhúsinu Bergi kl.20.30. Miðaverðið er 2.000 kr.

**21.00** Alþjóðlegi jazzkvartettinn heldur tónleikar í Risinu (áður Glaumbar) í kvöld kl. 21.00.

**➜ Hátíðir**

**21.00** Dragkeppni Ísland verður haldin í kvöld í Íslensku óperunni kl. 21.00. Húsið opnar kl. 20.00. Miðaverð er 2.400 krónur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Ítölsk helgi í Skálholtskirkju

Í sumar hafa verið haldnir árlegir sumartónleikar Skálholtskirkju. Tónleikarnir eiga 35 ára afmæli nú í ár, en fyrstu tónleikarnir voru haldnir 12. júlí 1975. Helgina 5.-7. ágúst verða tónleikarnir með ítölsku sniði og verður margt áhugavert í boði.

Á fimmtudeginum verður verkið Regn eftir Önnu Þorvaldsdóttur frumflutt með aðstoð ýmissa listamanna. Laugardagurinn og sunnudagurinn verða síðan með sérstöku ítölsku móti þar sem kammerkórinn Libera Cantoria Pisani frá Lonigo á Ítalíu, undir stjórn Filippo Furla, flytur ítalska endurreisnartónlist og íslenska og ítalska nútímatónlist. Laugardagurinn hefst á erindi í Skálholtskirkju um ítalska endurreisnartónlist í umsjón Filippo Furlan. Síðan tekur við ítölsk og íslensk kórtónlist undir yfirskriftinni Sacred and profane. Laugardagurinn endar síðan á ítalskri endurreisnartónlist og 20. aldar verki fyrir sembal – O beltà rara. Flytjandi er kammerkórinn Libera Contoria Pisani undir stjórn Filippo Furlan.

Á sunnudag verður flutt verkið Nótt og dagur sem er úrval úr efnisskrám laugardagsins auk tónverksins Tara´s Harp eftir Úlfar Inga Haraldsson. Það er kammerkórinn Libera Contoria Pisani sem flytur undir stjórn Filippo Furlan. - ls



**SUMARTÓNLEIKAR Í SKÁLHOLTSKIRKJU** verða haldnir í 35. skipti í ár og í þetta sinn með ítölsku móti.

# RÓMEÓ OG JÚLÍA




## Rómeó og Júlía Vesturports í síðasta sinn

**Vegna mikilla vinsælda bættum við inn nýjum sýningum. Síðustu forvöð að tryggja sér miða á þessa mögnuðu sýningu í Borgarleikhúsinu.**

VesturPort | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

> NÝ PLATA Í OKTÓBER

Samkvæmt vefsíðunni DirectCurrentMusic.com er ný plata frá hljómsveitinni Kings of Leon væntanleg 19. október. Hljómsveitin hefur ekki staðfest það, en söngvarinn Caleb Followill lét nýlega hafa eftir sér að hann myndi flytja alla nýju plötuna á tónleikum ef útgáfufyrirtækið leyfði honum það.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Draumurinn vakti lukku í Santiago

Fyrsti myndhlutinn af fimm úr kvikmyndinni Draumurinn um veginn, sem fjallar um 800 km pílagrímsgöngu skáldsins Thors Vilhjálmssonar til Santiago de Compostela á Spáni, var frumsýndur í Santiago-borg á dögunum við mjög góðar undirtektir.

„Skipuleggjandinn hjá Santiago-kvikmyndamiðstöðinni, Dimas Gonzáles, sagði að sýningin hefði verið „success" og gat þess að fjöldi manns hefði komið að máli við sig eftir sýningu til að lýsa yfir ánægju sinni og forvitnast um næstu myndhluta," segir Erlendur Sveinsson, leikstjóri myndarinnar. „Við Thor gátum ekki verið viðstaddir og því flutti Dimas ávarp fyrir okkar hönd í upphafi sýningar."



**VEL HEPPNUÐ FRUMSÝNING** Leikstjórinn Erlendur Sveinsson ásamt skáldinu Thor Vilhjálmssyni. Frumsýningin í Santiago heppnaðist sérlega vel.

Erlendur ræddi einnig við annan mann, Englendinginn David Francis, sem kemur við sögu í myndinni og hann var gríðarlega sáttur við frumsýninguna.

„Hann sagðist hafa gleymt að segja mér frá því að hann starfaði sem pródúsent á BBC í 20 ár við að framleiða alls konar heimildarmyndir. Hann naut þess að horfa í 106 mínútur og vildi hefja myndina á stall sem eitt af því albesta sem hann hefði séð."

Þessi fyrsti myndhluti af Drauminum um veginn heitir Inngangan og fjallar um inngönguna í heim fólksins sem gengur eftir pílagrímsveginum í leit að sjálfu sér. Erlendur vonast til að sýna myndina hér á landi í haust og vonast einnig til að sýna hina myndhlutana erlendis síðar meir. Hann er þegar búinn að gera enska útgáfu af fyrsta hlutanum og vonast til að koma henni að á kvikmyndahátíðum erlendis. **- fb**

# Peaches þorir ekki að segja pabba

Rokkaradóttirin Peaches Geldof og Íslandsvinurinn og leikstjórinn Eli Roth hafa ákveðið að ganga í það heilaga í haust. Hún er sérstaklega þekkt fyrir að vera dóttir tónlistarmannsins Bob Geldof en Roth hefur gert myndir á borð við Inglorious Basterds. Parið hefur verið saman í fjóra mánuði en það er 17 ára aldursmunur á skötuhjúunum.

Þrátt fyrir að vera aðeins 21 árs verður þetta í annað sinn sem Geldof gengur upp að altarinu en fyrir tveimur árum giftist hún rokkaranum Max Drummey við leynilega athöfn í Las Vegas. Faðir hennar var mjög á móti þeimráðahag. Hjónabandið entist í 189 daga.

Bob Geldof mun vera sáttari við leikstjórann Eli Roth en dóttirin þorir samt sem áður ekki að segja honum frá fyrirhuguðum brúðkaupsplönum. Brúðkaupið á að vera að gyðingasið og eiga sé stað á þaki byggingar í New York.



**Í HJÓNABAND** Peaches Geldof og Eli Roth ætla að ganga í það heilaga á næstunni en þau hafa verið par síðan í mars á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Ólétt fyrirsæta



Sá orðrómur er á sveimi að fyrirsætan Miranda Kerr og leikarinn Orlando Bloom eigi von á barni. Parið, sem gifti sig á laun fyrir stuttu síðan, hefur þó ekki staðfest þessar fregnir en vinnufélagi Kerr fullyrti þetta við fjölmiðla vestanhafs. Jessica White fyrirsæta sagði að Kerr væri ólétt og að nýgiftu hjónin væru í skýjunum yfir fréttunum. Einnig hefur hótelstarfsmaður á karabísku eyjunni Anquilla, þar sem parið eyddi hveitibrauðsdögunum, sagt að Bloom hafi alltaf verið að afsaka hvað eiginkona sín væri pirruð á meðan á dvöl þeirra stóð. Kerr mun hafa verið óvenju niðurdregin og því hafi leikarinn fundið sig knúinn til að segja starfsfólkinu að Kerr liði ekki vel því hún væri ólétt.

**VÆNTANLEGIR FORELDRAR** Nýgiftu hjónin Orlando Bloom og Miranda Kerr eiga von á barni samkvæmt erlendum fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Ættleiðir tvo hunda

Strandvarðagellan fyrrverandi, Pamela Anderson, hefur ættleitt tvo hunda sem voru yfirgefnir í kjölfar olíulekans við Mexíkóflóa. Anderson er heiðursformaður dýraverndunarsamtakanna PETA og komst í mikið uppnám þegar hún frétti af því að fimmtíu hundar hefðu verið yfirgefnir eftir lekann. Hún ákvað að ættleiða tvo þeirra en synir hennar Brandon og Dylan vildu ættleiða alla fimmtíu. „Fólk hefur ekki efni á að kaupa mat handa fjölskyldum sínum og þess vegna eru gæludýrin skilin út undan," sagði hún. Hundarnir tveir hafa verið nefndir í höfuðið á leikkonunum Ginu Lollobrigidu og Brigitte Bardot, sem eru í miklum metum hjá Anderson.



**PAMELA ANDERSON** Leikkonan hefur ættleitt tvo hunda sem voru yfirgefnir vegna olíulekans við Mexíkóflóa.

# Dóri DNA leikur Mario í leit að týndu prinsessunni

**„Singalong"-sýningin Mario Bros verður sett upp um miðjan ágúst af danshópnum Dans á rósum. Hér er um að ræða sýningu þar sem gestir eru hitaðir upp fyrir sýningu til að taka þátt í völdum atriðum.**



**MARIO BROS**

**Dóri DNA** fer með hlutverk **Marios** í söngleik sem byggður er á tölvuleiknum Super Mario Bros.

„Þetta er mesta geðveiki í heiminum. Ég er að leika, syngja og dansa og ég hef aldrei gert neitt af þessu áður. Sem betur fer er ég með mjög liprar hreyfingar, tæra söngrödd og þá er ég að tala um að ég næ hinum hreina tóni. Svo er ég náttúrulega svaðalegur leikari," segir Halldór Halldórsson, betur þekkur sem Dóri DNA.

Dóri leikur aðalhlutverkið í sýningu listhópsins Dans á rósum sem setur upp sýninguna Mario Bros í ágúst í leikstjórn Írisar Stefaníu Skúladóttur. Mario Bros, sem byggt er á tölvuleiknum Super Mario Bros, er svokallað „singalong"-gamanleikhús og verður sýnt á Norðurpólnum á sviðslistahátíðinni artFart 2010 um miðjan ágúst.

Verkið hefst þegar Mario vaknar og uppgötvar að búið er að ræna prinsessunni hans enn og aftur. Hann biður bróður sinn Luigi um aðstoð við að finna prinsessuna og tjá þeir bræður baráttu sína með dansi og söng. Hugmyndasmíð eiga Íris Stefanía Skúladóttir, Búi Bjarmar Aðalsteinsson og Rósa Rún Aðalsteinsdóttir, en hún sér einnig um að semja dansana. Auk Dóra eru þátttakendur í sýningunni Saga Garðarsdóttir, Díana Rut Kristinsdóttir, Axel Diego, Sindri Steinn Diego, Jóakim Meyvant Kvaran, Arndís Benediktsdóttir og Særós Mist Hrannardóttir. Þess má geta að hér er um að ræða sirkusþjálfað fólk og er Sindri Diego núverandi Íslandsmeistari í fimleikum.

„Ég leikstýrði verki í Norðurpólnum í vor og ég þekki Írisi síðan í MH. Hún hringdi í mig og spurði hvort ég vildi taka þátt í öðruvísi dansleikhúsi. Það vildi svo skemmtilega til að ég var að flytja til Þýskalands í haust og ætlaði í raun að slaka á í sumar þannig að það var tilvalið að koma þarna inn," segir Dóri.

Formið á sýningunni er nýtt að því leytinu til að áhorfendur verða hitaðir upp fyrir sýningu og verða við öllu búnir þegar haldið er inn í salinn þar sem fjörið tekur við. Tónlist verksins er frumsamin að hluta en einnig er hún byggð á tónlistinni úr tölvuleiknum sjálfum.

„Tónlistin er melódísk en notast er við þessi Mario Bros-hljóð úr tölvuleiknum. Halldór [Eldjárn] er slíkur meistari drengurinn og ég sem svo einn eða tvo texta með. Þetta kemur ofsalega vel út," segir Dóri.

Á dagskrá eru einungis þrjár sýningar, 12., 13. og 15. ágúst en Dóri hefur fulla trú á því að meira verði úr sýningunni. „Þetta verða þessar þrjár sýningar nema þetta verði ógeðslega vinsælt þá sýnum við þetta áfram. Ég held þetta verði Broadwayklassík," segir Dóri að lokum.

**linda@frettabladid.is**

# Kennir sænskum piltum dans

Íslenski Dansflokkurinn hefur staðið fyrir sérstökum Strákanámskeiðum síðustu fimm ár. Á námskeiðunum kynna dansarar frá flokknum nútímadans fyrir unglingsstrákum. Námskeiðin hafa vakið mikla lukku meðal unglingspilta hér á landi og nú hefur flokkurinn ákveðið að fara í útrás með námskeiðin.

Peter Anderson hefur stýrt námskeiðunum fyrir hönd Dansflokksins undanfarin ár og heldur hann nú út fyrir landssteinana til að kenna unglingspiltum í Svíþjóð og Póllandi grunninn að nútímadansi. „Undanfarið ár hef ég ferðast nokkrum sinnum til norðurhluta Svíþjóðar til að kenna dans. Ég heimsótti einnig Pólland í júní í sömu erindagjörðum," segir Peter og bætir við að piltunum þyki yfirleitt gaman að takast á við ný og krefjandi verkefni.

„Margir hafa ekki hugmynd um út á hvað námskeiðið gengur en kjósa hreyfinguna fram yfir það að sitja inni í kennslustofu. Flestir skemmta sér vel, þó það fari auðvitað mikið eftir stemningunni í hópnum, og strákarnir verða afskaplega stoltir þegar þeir fara fram úr eigin væntingum." Peter



**KENNIR DANS** Peter Anderson kennir unglingspiltum í Svíþjóð og Póllandi nútímadans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hættir að kenna námskeiðið í lok sumars til að geta einbeitt sér að námi sínu í listum og kennslufræði. „Íd mun taka við námskeiðinu og halda áfram að þróa það og efla." **-sm**


FLOTTAR VÖRUR Á
FÁRÁNLEGU VERÐI
GÖTU-
MARKAÐUR
AÐEINS 5 DAGAR EFTIR
Síðustu forvöð
að gera dúndurkaup
Gildir til sunnudags
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Þakkar fyrir lífið

Breska söngkonan Cheryl Cole þakkar læknunum sem læknuðu hana af malaríuveirunni og íhugar að gefa spítalanum peningagjöf sem þakklætisvott. Cole sást í fyrsta sinn opinberlega í vikunni en mánuður er síðan söngkonan hné skyndilega niður í myndatöku og greindist með malaríu í kjölfarið. Hún hefur því tekið sér frí frá störfum næstu sex vikurnar og aflýst öllu tónleikahaldi og plötuútgáfu um tíma. Cole hefur nú yfirgefið Bretland og farið í frí til Los Angeles til að slappa af og ná fyrri kröftum.

Fyrr á þessu ári skildi hún við eiginmann sinn, fótboltamanninn Ashley Cole, og hefur verið mikið í bresku pressunni vegna þessa. Einnig situr Cheryl Cole í dómarasæti í bresku X-faktor þáttunum við hlið Simonar Cowell en hún hefur nú tekið sér frí frá því vegna veikindanna.



**SAFNAR KRÖFTUM** Söngkonan Cheryl Cole er að jafna sig eftir að hafa sýkst af malaríu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Tiger vill kvænast að nýju

Tiger Woods ku vera í brúðkaupshugleiðingum þrátt fyrir að skilnaður hans og Elinar Nordegren sé enn ekki fullfrágenginn.

Kylfingurinn mun vilja kvænast fyrrum hjákonu sinni, Rachel Uchitel, og stofna fjölskyldu með henni en hann er afar ósáttur við þátttöku hennar í raunveruleikaþættinum Celebrity Rehab þar sem Uchitel hyggst vinna bug á eiturlyfjafíkn sinni. „Rachel veit að hún er aðeins þekkt fyrir að vera konan sem eyðilagði hjónaband Tigers Woods og vonast eftir því að fólk fái að sjá hennar innri mann í sjónvarpsþáttunum og taki hana í sátt áður en hún giftist honum," var haft eftir heimildarmanni. Woods skammast sín þó fyrir það að tilvonandi eiginkona hans verði þekkt sem fyrrum fíkill eftir að sjónvarpsþættirnir verða sýndir. „Hann vill að hún fari í meðferð, en ekki á svona opinberan hátt. Hann er líka hræddur um að Rachel muni yfirgefa hann um leið og hún nær fullum bata," sagði heimildarmaðurinn.



**VILL GIFTAST** Tiger Woods er sagður vilja giftast fyrrum hjákonu sinni, Rachel Uchitel. NORDICPHOTOS/GETTY



**Í VONDUM MÁLUM** Mel Gibson á ekki sjö dagana sæla. NORDICPHOTOS/GETTY

# Enginn vill Mel Gibson

Mel Gibson á að hafa boðið fyrrverandi eiginkonu sinni, Robyn Gibson, í rólegan kvöldverð fyrir skemmstu og beðið hana um að taka aftur saman við sig.

Hjónin enduðu þrjátíu ára samband sitt árið 2006 eftir að myndir af Mel með annarri konu birtust í tímaritum vestra. Líkt og flestir vita þá stendur ferill Mels Gibson völtum fótum vegna ásakana fyrrverandi kærustu hans um að hann hafi beitt hana líkamlegu og andlegu ofbeldi. Robyn er nánast eina manneskjan sem hefur sýnt Mel opinberan stuðning og er hann henni afskaplega þakklátur fyrir það. „Mel var svo snortinn að hann bauð henni út að borða á rólegum veitingastað og bað hana að taka við sér aftur. Honum brá þegar svarið var afdráttarlaust „nei"," var haft eftir heimildarmanni.

# Hollywood-brjálæði í Simpsons

**22. þáttaröð Simpsons-fjölskyldunnar hefst í september. Eins og endranær verður Hollywood ekki langt undan, en sjaldan hafa jafn margir gestaleikarar verið staðfestir áður en þáttaröðin hefst.**

Fjölmargar stjörnur hafa þegar tekið boðinu um að tala inn á næstu þáttaröðina um Simpsons-fjölskylduna. Engan skal undra, þættirnir eru á meðal þeirra farsælustu sem sýndir hafa verið í sjónvarpi. Þáttaröðin sem hefst í september er sú 22. í röðinni og fátt bendir til þess að síðasti þátturinn fari í loftið í bráð.

Fyrsti þátturinn verður sýndur 26. september í Bandaríkjunum, en ólíkar stjörnur leiða þá saman hesta sína. Nokkrir krakkar úr spútnikþættinum Glee tala inn á fyrir krakka í sérstökum sköpunarsumarbúðum sem Lísa er send í. Leiðbeinendurnir í sumarbúðunum eru engir aðrir en Bret McKenzie og Jemaine Clement sem allir ættu að þekkja úr þáttunum Flight of the Conchords. Ef þú, lesandi góður, hefur ekki horft á þættina ættirðu að drífa í því. Þeir eru frábærir.

Á meðal annarra frægra gesta í næstu þáttaröð Simpsons-fjölskyldunnar eru Martha Stewart, sem kemur fram í jólaþættinum, og Joe Hamm, sem leikur fulltrúa FBI í þætti þar sem Homer lendir enn á ný í slagtogi við mafíósann Fat Tony.

How I Met Your Mother-stjarnan Alyson Hannigan leikur dóttur forfallakennara í þættinum Flaming Moe. Skinner skólastjóri gengur á eftir forfallakennaranum með grasið í skónum og reynir að koma dóttur hans og Bart saman. Ekki rugla nafni þáttarins saman við þáttinn Flaming Moe's. Enda gera Moe og Smithers tilraun til að breyta bar þess fyrrnefnda í hommabar í nýrri þættinum.

Forstjóri Facebook-samskiptafyrirbærisins, Mark Zuckerberg, les inn á einn þátt, Halle Berry afhendir Homer verðlaun, Paul Rudd les inn fyrir sálfræðing sem reynir að hjálpa Hómer að verða betri faðir og Ricky Gervais snýr aftur og tekur þátt.

Þá munu Russell Brand, Jonah Hill, Rachel Weisz og Cheech & Chong öll koma fram í þáttaröðinni, sem verður augljóslega þétt skipuð.

atlifannar@frettabladid.is













**ALLIR MEÐ Í SIMPSONS**

Félagarnir **Russell Brand** og **Jonah Hill** tala inn á næstu þáttaröð Simpsons-fjölskyldunnar sem er sú 22. í röðinni. Fegurðardísin **Halle Berry** verður líka með ásamt hinni snoppufríðu **Alyson Hannigan**. Þá verða sprelligosarnir í **Flight of the Conchords** ekki langt undan.



**RAPPARI SEM FORSETI** Meðlimir Fugees tvístrast í baráttunni því Pras stendur á bak við annan frambjóðanda. Hvar ætli Lauren Hill standi?

# Wyclef í framboð

**Rapparinn Wyclef Jean, sem flestir þekkja úr hljómsveitinni Fugees, hefur staðið sem klettur við hlið íbúa Haítí síðan hinn hræðilegi jarðskjálfti eyðilagði þar allt snemma á þessu ári. Nú hefur rapparinn tekið væntumþykju sína á landinu skrefinu lengra og hefur tilkynnt framboð sitt til forseta í kosningum sem fram fara í nóvember á þessu ári.**

**Samkvæmt heimildum er öll pappírsvinna komin á hreint og fjölskylda rapparans hefur lýst yfir stuðningi sínum.**

# Nicolas Cage hættir við Trespass á síðustu stundu

Hollywood stjarnan Nicolas Cage hefur skyndilega dregið sig út úr nýju mynd Joels Schumacher, Trespass, og það einungis tveim vikum áður en upptökur áttu að hefjast.

Stjarnan hafði gert mjög róttækar breytingar á framleiðslu myndarinnar þegar hann bað um nýtt hlutverk. Upprunalega átti hann að fara með hlutverk eiginmanns Nicole Kidman en bað um að því yrði breytt í hlutverk foringja mannræningjahóps.

Nú þegar hann hefur hætt við verkefnið þurfa framleiðendur að finna nýja stjörnu í stað Cage og það á innan við tveimur vikum. Ef þeir finna ekki neinn sem hentar vel lítur allt út fyrir að hætt verði við myndina.

Leikarinn á að hafa yfirgefið leikara og framleiðendur til þess að fara í frí til Bahama-eyja. Þetta lítur einstaklega illa út fyrir Nicolas Cage sérstaklega í ljósi þess að leikarinn skuldar einn og hálfan milljarð í skatt.



**NICOLAS CAGE** Einungis tveim vikum fyrir tökur hætti leikarinn við verkefni og skilur alla eftir í súpunni.

HONDA
The Power of Dreams

# NÝR CR-V
# BÍLLINN SEM PASSAR



Bíll á mynd: CR-V Executive 2.0i með samlitaða stuðara, sílsa, hjólboga og aurhlífar.

## CR-V Elegance 2.0i - sjálfskiptur

150 hestöfl • meðaleyðsla 8,4L/100km • $CO_2$ útblástur 193g/km
17“ álfelgur • tvískipt loftkæling • skriðstillir • þokuljós • regnskynjari

**kr. 5.490.000**

## CR-V Executive 2.0i - sjálfskiptur

150 hestöfl • meðaleyðsla 8,4L/100km • $CO_2$ útblástur 193g/km
18“ álfelgur • tvískipt loftkæling • skriðstillir • þokuljós • regnskynjari
leðurinnrétting • glerþak • xenon ljós • fjarlægðarskynjarar

**kr. 6.190.000**

Nýr CR-V passar. Með fjölda loftpúða, ABS, spólvörn, skrikvörn og endalausum öryggisatriðum passar hann börnin okkar, farþega og gangandi vegfarendur, jafnvel og bílstjórann. Hann passar ótrúlega vel þegar þú þarft að flytja marga eða mikið. Nýr CR-V passar af nákvæmni að jafnvægi krafts og eldsneytiseyðslu sé rétt og býður allt það besta í staðalbúnaði sem hugurinn girnist. Hann passar upp á umhverfið í framleiðslu og í akstri. Hann passar upp á glæsilega ásýndina. Hann passar við drauminn þinn um akstur í borg og byggð með sjálfskiptum, hljóðlátum og öflugum dísil- og bensínvélum. CR-V passar að laga sig óaðfinnanlega að þörfum eigandans. **Komdu og mátaðu hvernig nýr CR-V smellpassar fyrir þig.**

www.honda.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26
Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**UMBOÐSAÐILAR:** Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| SORCERER´S APPRENTICE | kl. 1- 3:20 -5:40 -8 -10:20 | 7 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 | VIP |
| SHREK 3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK ísl. Tali Sýnd á morgun | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER M/ ensku Tali | kl. 10:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. Tali | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 -5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| **SAMBÍÓIN SELFOSSI** | | |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| PREDATORS | kl. 8 - 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SORCERER´S APPRENTICE | 3:20 - 5:40 -8 -10:30 - 11 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| SHREK FOREVER AFTER 3D M/ ensku Tali | kl. 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 5:40 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl tal | kl. 6 | L |
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 4 - 6 | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| KARATE KID LÚXUS | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.40 - 8 - 10 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 6 | L |
| THE KARATE KID | kl. 6.30 - 8 - 9.30 | L |
| BABIES | kl. 6 - 8 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 22 BULLETS | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | 4 - ISLENSKT TAL | L |
| THE KARATE KID | 5 og 8 | 12 |
| SHREK 4 SÆLL ALLA DAGA 3D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| KNIGHT AND DAY | 8 og 10.15 | 12 |


# Kaupa saman íbúð

Samkvæmt slúðurblöðum vestanhafs eru leikkonan Kate Hudson og söngvarinn Matt Bellamy um það bil að taka næsta skref í sambandinu. Parið hefur verið á milli tannanna á fólki eftir að þau opinberuðu samband sitt nýlega en hafa lýst því yfir hversu hamingjusöm þau séu. Nú hafa þau tekið enn eitt skrefið og eru að leita sér að íbúð til að kaupa saman.

„Þau eru mjög ástfangin, þau bara smella saman. Hudson átti íbúð í borginni í fimm ár en hún vill finna aðra stærri, þannig að Bellamy stakk upp á því að þau rugluðu saman reitum. Kate vill stúdíó fyrir Bellamy og leikherbergi fyrir son sinn, Ryder,“ sagði heimildarmaður.



**TAKA STÓRT SKREF Í SAMBANDINU** Hudson og Bellamy leita nú að íbúð til að kaupa saman.

# Samdi lag í kvikmynd

**Rokkarinn Eddie Vedder úr hljómsveitinni Pearl Jam hefur samið lag fyrir nýjustu kvikmynd Juliu Roberts, Eat Pray Love. Lagið nefnist Better Days og verður gefið út sem smáskífa í lok september. Á plötu sem kemur út með lögum úr myndinni er einnig The Long Road með Vedder og Nusrat Fateh Ali Khan. Lagið var áður í myndinni Dead Man Walking eftir Sean Penn sem kom út árið 1996. Önnur eldri lög í Eat Pray Love eru Heart of Gold og Harvest Moon eftir Neil Young og Got To Give It Up (Part 1) eftir Marvin Gaye.**



EDDIE VEDDER

# Kattarkonan í næstu mynd um Leðurblökumanninn?

**Batman-nördar um allan heim myndu örugglega fagna ef Kattarkonan yrði í næstu mynd um hetjuna. Nú gengur sá orðrómur um netheima að búið sé að skrifa hana inn í næstu mynd.**

Nördasíðan GeekTyrant.com varpaði sprengju inn í umræðuna um væntanlega kvikmynd Christophers Nolan um Batman í gær. Samkvæmt heimildum vefsíðunnar hefur persóna að nafni Selina Kyle verið skrifuð inn í myndina. Þeir sem þekkja myndasögurnar um Batman vita að þetta er nafn konunnar sem síðar varð hin kynþokkafulla Kattarkona. Halle Berry túlkaði Kattarkonuna síðast í mynd frá árinu 2004 sem þótti ekki góð.

Næsta Batman-mynd verður sú þriðja í röðinni frá Nolan, sem hefur tekist að færa myndirnar um hetjuna upp á hærra plan. Talið er að The Riddler snúi aftur sem vondi karlinn í næstu mynd og Batman-nördarnir á vefsíðunni GeekTyrant telja kjörið að aðalkvenpersónan verði Kattarkonan víðfræga.

„Við lítum á þetta sem orðróm í dag, en þetta er skemmtilegt umræðuefni,“ segir fréttaritari GeekTyrant. „Ég sé fyrir mér að Nolan myndi nota Kattarkonuna í myndinni og ég held að aðdáendurnir hafi ekkert á móti því að fá nýja og kynþokkafulla Kattarkonu.“

**NÝ KATTARKONA**

Halle Berry fór síðast með hlutverk Kattarkonunnar, en nafn hennar hefur ekki komið upp í umræðum um nýju Batman-myndina. Hér sést Berry í klóm fjallaljónynjunnar Sharon Stone í Catwoman, sem þótti afar misheppnuð mynd.



# Svöl íslensk sálartónlist

Tónlist ★★★★

**Búum til börn**

Moses Hightower

Þó að hljómsveitin Moses Hightower hafi verið stofnuð fyrir þremur árum hefur frekar lítið farið fyrir henni fyrr en nú og Búum til börn er hennar fyrsta plata. Meðlimirnir hafa samt fengist við tónlist í mörg ár, eins heyrist á plötunni. Söngvarinn og hljómborðsleikarinn Steingrímur Karl Teague var meðlimur í þeirri fínu sveit Ókind og saman hafa meðlimir Moses Hightower spilað með söngkonunni Bryndísi Jakobsdóttur bæði hérlendis og erlendis.

Tónlist Moses Hightower kveikti á tveimur tengingum hjá mér strax og ég heyrði hana. Annars vegar er mjög sterk tenging yfir í grúví sálartónlist áttunda áratugarins. Og hins vegar minna textar og söngur stundum á gamlalt íslenskt gæðapopp, t.d. Melchior eða jafnvel Spilverkið. Úr þessu búa meðlimir Moses Hightower til blöndu sem er bæði sérstök og sannfærandi. Öðruvísi en allt annað í íslenskri tónlist.




**BÚUM TIL BÖRN** Fyrsta plata Moses Hightower nefnist Búum til börn.

Þetta er ofursvöl tónlist. Hún er hæggeng, en full af tilþrifum og tilfinningu. Fyrir utan fjórmenningana í hljómsveitinni koma margir góðir gestir við sögu. Eins og hæfir í svona tónlist þá er fullt af blásurum (trompet, básúna, saxófónn og flügelhorn fá að hljóma), en líka bakraddir og strengjaleikarar. Þá eru bakraddirnar ekkert slor, en um þær sjá fyrrnefnd Bryndís, Sigríður Thorlacius og Ragnheiður Gröndal.

Bæði laga og textasmíðar Moses Hightower eru yfir meðallagi. Það er erfitt að taka út einhver lög, en titillagið, 101 ósómi, Vandratað, Bílalest út út bænum og Bankabókarblús eru öll afbragð og afgangurinn litlu síðri. Textarnir, sem söngvararnir tveir Steingrímur og Andri Ólafsson semja, eru frábærir. Hnyttilega samdir og bæði skemmtilega hversdagslegir og upplífgandi. Hvað gæti verið betra fyrir aðkreppta þjóð en að heyra lög sem heita Búum til börn eða Alltígóðulagi? Það er alltaf gaman að fá alvöru texta á íslensku.

Öll vinna og frágangur á Búum til börn er til fyrirmyndar. Útsetningar og hljómur eru pottþétt og umbúðirnar smekklegar.

Á heildina litið er þetta ein af betri plötum ársins. Íslendingum hefur fram að þessu ekki gengið sérstaklega vel að búa til sálartónlist, en Moses Hightower hefur fundið leið til þess og hún virkar.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Fín lög, flottur flutningur og framúrskarandi textar einkenna þessa fyrstu plötu Moses Hightower.


SKÓLA TÖSKUR
SPARA SPARA
JEVA
ALLAR JEVATÖTSKUR
11.904 KR
BECKMAN BAKPOKI
STREET SKATE
9.950 KR
EASTPACK BAKPOKAR
CAMO
1.495 KR
HERLITZ BAKPOKI
945 KR
SKATE BAKPOKI
MEÐ PENNAVESKI
4.745 KR
HERLITZ BAKPOKI
2.845 KR
HERLITZ BAKPOKI
6.995 KR
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PENNAVESKJUM
SKEIFUNNI 11 S: 5331010
griffill.is
Auglýsingin gildir til og með 8. ágúst eða meðan birgðir endast. ´Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og myndabrengl.

## > Fær ekki samning hjá Charlton

Gunnari Heiðari Þorvaldssyni var ekki boðinn samningur hjá enska C-deildarliðinu Charlton þar sem hann var til reynslu fyrr í sumar. Gunnar Heiðar meiddist reyndar í æfingaleik með félaginu og sneri þá heim til Íslands. Gunnar Heiðar er á mála hjá danska liðinu Esbjerg en var lánaður til Reading í ensku B-deildinni á síðari hluta síðasta tímabils. Þar gat hann lítið spilað vegna meiðsla. Gunnar Heiðar hefur þó til mánaðarloka til að finna sér nýtt félag í Evrópu. Ef það tekst ekki mun hann væntanlega snúa aftur til Esbjerg.



**sport**
sport@frettabladid.is

GARÐAR JÓHANNSSON: GENGINN TIL LIÐS VIÐ STJÖRNUNA OG KEMUR TIL ÍSLANDS Í NÆSTU VIKU

# *Ég er ekki að koma sem bjargvættur Stjörnunnar*



Gengið var frá félagaskiptum Garðars Jóhannssonar í Stjörnuna nú skömmu áður en félagaskiptaglugginn lokaði um mánaðamótin. Garðar lék síðast með Hansa Rostock í Þýskalandi þar sem hann er enn að ganga frá sínum málum.

„Ég kem heim á mánudaginn og spila því ekkert með Stjörnunni í þessari viku," sagði Garðar við Fréttablaðið. Stjarnan á leik gegn KR á útivelli á fimmtudaginn og á sunnudag tekur liðið á móti Selfossi.

Garðar vonast þó enn til þess að hann komist að hjá félagi á meginlandinu áður en alþjóðlegi félagaskiptaglugginn lokar um næstu mánaðamót.

„Í augnablikinu er ekkert fast í hendi. Ég leit á félagaskiptin í Stjörnuna fyrst og fremst sem varnagla, allavega til að byrja með. Ef ekkert gerist hjá mér hérna úti á ég von á því að flytja heim og þá verð ég bara sáttur við það," sagði Garðar.

Hann segist hafa verið að skoða möguleika á því að komast að hjá félagi annað hvort í Þýskalandi eða Danmörku, fyrst og fremst. „Það hafa verið nokkrir möguleikar í boði fyrir mig en ég tel það sem fram hefur komið ekki það bitastætt að ég geti stokkið á það. En svo er markaðurinn mjög erfiður líka og þá sérstaklega í Danmörku. Ég hef farið tvisvar til reynslu hjá dönskum félögum þar sem mér hefur gengið vel. Hins vegar eiga þessi félög ekki peninga og því er ég í raun enn að bíða eftir svörum þaðan."

Hann á von á því að markaðurinn taki við sér síðari hluta ágústmánaðar. „Síðustu tvær vikurnar fer allt á fullt og þá kemur einnig til greina að fara til Noregs eða Svíþjóðar. Ég vona að þá verð ég búinn að spila 1-2 leiki með Stjörnunni og kominn í ágætt form. Mér veitir ekki af því enda ekkert æft eða spilað síðan í maí. Það er alveg ljóst að ég er ekki að koma til Stjörnunnar sem bjargvættur eða neitt slíkt," sagði hann.



**VIÐBÓT FRÁ SÍÐASTA LEIK** Gylfi Þór Sigurðsson er í hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

21 árs landsliðið valið:

# Þrír fá ekki að vera með

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari U21 karla, fær ekki að nota sitt sterkasta lið á móti Þjóðverjum í leik liðanna í undankeppni fyrir EM 2011. Ísland mætir Þýskalandi á Kaplakrikavelli á miðvikudaginn.

Eyjólfur fékk ekki leyfi Ólafs Jóhannessonar til að nota þá Aron Einar Gunnarsson, Arnór Smárason og Rúrik Gíslason, sem eru í A-landsliðshópnum, fyrir vináttuleik við Liechtenstein. Matthias Sammer, þjálfari Þjóðverja, er að reyna að fá alla sína sterkustu leikmenn í leikinn.

Annað sæti riðilsins getur gefið sæti í umspili fyrir úrslitakeppni EM 2011 sem fram fer í Danmörku og með sigri tryggir íslenska liðið sér nánast annað sætið og skilur Þjóðverja eftir í riðlinum. **- óój**

### U-21 landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Haraldur Björnsson | Þrótti |
| Arnar Darri Pétursson | SönderjyskE |
| **Varnarmenn:** | |
| Hólmar Örn Eyjólfsson | West Ham |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | FH |
| Skúli Jón Friðgeirsson | KR |
| Andrés Már Jóhannesson | Fylki |
| Jón Guðni Fjóluson | Fram |
| Kristinn Jónsson | Breiðabliki |
| **Miðvallarleikmenn:** | |
| Birkir Bjarnason | Viking |
| Bjarni Þór Viðarsson | Mechelen |
| Eggert Gunnþór Jónsson | Hearts |
| Gylfi Þór Sigurðsson | Reading |
| Jóhann Berg Guðmundsson | AZ Alkmaar |
| Almarr Ormarsson | Fram |
| Guðlaugur Victor Pálsson | Liverpool |
| **Sóknarmenn:** | |
| Kolbeinn Sigþórsson | AZ Alkmaar |
| Alfreð Finnbogason | Breiðabliki |
| Kristinn Steindórsson | Breiðabliki |

KFÍ í körfuboltanum:

# Misstu einn en fá tvo í staðinn

**KÖRFUBOLTI** Nýliðar KFÍ í Iceland Express-deild karla hafa samið við Bosníumanninn Edin Suljic (203 sm) og Englendinginn Carl Josey (192 sm). KFÍ sér hins vegar á eftir hinum frábæra miðherja Igor Tratnik sem hefur gert samning við Tenerife Rural frá Spáni. Tratnik gerði samning við KFÍ um að spila hér, en var með klásúlu um að fá sig lausan ef boð frá stærra liði bærist.

Bandaríski bakvörðurinn Craig Schoen spilar sitt þriðja tímabil með KFÍ í vetur en liðið er nú þjálfað af Bandaríkjamanninum B.J. Aldridge sem mætti á Ísafjörð í gær. **- óój**

# Sigurvegarinn Tryggvi Guðmunds

**Tryggvi Guðmundsson kann fátt betur en að skora mörk og vinna leiki í íslensku úrvalsdeildinni. Þessi mikli sigurvegari hefur haft mikil áhrif á ÍBV-liðið sem nú situr í toppsæti Pepsi-deildarinnar ári eftir að það var á botninum. Tryggvi hefur tekið þátt í 104 sigurleikjum á síðustu níu tímabilum sínum á Íslandi.**

**FÓTBOLTI** Eyjamenn hafa á einu ári farið frá því að vera botnlið Pepsi-deildar karla í að vera með þriggja stiga forskot á toppnum. Heimir Hallgrímsson, þjálfari liðsins, er búinn að gera frábæra hluti með liðið, hann hefur fengið hárréttu útlendingana út í Eyjar en lykilatriðið var þó að kalla markahetjuna Tryggva Guðmundsson aftur heim.

Tölfræðin segir vissulega sína sögu. Eftir 13. umferðina 20. júlí 2009 var ÍBV-liðið í 11. sæti (12. sæti eftir 12. umferð) með 3 sigra og 11 stig alls eða ellefu sætum neðar en FH-liðið sem var með 11 sigra og 34 stig. Eftir 13. umferð 26. júlí 2010 sitja Eyjamenn hins vegar á toppnum, búnir að vinna 9 leiki og með 29 stig. ÍBV er nú 7 stigum og 3 sigrum á undan Íslandsmeisturunum úr FH. Eyjamenn eru þannig búnir að vinna sex leikjum meira en á sama tíma í fyrra þegar þeir voru án Tryggva. FH-ingar hafa unnið fimm leikjum færra í ár en í fyrra þegar þeir voru með Tryggva innanborðs.



**114 MÖRK OG 115 SIGRAR** Tryggvi Guðmundsson hefur fagnað fjölmörgum mörkum og aðeins fleir sigrum á tólf tímabilum sínum í íslensku deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Spilar best undir pressu

„Það sem Tryggvi gefur strákunum mínum og liðinu mínu er að hann höndlar athyglina og honum líður best í athygli. Ég hef oft tekið eftir þessu í sumar. Hvort sem athyglin er jákvæð eða neikvæð þá virðist hann spila best undir pressu og þegar hann fær athygli. Hann tekur því pressuna af þeyjunum mínum sem eru ekkert vanir að vera í toppbaráttu eða í mikilli umfjöllun," segir Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, um áhrif Tryggva og bætir síðan við: „Hvort sem er á æfingum eða í leikjum þá vill hann að allir séu hundrað prósent á fullu. Það er þessi sigurvilji sem rekur hann áfram því hann þolir ekki að tapa og þá heldur ekki á æfingu. Þetta smám saman smitast í hópinn í kringum hann," segir Heimir.

Tryggvi Guðmundsson er nú að leika sitt níunda tímabil í röð þar sem lið hans vinnur átta eða fleiri leiki og hefur hann orðið Íslandsmeistari á fimm af þessum átta sumrum. Lið hans hafa unnið 104 leiki á þessum níu tímabilum eða tæplega tólf að meðaltali og Eyjaliðið á enn níu leiki eftir inni til þess að bæta við þann fjölda. Heimir bendir á að vissulega hafi Tryggvi notið góðs af því að hafa verið í FH, sem hefur verið yfirburðalið á Íslandi síðustu ár, en talar jafnframt um að sviðsljósið kalli fram allt það besta hjá Tryggva.

„Hann virðist blómstra í umhverfi þar sem er mikil umfjöllun eins og til dæmis hjá toppliðunum," segir Heimir sem nýtir sér Tryggva óspart þegar þarf að koma fram fyrir liðið. Tryggvi er þannig mun meira áberandi en fyrirliðinn Andri Ólafsson, sem hefur einnig átt frábært tímabil.

> „Það er þessi sigurvilji sem rekur hann [Tryggva] áfram því hann þolir ekki að tapa og þá ekki heldur á æfingu. Þetta smá saman smitast í hópinn í kringum hann.
>
> **HEIMIR HALLGRÍMSSON**
> ÞJÁLFARI ÍBV

### Látum hann taka viðtölin

„Núna látum við hann bara taka viðtölin því hann hefur gaman af því og er góður í viðtölum. Hann mun aldrei ofmetnast af því að fá að spjalla við sjónvarpið en einhverjir yngri strákar myndu ekki ráða við það. Það er einn af þessum þáttum sem mér finnst vera mjög sterkur hjá honum og jafnvel þó að það hafi verið skrifað illa um hann, að hann hafi verið að láta sig detta og svona, þá spilar hann bara betur," segir Heimir.

Tryggvi Guðmundsson hefur átt mjög flott tímabil. Hann er langt frá kominn heim til Eyja „til að deyja" eins og einhverjir héldu þegar hann skipti úr FH í fyrrahaust. Eins og staðan er núna er Tryggvi efstur í einkunnagjöf í Fréttablaðinu (6,85 í leik), hann er í 2. sæti (2.-6.) yfir markahæstu menn og í 2. sæti (2.-3.) í stoðsendingum.

„Ég hugsa að það sé einn af þeim þáttum sem gerðu það að verkum að hann er að standa sig vel. Það voru margir sem héldu að þetta yrði ekkert skemmtilegt tímabil fyrir Tryggva að koma út í Eyjar af því að það hefur ekki verið mikill uppgangur hjá okkur síðustu ár. Við vorum ákveðnir í að stefna hátt og við gerum það. Hann er stór þáttur í því að þetta er að ganga upp," segir Heimir.

Tryggvi hefur alls tekið þátt í 115 sigurleikjum í efstu deild og á möguleika á því að ná tveimur metum í deildinni. Tryggvi hefur skorað 114 mörk í 193 leikjum og vantar tólf mörk upp á að ná Inga Birni Albertssyni. Tryggvi hefur auk þess gefið sextíu stoðsendingar og vantar 27 til þess að ná methafanum Guðmundi Benediktssyni.

### Sex sigurleikir í röð

Eyjamenn eru búnir að vinna sex leiki í röð og Tryggvi hefur skorað 5 mörk og gefið tvær stoðsendingar í þeim. „Við erum rétt búnir að spila hálft mótið og það þýðir ekkert að búa til einhverjar skýjaborgir. Það er búinn að vera stöðuleiki í þessu hjá okkur og ég er ánægður með það. Tryggvi á svolítið mikinn þátt í því að við erum að halda stöðugleika því hann er ekki vanur öðru og hann er að kenna þessum þeyjum hvernig á að hugsa þegar maður í toppbaráttunni," sagði Heimir að lokum og það vill svo til að næsti leikur er einmitt á móti gömlu félögum Tryggva úr FH á Hásteinsvellinum á morgun.

**ooj@frettabladid.is**

### Sumarið 2010 hjá Tryggva

| | |
|---|---|
| **Maí** 5 leikir | 2 sigrar, 2 mörk, 2 stoðsendingar |
| **Júní** 4 leikir | 3 sigrar, 2 mörk, 1 stoðsending |
| **Júlí** 4 leikir | 4 sigrar, 3 mörk, 2 stoðsendingar |
| **Leikir - sigrar** | **13-9** (ÍBV er í 1. sæti) |
| **Meðaleinkunn hjá Fréttablaðinu** | **6,85** (1. sæti) |
| **Mörk skoruð** | **7** (2.-6. sæti) |
| **Stoðendingar** | **5** (2.-3. sæti) |
| **Þáttur í mörkum** | **12** (2. sæti) |

### Margt breytt á einu ári

**Eftir þrettán umferðir**

| | 2009 | 2010 | |
|---|---|---|---|
| FH | 11 | 6 | -5 |
| ÍBV | 3 | 9 | +6 |



### Tölur Tryggva síðustu níu tímabil á Íslandi

| | | |
|---|---|---|
| 1995 | ÍBV | 18 leikir (10 sigrar/14 mörk-5 stoðs.) |
| 1996 | ÍBV | 16 leikir (8/8-7) |
| 1997 | **ÍBV*** | 18 leikir (12/19-4) |
| 2005 | **FH*** | 17 leikir (15/16-4) |
| 2006 | **FH*** | 17 leikir (10/8-4) |
| 2007 | FH | 17 leikir (10/8-8) |
| 2008 | **FH*** | 21 leikur (14/12-13) |
| 2009 | **FH*** | 20 leikir (16/7-6) |
| 2010 | ÍBV | 13 leikir (9/7-5) |
| 1995-2010: | | 157 leikir (104/99-56) |

* Íslandsmeistari þetta sumar

Nú er rétti tíminn til framkvæmda:

# 100% endurgreiðsla

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

## á virðisaukaskatti af keyptri vinnu og allt að 300.000 kr. frádráttur frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

## Gæða-þakefni í BYKO!

### Íslensk framleiðsla í hæsta gæðaflokki.

Í BYKO færðu allar gerðir og liti af gæðaþakefni frá Vírneti í Borgarnesi á frábæru verði.



BYKO

EXPO · www.expo.is



**GYLFI ÞÓR** Formaður dómaranefndar KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýr dómari í A-flokk:

# Fasteignasali á KR-vellinum

**FÓTBOLTI** Guðmundur Ársæll Guðmundsson hefur verið hækkaður upp í A-hóp dómara en hann dæmir sinn fyrsta leik í Pepsi-deild karla annað kvöld þegar KR tekur á móti Stjörnunni. Guðmundur er 37 ára fasteignasali og dæmir fyrir Hauka.

„Það er verið að verðlauna hann fyrir góða frammistöðu í 1. deildinni og góða ástundun,“ segir Gylfi Þór Orrason, formaður dómaranefndar KSÍ. A-dómarar eru því orðnir tólf.

„Garðar Örn Hinriksson hætti eftir síðasta sumar og við ákváðum að bíða með að hækka mann í hans stað og sjá hvernig málin myndu þróast. Nú hafa þrír dómarar verið að glíma við meiðsli og aðrir í verkefnum erlendis svo við þurftum að bæta við,“ segir Gylfi.

Annars er Gylfi sáttur við dómgæsluna í sumar. „Ég er sérstaklega ánægður með hvernig hegðun í boðvangi er orðin betri. Eftir síðasta tímabil töldum við að leggja þyrfti áherslu á að bæta hana og það hefur tekist vel.“ - egm

Pepsi-deild karla hefst að nýju í kvöld eftir hlé með leik Breiðabliks og Vals:

# Menn voru skynsamir og héldu sig á þurru landi

**FÓTBOLTI** „Nú hefst ballið á ný og við fáum heldur betur prógramm eftir versló,“ segir Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals. Íslenski boltinn byrjar að rúlla á ný eftir hlé með leik Breiðabliks og Vals í Pepsi-deild karla í kvöld.

Það var æfing hjá Valsmönnum á sunnudaginn en annars segist Gunnlaugur ekki hafa haft mjög strangar reglur um verslunarmannahelgina. „Ég lagði áherslu á að menn yrðu í lagi á sunnudagsæfingunni og það gekk eftir.“

Valur hefur ekki unnið deildarleik síðan 14. júní og segir Gunnlaugur að sínir menn séu meðvitaðir um það. „Það er kominn nokkuð langur tími síðan við sigruðum og menn eru staðráðnir í því að fara í leikinn á morgun til að ná þeim sigri inn. Það er engin spurning.“

„Breiðablik hefur skorað flest mörk í deildinni og spilað skemmtilegasta boltann. Það er eitt af þeim liðum sem náði að vinna okkur í fyrri umferðinni og við verðum að kvitta fyrir það,“ segir Gunnlaugur.

Það eru allir tilbúnir í slaginn hjá Valsmönnum fyrir utan Reyni Leósson sem tekur út leikbann. Hjá Breiðabliki er meiðslalistinn einnig tómur en Guðmundur Pétursson og Olgeir Sigurgeirsson í banni.

Alfreð Finnbogason skoraði annað marka Kópavogsliðsins þegar það vann Val 2-0 á útivelli í fyrri umferðinni og vonast hann að sjálfsögðu eftir öðrum sigri í kvöld. „Þetta er tækifæri fyrir okkur að komast aftur á toppinn þar sem við eigum að vera.“



**Á FULLU** Alfreð Finnbogason og félagar hans í Breiðabliki mæta Valsmönnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Blikar eru þremur stigum á eftir toppliði ÍBV eftir að hafa tapað fyrir Fram í síðustu umferð. „Það koma alltaf einhver skakkaföll í 22 liða móti og við bjuggumst alveg við því. En nú erum við búnir að fá góða hvíld og ætlum að koma tilbúnir. Menn voru skynsamir um verslunarmannahelgina og héldu sig á þurru landi.“

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er Kristinn Jónsson, bakvörður Blikaliðsins, stoðsendingahæstur í deildinni. „Kristinn er búinn að spila frábærlega í sumar og er að mínu mati ekki búinn að fá nægilega athygli fyrir það. Þeir sem skora virðast alltaf fá alla athyglina. Hann er búinn að leggja upp nokkur á mig svo frammistaða hans hefur ekkert farið fram hjá mér,“ segir Alfreð. - egm



**FERNANDO TORRES** Segist hæstánægður í herbúðum Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fernando Torres:

# Hefur ekkert breyst hjá mér

**FÓTBOLTI Fernando Torres segir að afstaða sín gagnvart Liverpool hafi ekkert breyst frá því að hann gekk til liðs við félagið. Hann er enn staðráðinn í að spila með félaginu og vinna titla.**

**„Ég er virkilega ánægður með að vera kominn aftur,“ sagði Torres sem sneri aftur til æfinga hjá Liverpool sem heimsmeistari eftir frábært gengi Spánverja á HM í sumar.**

**Mikil óvissa var um framtíð hans eftir slæman árangur Liverpool á síðasta tímabili en Torres líst vel á liðið nú. „Þetta er besta félagið á Englandi og væntingarnar eru alltaf miklar. Það er stefnan hjá Liverpool að vinna alla titla. Þetta var erfitt á síðasta tímabili en ég er viss um að við getum bætt okkur á næsta,“ sagði Torres.** - esá




A-landslið karla valið:

## Eiður Smári aftur valinn

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen hefur aftur verið valinn í íslenska landsliðið og er hann í hópnum sem mætir Liechtenstein í vináttulandsleik þann 11. ágúst næstkomandi. Það er síðasti leikur Íslands fyrir undankeppni EM 2012 í haust. Grétar Rafn Steinsson snýr einnig aftur eftir meiðsli en báðir misstu af æfingaleiknum gegn Andorra í vor. Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari, valdi Eið Smára ekki þá þar sem hann taldi hann ekki í nægilega góðu formi.

Fjórir leikmenn í hópnum, þeir Gunnleifur Gunnleifsson, Arnór Sveinn Aðalsteinsson, Matthías Vilhjálmsson og Guðmundur Kristjánsson, leika með íslenskum liðum. Ekki náðist í Ólaf í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - esá

### Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Árni Gautur Arason | Odd Grenland |
| Gunnleifur Gunnleifsson | FH |
| **Varnarmenn:** | |
| Indriði Sigurðsson | Viking |
| Kristján Örn Sigurðsson | Hönefoss |
| Grétar Rafn Steinsson | Bolton |
| Ragnar Sigurðsson | IFK Gautaborg |
| Sölvi Geir Ottesen | FC Kaupmannahöfn |
| Arnór Sveinn Aðalsteinsson | Breiðabliki |
| **Miðvallarleikmenn** | |
| Aron Einar Gunnarsson | Coventry |
| Ólafur Ingi Skúlason | SönderjyskE |
| Arnór Smárason | Esbjerg |
| Rúrik Gíslason | OB |
| Steinþór Freyr Þorsteinsson | Örgryte |
| Matthías Vilhjálmsson | FH |
| Guðmundur Kristjánsson | Breiðabliki |
| **Sóknarmenn** | |
| Eiður Smári Guðjohnsen | AS Monaco |
| Heiðar Helguson | QPR |
| Veigar Páll Gunnarsson | Stabæk |

Íslenska 20 ára landsliðið vann tólf marka sigur á Frökkum í gær og mætir Dönum í mikilvægum leik í dag:

# Wilbek hristir hausinn yfir íslenska liðinu

**HANDBOLTI** Íslenska 20 ára landsliðið reif sig upp eftir tap á móti Portúgal með því að rassskella Frakka í gær og tryggði sér með því úrslitaleik á móti Dönum um sæti í undanúrslitum á Evrópumótinu í Slóvakíu. Íslenska liðið vann franska liðið 42-30 í gær á sama tíma og Portúgalir unnu Dani 29-28 sem þýðir að Ísland og Danmörk spila um undanúrslitasætið í dag.

Það er ekki á hverjum degi sem Íslendingar vinna Frakka í handboltanum eða hvað. „Við erum vanir að vinna þá reglulega. Þetta er þriðja stórmótið í röð þar sem við sláum þá út. Við áttum toppleik og strákarnir spiluðu alveg eins og englar. Við stýrðum þessum leik frá A til Ö. Frakkar áttu aldrei möguleika,“ sagði Einar Guðmundsson, annar þjálfara íslenska liðsins.

Íslenska liðið fór stigalaust inn í milliriðilinn eftir tap á móti Portúgal í lokaleik riðlakeppninnar.

„Portúgal vann Danmörk í dag (í gær) og þó þeir heiti Portúgal þá eru þeir mjög sterkir. Við byrjuðum mjög illa á móti þeim og lentum 7-1 undir en annars spiluðum við þann leik mjög vel. Við vorum þá hreinlega óheppnir að stela ekki sigrinum,“ sagði Einar.

Það var allt annað í gangi í byrjun leiksins í gær. „Ég fann það strax í upphitun að strákarnir væru virkilega stemmdir og ætluðu ekki að sleppa þessu tækifæri. Það er bara hálfleikur hjá okkur núna en síðan er bara að vinna Dani á morgun (í dag) og komast í undanúrslit,“ segir Einar. Portúgalarnir eru komnir áfram en það verður síðan annaðhvort Ísland eða Danmörk sem fylgir þeim.

„Danir eru sterkari en Frakkarnir og þeir eru mjög sterkir. Þeir eru með mjög góðan markmann og spila með sterka vörn. Það verður jafn leikur,“ segir Einar.

Aron Pálmarsson var markahæstur í íslenska liðinu með níu mörk og var valinn besti leikmaður íslenska liðsins í leiknum en markvörðurinn Arnór Stefánsson var einnig sjóðandi heitur og varði 19 skot á 50 mínútum.

„Varnarleikurinn, hraðaupphlaupin og markvarslan voru frábær í dag (í gær). Við höfum unnið mikið í varnarleik og hann er búinn að vera mjög góður á þessu móti. Við skorum alltaf 40 mörk. Við skoruðum reyndar bara 35 mörk á móti Portúgal en vorum þá með 20 tapaða bolta,“ segir Einar sem segir íslenska liðið hafa eignast þekktan aðdáanda á mótinu.

„Ulrik Wilbek (þjálfari A-landsliðs Dana) er hér með Dönunum og hann hristir bara hausinn yfir Íslendingunum því hann segir að Íslendingarnir skori alltaf svo rosalega mikið í sínum leikjum. Hann hafði voðalega gaman af að horfa á okkur og var voðalega jákvæður gagnvart okkur,“ segir Einar og ekki að ástæðulausu því hraðinn er mikill í leik íslenska liðsins.

„Þetta lið er búið að vera lengi saman og leikmenn þekkja hver annan út og inn. Þetta eru mjög hraðir leikmenn og þegar við náum þessum takti þá erum við illviðráðanlegir,“ segir Einar og hann hefur engar áhyggjur af þreytu í liðinu því þeim hafi tekist að stjórna álaginu vel.

Einar er líka bjartsýnn fyrir leikinn í dag enda spili strákarnir hans alltaf best þegar allt er undir.

„Þeir spiluðu einn sinn besta leik á móti Frökkum og það er oft með þetta lið að þeir eru bestir þegar það skiptir máli. Við erum oft að merja einhver léleg lið en þegar það er komin einhver alvara í þetta þá geta þeir allt,“ sagði Einar.

Leikur Íslands og Danmerkur hefst klukkan 12.00 að íslenskum tíma og er í beinni útsendingu á heimasíðu mótsins.

-óój



**ULRIK WILBEK** Er hrifinn að íslenska 20 ára landsliðinu. MYND/ GETTY IMAGES



**ARON PÁLMARSSON** Skoraði níu mörk í gær og var valinn besti leikmaður liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Fjórfaldur 1. vinningur

440.000.000
+260.000.000

00.000

Fyrsti vinningur stefnir í 440 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 260 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 4. ÁGÚST 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

## > Leighton Meester

„Fólk segir að blondínur skemmti sér betur. Ég held að það fari alls ekki eftir háralitnum hvort þú skemmtir þér vel, heldur hvernig þér líður. Ég held því fram að einstaklingurinn ráði fjörinu.“

*Leighton Meester, sem er fædd ljóshærð, fer með eitt aðalhlutverkanna í Gossip Girl, sem er á dagskrá Stöð 2 í kvöld kl. 20.10.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS ÞORLÁKUR LÚÐVÍKSSON OG SAGNFRÆÐISJÓNVARP

# Of áhugaverð sjónvarpsstöð

Sjónvarpsstöð ein heitir History en bar áður nafnið History Channel. Eins og nafnið gefur til kynna er umfjöllunarefni stöðvarinnar mannkynssaga og leggur hún metnað sinn í leiknar heimildarmyndir um söguleg efni.

Ég hef ekki haft aðgang að þessari sjónvarpsstöð lengi en þar eð ég er annálaður áhugamaður um mannkynssögu var stöðin fljót að falla í kramið. Það kom hins vegar fljótt upp vandamál. Í hvert sinn sem ég freistaðist til þess að kveikja á sjónvarpinu og fletta í gegnum stöðvalistann stoppaði ég undantekningalaust við History. Það var bókstaflega alltaf verið að sýna eitthvað áhugavert á stöðinni og þá skipti engu máli hvort klukkan var átta að kvöldi eða átta að morgni. Þáttur um leynilegar aðgerðir bandamanna í seinni heimsstyrjöldinni, þáttaröð um ris og fall Spartverja, þáttur um hvort vírus utan úr geimnum gæti útrýmt mannkyninu eða þáttur um það hvort Lee Harvey Oswald drap John F. Kennedy í alvörunni.

Ég er ekki mikið fyrir það að glápa á sjónvarpið en ég var skyndilega kominn í þá stöðu að ef ég kveikti á sjónvarpinu var ég allt eins vís til þess að festast fyrir framan það í marga tíma og það vildi ég ekki.



Nú voru góð ráð dýr. Ég tók stöðina út af stöðvalistanum sem ég notast við en það hjálpaði ekki. Ég var farinn að velta því fyrir mér hvort ég þyrfti einfaldlega að læsa stöðinni með barnalæsingunni á myndlyklinum þegar vandamálið skyndilega leysti sig sjálft mér til mikils léttis. Stöðin fór nefnilega að endursýna alla þættina sína þannig að þegar ég kveikti á henni var verið að sýna þætti sem ég hafði þegar séð. Ég hafði ekki áttað mig á þessu en auðvitað var það bara tímaspursmál hvenær þetta gerðist, sjónvarpsstöð sem sýnir tólf klukkutímalangar heimildarmyndir á dag hlýtur að verða uppiskroppa með efni fyrr eða seinna og fara að endursýna og það bjargaði mér frá ævarandi sjónvarpsfíkn.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ 19.25 The Doctors STÖÐ2 EXTRA



▶ 20.00 The Naked Gun STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.10 Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ 20.10 Gossip Girl STÖÐ 2



▶ 21.55 Life SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Landið í lifandi myndum - Á hala veraldar 1** (1:5) Þáttaröð eftir Stein-þór Birgisson. Frá 1997.

**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Álftanes og Álftanesfjörur** (5:24) Þáttaröð eftir Magnús Magnússon. Þættirnir voru gerðir á árunum 1993 til 1998.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var... jörðin (17:26)**

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Alvöru dreki (49:52)**

**18.24 Sígildar teiknimyndir (19:26)**

**18.30 Finnbogi og Felix (5:12)**

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Ljóta Betty** (70:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.

**20.55 Fornleifafundir** (3:6) (Bonekickers) Breskur spennumyndaflokkur. Fornleifafræðingar frá Háskólanum í Bath grafa eftir merkum minjum og eiga í höggi við misindismenn.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Dieter Roth (Dieter Roth Puzzle)** Heimildarmynd eftir Hilmar Oddsson um myndlistarmanninn Dieter Roth. (e)

**00.10 Kastljós** (e)

**00.40 Fréttir (e)**

**00.50 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Mermaids**

**10.00 Dumb and Dumber**

**12.00 Hoodwinked**

**14.00 Mermaids**

**16.00 Dumb and Dumber**

**18.00 Hoodwinked**

▶**20.00 The Naked Gun**

**22.00 The Hand That Rocks the Cradle**

**00.00 Piccadilly Jim**

**02.00 A Touch of Spice**

**04.00 The Hand That Rocks the Cradle**

**06.00 The Mermaid Chair**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Maularinn

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Auddi og Sveppi**

**11.00 Tim Gunn's Guide to Style** (3:8)

**11.45 Grey's Anatomy** (8:17)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 E.R.** (10:22)

**13.50 Ghost Whisperer** (7:23)

**14.45 Ally McBeal** (19:22)

**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Brunabílarnir, Maularinn

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (9:20)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (13:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (11:20)

▶**20.10 Gossip Girl** (19:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.55 Mercy** (15:22)

**21.40 Meteor** Seinni hluti æsispennandi framhaldsmyndar og fjallar um þær skelfilegu afleiðingar sem bíða mannkynsins þegar jörðin verður fyrir meiriháttar loftsteinaregni.

**23.15 The Closer** (5:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.

**00.00 The Forgotten** (2:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.

**00.45 The Wire** (9:10)

**01.40 X-Files** (10:24)

**02.25 Grey's Anatomy** (8:17)

**03.10 E.R.** (10:22)

**03.55 Sjáðu**

**04.25 Mercy** (15:22)

**05.10 The Simpsons** (9:20)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Rey Cup** Sýnt frá Rey Cup mótinu en mótið er alþjóðlegt og öttu kappi framtíðar knattspyrnumenn og konur á íþróttasvæði Þróttar í Laugardal.

**18.50 Greenbrier Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

**19.45 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífstíl og matarmennsku í veiði.

**20.15 Atl. Madrid - Fulham** Útsending frá úrslitaleiknum í Evrópudeildinni í knattspyrnu þar sem mættust Atletico Madrid og Fulham.

**22.45 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni verður farið til Barcelona þar sem pókermenningin er í hávegum höfð.

**23.40 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.25 Football Legends - Van Basten** Nú er röðin komin af Marco Van Basten sem af mörgum var talinn einn besti framherji heims.

**15.55 Hamburg - Chelsea** Bein útsending frá vináttuleik Hamburg og Chelsea

**17.55 Borussia Dortmund - Man. City** Bein útsending frá vináttuleik Borussia Dortmund og Man. City

**20.00 Season Preview** Hitað upp fyrir komandi tímabil í ensku knattspyrnunni. Eftirminnileg atriði skoðuð, mörkin og allt milli himins og jarðar um ensku úrvalsdeildina.

**20.30 Hamburg - Chelsea** Sýnt frá leik Hamburg og Chelsea.

**22.15 Borussia Dortmund - Man. Citys** Sýnt frá leik Borussia Dortmund og Man. City.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dynasty** (4:30) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.30 Bass Fishing** (8:8) (e)

**17.15 Dynasty** (5:30)

**18.00 Rachael Ray**

**18.45 Girlfriends** (18:22) (e)

**19.05 Still Standing** (10:20) (e)

**19.30 Sumarhvellurinn** (8:9) Fjörugur skemmtiþáttur þar sem allt getur gerst. Útvarpsstöðin Kaninn er á ferð og flugi um landið í sumar og stendur fyrir skemmtilegum viðburðum með þekktum tónlistarmönnum, skemmtikröftum og tilheyrandi glensi og gleði.

**19.55 King of Queens** (21:23) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

**20.20 Top Chef** (10:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.

**21.05 How To Look Good Naked 4** (3:12) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri að hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar.

▶**21.55 Life** (16:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Law & Order** (14:22) (e)

**00.20 The Cleaner** (7:13) (e)

**01.05 King of Queens** (21:23) (e)

**01.30 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Rvk-Vestmannaeyjar-Rvk** ÍNN fer flugleiðis til Eyja.

**20.30 Mótoring** Sjóðheitar fréttir úr mótorhjólaheiminum.

**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson, Friðrik Eysteinsson og gestir skoða markaðsmál og auglýsingamál í þaula.

**21.30 Eru þeir að fá hann?** Allt um veiði sumarsins Umsjón Gunnar Bender, Leifur Benediktsson og Aron Leifsson.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55



**Mercy**

Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New-Jersey. Þær eru allar einhleypar eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju enda verja þær alltof miklum tíma í vinnunni þar sem baráttan upp á líf og dauða er daglegt brauð.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Closer
### Stöð 2 kl. 23.15

Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson sem ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Anton Tsjekov: Maðurinn og verk hans
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Gatsby hinn mikli
**22.10** Orð kvöldsins
**22.13** Í faðmi dalsins
**23.05** Prússland - Ris og fall járnríkis
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

▶**19.25 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (8:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Cougar Town** (8:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda að hennar mati engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.

**22.10 Meteor** Fyrri hluti æsispennandi framhaldsmyndar og fjallar um þær skelfilegu afleiðingar sem bíða mannkynsins þegar jörðin verður fyrir meiriháttar loftsteinaregni. Skiptir engu þótt bandaríski herinn stígi fram og geri veika tilraun til að bjarga því sem bjargað verður með því að miða öflugum kjarnorkusprengjum á loftsteinana, þeir eru of öflugir og of margir.

**23.45 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart.

**00.10 The Doctors**

**00.55 Falcon Crest II** (8:22)

**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** ,Allo ,Allo! **12.30** ,Allo ,Allo! **13.00** My Family **13.30** My Family **14.00** Last of the Summer Wine **14.35** Dalziel and Pascoe **15.25** The Weakest Link **16.10** EastEnders **16.40** Monarch of the Glen **17.30** ,Allo ,Allo! **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** The Green, Green Grass **19.00** Mighty Boosh **19.30** Tess of the D'Urbervilles **20.25** The Green Green Grass **20.55** Whose Line Is It Anyway? **21.20** Dalziel and Pascoe **22.10** Primeval **22.55** ,Allo ,Allo! **23.25** Whose Line Is It Anyway? **23.50** The Green, Green Grass

## DR 1

**12.00** Så for sommer **12.30** Med livet i hænderne **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.05** Sommerminder **13.35** Forsvundne Danskere **14.05** Radiserne **14.30** Caspers skræmmeskole **14.55** Hyrdehunden Molly **15.05** Peter Pedal **15.30** Mathias skal i skole **16.00** Den lille forskel **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge direkte **18.30** Diagnose soges **19.00** TV Avisen **19.25** Post Danmark Rundt 2010 **19.50** Bibelmysteriet **21.25** Onsdags Lotto **21.30** Jordskælv i Haiti **22.25** Naruto Uncut **22.45** Naruto Uncut

## NRK 1

**16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Munter mat **18.00** Landsskytterstevnet **18.20** Luftambulansen **18.50** Vikinglotto **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** House **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Jonathan Carlisle? **22.00** Höök **23.00** Höök **23.45** Svisj gull

## SVT 1

**12.45** Cimarron Strip. Legenden om Jud Starr **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Såna är mammor **15.25** Cleo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** AnneMat **17.15** Din plats i historien **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** Livvakterna **20.00** Nip/Tuck **20.45** Morden i Midsomer **22.15** Hotellet **23.00** Undercover Boss **23.45** Antikens försvunna städer




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## ÞYNNKUBANINN



*„Ég verð rosalega þunn sjálf en fyrir mig er það að vera stabíll í drykkju að fá sér vel að borða áður en maður fer að sofa.“*

Sigríður Garðarsdóttir puttalingur



**LÁRÉTT**
**2.** bjálfi, **6.** mannþvaga, **8.** rá, **9.** tal, **11.** samanburðartenging, **12.** eggjarauða, **14.** gleði, **16.** í röð, **17.** þrí, **18.** tæki, **20.** til, **21.** frumeind.

**LÓÐRÉTT**
**1.** magi, **3.** klaki, **4.** brjósthimna, **5.** gæfa, **7.** sáluhjálp, **10.** uppistaða, **13.** fæðu, **15.** hlið, **16.** svif, **19.** fíngerð líkamshár.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** fífl, **6.** ös, **8.** slá, **9.** mál, **11.** en, **12.** blómi, **14.** unaðs, **16.** áb, **17.** trí, **18.** tól, **20.** að, **21.** atóm.
**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** ís, **4.** fleiðra, **5.** lán, **7.** sálubót, **10.** lón, **13.** mat, **15.** síða, **16.** áta, **19.** ló.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 470 þúsund krónur á mánuði.
2. Á þarnæsta ári, 2012.
3. Um 16 þúsund manns.









# Spila á brasilískri tónlistarhátíð

Hljómsveitin Sin Fang, sem áður hét Sin Fang Bous, spilar á tónlistarhátíð í Brasilíu 6. og 8. ágúst. Hátíðin nefnist Rojo-Nova og fer fram í borginni Sao Paulo.

„Tónleikarnir eru í listasafni. Þetta er hátíð sem er í gangi í mánuð,“ segir Sindri Már Sigfússon, sem er einnig forsprakki hljómsveitarinnar Seabear. Sóley Stefánsdóttir úr Seabear kemur einnig fram á hátíðinni en hún, Seabeaer og Sin Fang eru á mála hjá þýska útgáfufyrirtækinu Morr Music. „Það var haft samband við plötufyrirtækið sem ég og Sóley erum hjá. Þeir vildu fá einhverja hljómsveit frá Morr,“ útskýrir Sindri, sem var staddur í Englandi á leiðinni út þegar blaðamaður ræddi við hann.

Sindri hlakkar til tónleikanna en flugið í gær var samt ekkert til að hrópa húrra yfir. „Þetta eru einhverjir tíu eða ellefu tímar. Við vorum að skoða þetta á landakorti og þetta er rétt hjá Afríku. En það hefur enginn af okkur nokkurn tímann komið til Suður-Ameríku þannig að þetta er dálítið spennandi.“

Hópurinn kemur aftur heim á mánudaginn og fer síðan strax aftur til Evrópu þar sem Seabear mun spila á nokkrum tónlistarhátíðum. Hljóðblöndun á annarri plötu Sin Fang fer síðan fram um miðjan september og er platan væntanleg í búðir fyrir jól.

En hvers vegna styttirðu nafnið í Sin Fang? „Ég veit það ekki. Þetta gerðist bara að sjálfu sér. Það er enginn Bous þannig að þetta datt bara út. Þetta var of flókið.“ - fb



**SINDRI MÁR** Sindri Már Sigfússon kemur fram sem Sin Fang á tónlistarhátíð í Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**NÝTT STARF** Auður Alfífa Ketilsdóttir, sem er nýráðin ritstjóri Stúdentablaðsins ætlar að sjá háskólanemum fyrir skemmtilegu lestrarefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**AUÐUR ALFÍFA KETILSDÓTTIR:** VONA AÐ ÞAÐ VERÐI FEMINÍSK SLAGSÍÐA

# Ætlar að stýra pólitísku og gagnrýnu Stúdentablaði

„Ég fór í atvinnuviðtal í byrjun sumars og fékk svo að vita að ég væri ráðin fyrir stuttu,“ segir Auður Alfífa Ketilsdóttir, sem er nýráðin ritstjóri Stúdentablaðsins, en þegar Fréttablaðið náði af henni tali var hún að koma til Reykjavíkur eftir sumarlanga dvöl í Reykjarfirði á Hornströndum án síma og netsambands.

„Aðstandendur Stúdentaráðs hringdu bara í NMT-símann hans pabba til að ná í mig og færa mér þessar gleðifregnir,“ segir Fífa, eins og hún er alla jafna kölluð. Hún hlakkar til að takast á við starfið sem hún tekur formlega við þann fyrsta september næstkomandi.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Fífa vinnur við fjölmiðlun en hún starfaði um tíma sem blaðamaður á dagblaðinu 24 stundum og var annar umsjónarmaður þáttarins Óþekkt á sjónvarpsstöðinni NFS. Þátturinn var spjallþáttur með femínínsku ívafi sem Fífa sá um ásamt Kristínu Tómasdóttur, vinkonu sinni. „Ég hef áhuga á því að vinna í fjölmiðlum enda finnst mér gaman að geta látið í mér heyra og viðrað mínar skoðanir.“

Aðspurð hvort feminísk slagsíða verði á Stúdentablaðinu undir hennar stjórn stendur ekki á svari. „Ja, ég ætla rétt að vona það. Það hefur verið svo gegnum tíðina að ritstjórar hafa getað mótað blaðið eftir sinni hugsjón og það er nú þannig að feminíska sjónarhornið smitast út í allt sem maður gerir og segir. Það verða allavega jöfn kynjahlutföll í ritstjórninni,“ segir Fífa og bætir við hlæjandi að hún voni að blaðið taki ekki allt í einu á sig einhverja karlrembumynd. „Það væri falleinkunn fyrir mig.“

Fífa er enn sem komið er ekki búin að ráða til sín ritstjórn en fer í það á næstu vikum. „Ég er enginn allsráðandi á blaðinu og vil vinna með skemmtilegu og kúl fólki sem er með góðar hugmyndir,“ segir hún og auglýsir hér með eftir fólki innan háskólasamfélagsins til að sækja um að starfa við blaðið.

Fífa er ekki alveg búin að móta stefnu Stúdentablaðsins enn þá en það er í bígerð „Ég er með skjal í tölvunni minni sem heitir Hugmyndir fyrir stúdentablað. Það eru nokkrar línur komnar á blað,“ segir Fífa dularfull en viðurkennir að hún vilji að blaðið verði pólitískt og gagnrýnið og að háskólasamfélagið verði í brennidepli. „Þetta verður samt ekki leiðinlegt blað,“ lofar Fífa við að lokum.

alfrun@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónleikar **Ragga Bjarna** og hljómsveitarinnar Retro Stefson á Innipúkanum tókust með miklum ágætum. Fyrst var talið í gamla Ragga Bjarna-slagarann Vertu ekki að horfa og eftir það söng Raggi Smells Like Teen Spirit í útgáfu Milljónamæringanna ásamt fleiri góðum lögum. Eftir uppklapp var síðan komið að laginu Ó, vertu sæt við mig, sem sló rækilega í gegn á meðal „púkanna“.

Hreystimennið og rithöfundurinn **Þorgrímur Þráinsson** auglýsti eftir starfi almannatengils á Facebook-síðu sinni á dögunum. Færslan birtist á sama tíma og fregnir bárust af háum launum almannatengla hér á landi í tengslum við útgáfu álagningarseðilsins og því um góðlátlegt grín að ræða hjá Þorgrími. Sannleikurinn er sá að kappinn hefur í nógu að snúast þessa dagana og er með verkefni fram á mitt næsta ár. Hann þarf því ekki að hafa áhyggjur af atvinnuleysi á næstunni.



Fréttir af umdeildri skipun Runólfs Ágústssonar í starf umboðsmanns skuldara hafa teygt sig til Danmerkur. Þar er veitingamaðurinn **Friðrik Weisshappel** afar ósáttur og raunar svo ósáttur að hann sendi Árna Páli Árnasyni félagsmálaráðherra tölvupóst þar sem hann sagði ráðninguna lykta af pólitískri greiðasemi. „Ég hef verið harður stuðningsmaður stjórnarinnar en er geysilega vonsvikinn með þessa ráðningu sem sýnir að mínu mati að lítið hefur breyst,“ sagði Friðrik í bréfinu og bætti við að allir sem hann talaði við um málið í ferð sinni til Íslands á dögunum hefðu verið á sama máli. - fb / afb



# Bjóða upp á kaffi í stað súpu á Fiskideginum

„Mér líður eins og föðurlandssvikara að vera ekki með súpu. Mér finnst eins og það sé nánast þegnskylda að gera þetta,“ segir Svanhildur Hólm, framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

Hún og eiginmaður hennar, sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann Eiðsson, ætla ekki að bjóða almenningi upp á fiskisúpu á föstudaginn, kvöldið fyrir Fiskidaginn mikla á Dalvík. Í staðinn ætla þau að bjóða gestum upp á kaffi, auk þess sem hljómsveitin Hvanndalsbræður kemur í heimsókn, eins og undanfarin ár. Og núna verður sjálfur Magni Ásgeirsson með þeim í för.

Svanhildur og Logi eignuðust dótturina Hrafnhildi fyrir fjórum mánuðum og hún þarf á óskiptri athygli þeirra að halda í ár. „Hrafnhildur er bara fjögurra mánaða og þetta er alveg þriggja daga vinna,“ segir Svanhildur, sem fékk um eitt þúsund manns í heimsókn í fyrra. Þá eldaði hún um 150 lítra af fiskisúpu fyrir glorsoltna gestina. „Við höfum gert þetta síðan við keyptum okkur hús á Dalvík. Við komumst að þeirri niðurstöðu að ef við ætluðum einhvern tímann að sleppa þessu þá væri það árið sem við værum með fjögurra mánaða dóttur,“ segir hún.

Svanhildur ætlar reyndar að elda fiskisúpu þennan dag en aðeins fyrir nána vini og ættingja. „Við verðum með gesti úti í garði sem ég hef venjulega séð minna af og aðallega þá til að ná í skottið á þeim til að láta þá brytja niður grænmetið. Núna ætla ég að gefa fólki að borða og tala við það,“ segir hún. „Ég læt mig jafnvel dreyma um að smakka fiskisúpu í öðrum húsum því það er fullt af fólki sem býr líka til fiskisúpu sem ég hef aldrei farið til.“ - fb



**ENGIN FISKISÚPA Í ÁR** Svanhildur Hólm og Logi Bergmann leyfa gestum að smakka fiskisúpuna sína. Almenningur fær ekki að njóta súpunnar í ár.

# Viltu vinna iPad?

## SMS LEIKUR

Taktu þátt!




10. hver vinnur!

Aðalvinningur er
**iPad + árs áskrift af Tónlist.is**

**Sendu SMS EST PAD á númerið 1900. Þú færð spurningu sem þú svarar með því að senda SMS EST A, B eða C á númerið 1900.**

Geggjaðir aukavinningar: GSM símar · Bíómiðar á 22 Bullets (Frumsýnd 4. ágúst) · Fullt af gosi · DVD · Tölvuleikir og margt fleira




ELKO

*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum 27. ágúst 2010. Vinningar verða afhendir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu komin/n í SMS klúbb. 199 kr/SMS-ið. Þú færð 5 mín. til að svara spurningu. Leik líkur 27.ágúst 2010.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vantar 400 manns í mynd með Ladda

Tökur á fjölskyldumyndinni L7: Hrafnar, Sóleyjar og Myrra standa nú yfir í Hafnarfirði. Á morgun fimmtudag verður tekið upp risastórt hópatriði við Bókasafn Hafnarfjarðar og nú leita aðstandendur myndarinnar að 400 manns til að taka þátt í atriðinu. Upptökur hefjast klukkan 18 og áætlað er að þær standi í tvo tíma. Sviðsett verður fjölskylduhátíð á þjóðhátíðardaginn 17. júní og er sérstök áhersla lögð á að fullorðið fólk á aldrinum 23 til 90 ára mæti á svæðið. Myndin skartar leikurum á borð við **Ladda**, Eddu Björgvins, Magnús Ólafsson og fleiri.



### Gunnar sultuslakur

**Gunnar Þorsteinsson** í Krossinum brá sér í Bláa lónið á sunnudeginum fyrir frídag verslunarmanna. Sótti hann Lónið heim til að slaka aðeins á og safna kröftum fyrir síðasta dag Kotmóts hvítasunnumanna í Stykkishólmi. Gunnar segist á Facebook-síðu sinni vera „sultuslakur og klár í hvíld," eftir heimsókn sína í Bláa lónið á sunnudagskvöld. Hann vonar jafnframt á síðu sinni að „ófarir þeirra sem eru að sukka vítt og breitt um landið verði ekki miklar," og segir að „sumir vina hans séu í raun óvinir ..."



**- afb, sv**

## Mest lesið VÍSIR.IS


1. Sjö ára strák líkt við Monet, langur biðlisti eftir verkum hans
2. Villtust naktar í skógarferð
3. Hákarl synti upp á baðströndina -myndband
4. Þaulvanur sauðaþjófur á ferð
5. Ekki fyrir lofthrædda
6. Fertug kona tekin full að keyra í Reykjavík



Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.


